

Ársrit
Bandalags íslenskra leikfélaga
2007-2008



Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2007–2008

Efnisyfirlit:

- 5 Leiðari; Þorgeir Tryggvason
- 6 Aðildarfélög
- 7 Stjórn, starfsmenn, nefndir
- 8 Leiklistarskólinn; júní og október 2007
- 12 Suðupottur reynslu og leyndarmála; Hrefna Friðriksdóttir
- 13 Fundargerðir stjórnarfunda 2007–8
- 20 Fundargerð aðalfundar 2008
- 33 Allt fyrir andann
- 34 Ársreikningur 2007
- 42 Lög Bandalags íslenskra leikfélaga
- 44 Menningarstefna
- 45 Margt smátt 2007
- 48 Athyglisverðasta áhugaleiksýningin, val Þjóðleikhússins 2008
- 50 Verkefni aðildarfélaganna og skýrslur stjórnna
- 76 Leiklistarhátíð IATA í S-Kóreu; ýmsir höfundar
- 86 Fundir og hátíð í S-Kóreu; Vilborg Á. Valgarðsdóttir
- 91 Leikið í Litháen; Guðfinna Gunnarsdóttir
- 93 Danir í heimsókn hjá Leikfélagi Húsavíkur; Halla Rún Tryggvadóttir
- 94 Hugleikur í Västerås; Júlía Hannam

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Þorgeir Tryggvason
 Ingólfur Þórsson
 Þórvör Embla Guðmundsdóttir
 Hörður Sigurðarson
 Guðfinna Gunnarsdóttir

Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Prófarkalestur:

Sævar Sigurgeirsson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Rangæinga á Sögunni um Svein sáluga Sveinsson í Spjör og samsveitunga hans.

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga
 Kt. 440169-0239
 Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík
 Símar: 551 6974 og 562 2944
 Fax: 562 2984
 Netfang: info@leiklist.is
 Veffang: www.leiklist.is



Laugavegur 96



Suðurlandsbraut 16

Leiðari

Alþjóðasamstarf á tímamótum

Norrænt samstarf áhugaleikhúsfólks stendur nú á tímamótum. Frá og með næstu áramótum hættir Norðurlandaráð að leggja Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, til rekstrarfé. Áfram verður hægt að sækja um stuðning við einstök verkefni, en stuðningur við samfellda starfsemi á vettvangi NAR heyrir sögunni til.

Þetta eru vitaskuld mikil tíðindi. Norræna áhugaleikhúsráðið er eitthvert öflugasta svæðisbandalag heims á sviði áhugaleikhússins, þó að með auknu samstarfi við Eystrasaltslöndin hafi bandalag norrænna og baltneskra samtaka, NEATA, tekið við formlegu hlutverki NAR á vettvangi alþjóðasamtakanna. Fyrir íslenskt áhugaleikhús skiptir mestu máli að aðgangur að ferðastyrkjum fyrir leikhópa versnar til muna, en gestaleikjastyrkir NAR hafa myndað hryggjarstykkið í fjáröflun leikhópa sem haldið hafa utan undanfarin ár.



Þorgeir Tryggvason

Norræn og alþjóðleg samvinna hefur löngum verið eitt af viðfangsefnum áhugaleikhúshreyfingarinnar hér. Þessi þáttur starfseminnar hefur iðulega mætt gagnrýni og margt glöggskyggt fólk efast um mikilvægið og viljað draga úr vægi hans.

Við sem höfum kosið að nýta okkur möguleika á ferðalögum og heimsóknum á erlendar leiklistarhátíðir vitum hins vegar hversu gífurleg vítamínsprauta það er að blanda geði og skiptast á listrænum upplifunum við fólk úr öðru umhverfi og menningarheimum sem deilir með okkur þessari ástríðu. Ekki spillir hve íslenskum sýningum er einatt vel fagnað, hve hátt við erum skrifuð á listræna skalanum hjá því fólki sem sér okkar framlög.

Vonandi lifir þetta samstarf af þessa breyttu skipan og þrengri stakk. Og vonandi mun leiklistarhátíðin sem Bandalag íslenskra leikfélaga mun halda á Akureyri sumarið 2010 á vegum NEATA kynna dásemdir alþjóðlegrar samvinnu áhugaleikara fyrir fleira fólki og gera okkur þar með enn öflugri í þessari skemmtilegu hlið starfseminnar.

Þorgeir Tryggvason, formaður
Bandalags íslenskra leikfélaga

Aðildarfélög BÍL leikárið 2007–2008

<i>Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði</i>	<i>Leikfélagið Baldur, Bíldudal</i>
<i>Halaleikhópurinn, Reykjavík</i>	<i>Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi</i>
<i>Hugleikur, Reykjavík</i>	<i>Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri</i>
<i>Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi</i>	<i>Leikfélagið M.a.s., Mosfellsbæ</i>
<i>Leikfélag Blönduóss</i>	<i>Leikfélagið Peðið, Reykjavík</i>
<i>Leikfélag Dalvíkur</i>	<i>Leikfélagið Sýnir, á landsvísu</i>
<i>Leikfélag Djúpavogs</i>	<i>Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra</i>
<i>Leikfélag Fljótsdalshéraðs</i>	<i>Leikflokkurinn Hvammstanga</i>
<i>Leikfélag Hafnarfjarðar</i>	<i>Leikhópurinn Lopi, Hornafirði</i>
<i>Leikfélag Hofsóss</i>	<i>Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði</i>
<i>Leikfélag Hornafjarðar</i>	<i>Leikklúbburinn Krafla, Hrísey</i>
<i>Leikfélag Hólmanvíkur</i>	<i>Leikklúbburinn Saga, Akureyri</i>
<i>Leikfélag Húsavíkur</i>	<i>Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg</i>
<i>Leikfélag Hveragerðis</i>	<i>Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar</i>
<i>Leikfélag Hörgdæla</i>	<i>Leiklistarfélag Seltjarnarness</i>
<i>Leikfélag Keflavíkur</i>	<i>Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði</i>
<i>Leikfélag Kópavogs</i>	<i>Litli leikklúbburinn, Ísafirði</i>
<i>Leikfélag Mosfellssveitar</i>	<i>Nafnlausir leikhópurinn, Kópavogi</i>
<i>Leikfélag Ólafsfjarðar</i>	<i>Reykvíska listaleikhúsið, Reykjavík</i>
<i>Leikfélag Ólafsvíkur</i>	<i>Skagaleikflokkurinn, Akranesi</i>
<i>Leikfélag Patreksfjarðar</i>	<i>Snúður og Snælda, Reykjavík</i>
<i>Leikfélag Rangæinga</i>	<i>Sólheimaleikhúsið, Grímsnesi</i>
<i>Leikfélag Raufarhafnar</i>	<i>Stúdentalleikhúsið, Reykjavík</i>
<i>Leikfélag Reyðarfjarðar</i>	<i>Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri</i>
<i>Leikfélag Sauðárkróks</i>	<i>Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð</i>
<i>Leikfélag Selfóss</i>	<i>Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal</i>
<i>Leikfélag Seyðisfjarðar</i>	<i>Umf. Efling leikdeild, Reykjadal</i>
<i>Leikfélag Siglufjarðar</i>	<i>Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri</i>
<i>Leikfélag Vestmannaeyja</i>	<i>Umf. Reykdæla, Reykholti</i>
<i>Leikfélag Þórshafnar</i>	<i>Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi</i>
<i>Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn</i>	<i>Umf. Stafholtstungna, leikdeild, Norðurárdal</i>

Stjórn, starfsmenn og nefndir



Meðstjórnandi og
nefnd um Margt smátt
Hrunn Ólafsdóttir
Kópavogi



Varaformaður, vefnefnd og
nefnd um NEATA-hátið
Lárus H. Vilhjálmsson
Hafnarfirði



Formaður, söguritunarnefnd,
lagabreytingarnefnd og
nefnd um NEATA-hátið
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík



Ritari og
nefnd um búningasafn
P. Embla Guðmundsdóttir
Reykholli



Meðstjórnandi og
nefnd um NEATA-hátið
Ingólfur Þórsson
Akureyri



Varastjórn og
nefnd um Margt smátt
Hjalti St. Kristjánsson
Reykjavík



Varastjórn og
nefnd um Margt smátt
Ólöf Þórdardóttir
Mosfellsbæ



Varastjórn og
lagabreytingarnefnd
Guðfína Gunnarsdóttir
Selfossi



Varastjórn
Margrét Tryggvadóttir
Hvolsvelli



Varastjórn, ritari skrifstofu,
vefnefnd, nefnd um leikritasafn og
nefnd um Margt smátt
Ármann Guðmundsson
Reykjavík



Ritari skrifstofu
Lára Sigurjónsdóttir
Reykjavík



Frankvæmdastjóri
Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Reykjavík



Lénsherra
Hörður Sigurðarson
Reykjavík



Skólanefnd
Sigríður Karlsdóttir
Selfossi



Skólanefnd
Gunnhildur Sigurðardóttir
Mosfellsbæ



Skólastýra og
nefnd um leikritasafn
Hrefna Friðriksdóttir
Reykjavík



Skólastýra og
nefnd um búningasafn
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík



Skólanefnd
Herdís Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ



Nefnd um leikritasafn
Örn Alexandersson
Reykjavík



Nefnd um NEATA-hátið
Guðrún Halla Jónsdóttir
Selfossi



Ritstjóri sögu BÍL
Bjarni Guðmarsson
Kópavogi



Söguritunarnefnd
Einar Guðni Njálsson
Kópavogi



Söguritunarnefnd
Sigrún Valbergsdóttir
Reykjavík

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Skólinn starfaði að Húsabakka í Svarfaðardal í ellefta sinn dagana 9. til 17. júní 2007. Þar voru haldin 3 námskeið; sérnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Egill Heiðar Anton Pálsson, byrjendanámskeið fyrir leikara, kennari Ágústa Skúladóttir og sérnámskeið fyrir leikara, kennari Stephen Harper.

Nýjar skólastýrur, þær Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir, voru kennurum og nemendum til halds og trausts á Húsabakka, en Gunnhildur og Sírý kvöddu árið áður eftir 10 ára starf.

Einnig var haldið byrjendanámskeið í leikhúsförðun dagana 13. til 15. október, kennari var Gréta Boða.



Skólastýrurnar Hrefna og Dýrleif

Sérnámskeið fyrir leikstjóra Kennari: Egill Heiðar Anton Pálsson

Ætlað þeim sem sótt hafa Leikstjórn I og II og/eða framhaldsnámskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leikstjórn.

Námskeiðið er kynning á kerfum rússneska leikstjórans og leikarans Konstantín Stanislavskí og eftirrennara hans. Unnið er með tvær kenningar hans; Kerfi líkamlegra gerða, sem er vinna leikarans og Greiningarkerfi gerða, sem er vinna leikstjórans. Þessi tvö kerfi mynda eina heild í leikhúsvinnu ásamt því að vera undirstaða í vestrænni leiklist.

Unnið verður með hugtök og heiti í formi fyrirlestra eftir hádegishlé á daginn en fyrir hádegi verður unnið á verklegan hátt með þessi hugtök og virkni þeirra.

Áður en námskeiðið hefst þurfa nemendur að lesa nokkur leikrit sem unnið verður með.

Nemendur Egils:


Árni Friðriksson, Akureyri

Gunnsteinn Sigurðsson, Ólafsvík

Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi

Ólafur Haraldsson, Mosfellsbæ

Sigríður Birna Valsdóttir, Reykjavík



Egill Heiðar Anton Pálsson

Leiklist I - Byrjendanámskeið fyrir leikara Kennari: Ágústa Skúladóttir

Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikara og þeir ganga fyrir sem ekki hafa sótt Leiklist I.

Næsta sumar verður haldið framhaldsnámskeið sem byggir á þessu námskeiði.

Á námskeiðinu verður farið í grunnatriði í list leikarans. Unnið verður með að leysa úr viðjum frumorku, einlægni og sköpunargleði leikarans, samband hans við sjálfan sig, meðleikara og áhorfendur. Unnið verður með líkamsbeitingu og textameðferð og einnig verður kíkt á mismunandi leikaðferðir eða leikstíla. Mikilvægi liðsheildar hóps verður ríkjandi þáttur námskeiðsins því þegar hlustun og leikgleði ráða ríkjum getur allt gerst!

Mottó námskeiðsins: Einn fyrir alla – allir fyrir einn!!



Ágústa Skúladóttir

Nemendur Ágústu:

Baldur Ragnarsson, Reykjavík

Egill Viðarsson, Reykjavík

Einar Þorgeirsson, Selfossi

Fanney Kristjánsdóttir, Húsavík

Guðrún Sóley Sigurðardóttir, Hafnarfirði

Gunnhildur Sigurðardóttir, Mosfellsbæ

Hera Guðbrandsdóttir, Hafnarfirði

Magni Auðunson, Færeyjum

Rósa Björg Ásgeirsdóttir, Reykjavík

Sigrún Sighvatsdóttir, Selfossi

Sigurjón Jónsson, Reykjavík

Stefán Bjarnason Sigurðsson, Mosfellsbæ

Stefán Ólafsson, Selfossi

Sumarliði Páll Ingimarsson, Keflavík

Sveinn Óskar Ásbjörnsson, Rangárbíngi eystra

Særún Heiða Sævarsdóttir, Reykjavík

Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Reykjavík

Sérnámskeið fyrir leikara Kennari: Stephen Harper

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt leiklistarnámskeið á vegum skólans eða hafa umtalsverða reynslu af leiklist. Kennarinn talar ensku en gert er ráð fyrir að nemendur megi tjá sig á íslensku í spuna og vinnu með texta.

Á námskeiðinu verður unnið með þekktu texta sem verða kynntir síðar. Í fyrstu verður unnið með ákveðna tegund af heilgrímum.

Unnið verður út frá líkamstjáningu, kyrrð, fókus og látbragði og unnið með að búa til persónur og senur.

Þá verða grunnatriði leikhúshéðarinnar Commedia dell arte skoðuð sérstaklega en þessi leikstíll krefst mikillar orku í tali og líkamstjáningu. Unnið verður með stílinn, tempó, helstu karaktera Commedia og aðstæður.

Hópurinn mun leita að eigin Commedia-leikstíl og skapa og finna nýjar leiðir til að vinna með hefðbundnar senur og aðstæður – sem sagt „Commedia with a modern twist!“

Nemendur Stephens:

Ármann Guðmundsson, Reykjavík

Ásta Gísladóttir, Reykjavík

Bylgja Ægisdóttir, Reykjavík

Friðjón Elli Hafliðason, Selfossi

Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Reykjavík

Gísli Björn Heimisson, Reykjavík

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi

Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson, Reykjavík

Gunnar Björn Guðmundsson, Hafnarfirði

Halldór Magnússon, Hafnarfirði

Ingvar Bjarnason, Reykjavík

Íris Árný Magnúsdóttir, Selfossi

Jenný Lára Arnórsdóttir, Reykjavík

Júlía Hannam, Reykjavík

Sigsteinn Sigurbergsson, Kópavogi

Snorri Engilbertsson, Hafnarfirði

Víðir Örn Jóakimsson, Stokkseyri



Stephen Harper



Allur hópurinn á Húsabakka. Litlu drengirnir fremst á myndinni eru synir Gústa kokks.

Byrjendanámskeið í leikhúsförðun **Kennari: Gréta Boða**

Haldið að Laugavegi 96 í Reykjavík 13.–15. október 2007

Gréta Boða er hárkollu- og förðunarmeistari. Hún lærði fagið í Þjóðleikhúsinu og London. Hún hefur 35 ára reynslu af vinnu í leikhúsi og sjónvarpi, við bíómyndir og auglýsinga- og ljósmyndaförðun.

Gréta hefur áður kennt förðun og hárkollugerð við skólann.

Grunnförðun í leikhúsi, val á litum og efnisnotkun, hreinsun og umgengni er efni þessa námskeiðs. Kennslan er fræðileg og verkleg, nemendur yfirvinna feimnina við liti og efni með því að farða hverjir aðra undir leiðsögn kennarans.

Notaðar verða förðunarvörur frá Grimas og Kryolan.

Nemendur Grétu:

Fjóla Egedía Sverrisdóttir, Egilsstöðum

Hreindís Ylva Garðarsdóttir, Mosfellsbæ

Hulda Jónasdóttir, Mosfellsbæ

Ingibjörg Ósk Pétursdóttir, Akureyri

Kolbrún Anna Órlygsdóttir, Borgarnesi

Laufey Tinna Guðmundsdóttir, Garðabæ

Margrét Kristinsdóttir, Siglufirði

Olga Ingibjörg Ólafsdóttir, Kópavogi

Sigfríður Steingrímisdóttir, Egilsstöðum

Sólveig H. Stefánsdóttir, Egilsstöðum

Stefanía Ósk Ómarsdóttir, Egilsstöðum



Gréta Boða



Nemendur og kennari á förðunarnámskeiðinu

Suðupottur reynslu og leyndarmála

*Einu sinni sem oftar: „Ahhh ... það er að koma sumar ... júní ... Svarfaðardalur ... frábært ... skólinn ... námskeið ... læra eitthv...!??
Nei bíddu við – ég er ekkert að fara á námskeið ... ég er að fara að gera eitthvað allt annað ... hvað er ég eiginlega að fara að gera!!??”*

Eftir að hafa sest á skólabeck samfelld í fjölda ára hvert sumar í Leiklistarskóla Bandalagsins var komið að þeim krossgötum sumarið 2007 að hætta sem nemandi og taka við sem skólastýra.

Leiklistarskóli Bandalagsins bar gæfu til þess að lúta styrki stjórn þeirra Gunnhildar Sigurðardóttur og Sigríðar Karlsdóttur fyrstu 10 starfsárin.

Ég man þegar ég kynnist þeim fyrst í því hlutverki – hinni mestu mildi og hlýju, ákveðni og aga, alltumlykjandi væntumþykju, virðingu, þjónustu og þekkingu – ekki hvarflaði nú að þeirri busastúlku að hún myndi nokkurn tíma reyna að taka við þessu hlutverki.

Hvaða heilvita manni dettur svo sem í hug að taka við af SKÓLASTÝRUNUM sjálfum!? Jú – mér og Dýrleifi Jónsdóttur datt það nú heldur betur í hug! Og eitt af okkar verkum fyrsta skólastýruárið var að vígja busann hana Gunnhildi sem settist í fyrsta sinn á skólabeck. Svona er nú lífið!

Það eru ekkert annað en forréttindi að taka við skólastýruhlutverkinu að loknum þessum vel heppnaða áratug sem skólinn hefur starfað. Hér hefur tekist að marka stefnu þar sem mikill metnaður, sköpun, kraftur og gleði eru í fyrirrúmi. Ný skólastýra fær þannig ríkulega að njóta þess að feta í fótspor og halda í fastar hefðir – svona mátulega fastar eins og góðum hefðum sæmir. Skólinn á nefnilega að vera eins og hann hefur alltaf verið – en um leið hefur hann alltaf verið eins og hver og einn upplifir hann. Allir muna öll sín skólaár – einhverjir hafa verið alltaf, sumir oft og aðrir sjaldan – en allir keppast við að segja nýjum nemendum akkúrat hvernig skólinn er og á að vera! Þessi blanda af reynslu, minningum og menningu hjálpar okkur að búa til í hvert sinn hinn sanna rétta skólaanda.

Við þessar aðstæður reynist skólastýrustarfið alveg hreint ótrúlega einfalt og ekkert nema skemmtilegt. Hvað gerum við svo sem? Við tökum við þessum suðupotti sem búið er að smíða, lyftum honum upp á þar til gerðar hlóðir og kveikjum undir. Svo horfum við á alla hina setja sín leyndarmál í pottinn, kennara og nemendur – hvernig fer að krauma og sjóða – og hvernig verður til í pottinum ilmandi, hnauspykk, dýrðleg leiklistarkássa. Okkar helsta hlutverk er sennilega að láta lokið tolla á pottinum, leyfa því að skrölta og skoppa meðan það sýður og bubblar en gæta þess að það fari ekki af og allt sjóði upp úr!

En það verður nú sennilega að halda þessu leyndu fyrir nemendum hvað starfið okkar er lítið og léttvægt. Ég verð auðvitað að ganga út frá því að allir nemendur beri tilhlýðilega, djúpa, óttablandna virðingu fyrir ægivaldi skólastýrunnar!

Ósköp er ég glöð að fá að njóta þess að stýra þessum skóla.

Og núna: „Mmmm ... það er að koma sumar ... skólinn ... frábært ... námskeiðin-skipuleggja-fundir-kennarar-Gústi-húsið-nemendur-skóládótið-mæta-raða-opna-setja-kynna-sinna-kvölds-morgna-miðjanótt og slíta ... það er ég að fara að gera!!



Hrefna Friðriksdóttir

Hrefna Friðriksdóttir

Fundargerðir stjórnarfunda Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2007–2008

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn 6. maí 2007 að Hallormsstað.

Mættir: Ármann Guðmundsson, Embla Guðmundsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Hjalti St. Kristjánsson, Hrund Ólafsdóttir, Ingólfur Þórsson, Margrét Tryggvadóttir, Ólöf Þórðardóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Þorgeir Tryggvason.

Þorgeir Tryggvason, nýkjörinn formaður Bandalagsis bauð nýja stjórn velkomna til starfa.

Verkaskipting stjórnar

Stjórn skipti með sér verkum. Formaður gerði að tillögu sinni að embætti yrðu óbreytt. Haft hafði verið samband við Lárus Vilhjálmsson, varaformann, sem samþykkti að sitja áfram sem slíkur. Ritari er Embla Guðmundsdóttir.

Það var samþykkt.

Úthlutunarfundur

Tillaga gerð að því að úthlutunarfundur verði haldinn helgina 6.–8. júlí. Reynt verður að klára sem mest á föstudagskvöldi, þar sem einhverjir stjórnarmenn þurfa að losna um miðjan dag á laugardegi. Einnig er ljóst að einhverjir komast ekki um þessa helgi, en var hún þó illskásti kosturinn af helgum um þetta leyti.

Athygliverðasta áhugaleiksýning ársins

Rætt var um að vekja meiri athygli á Athygliverðustu áhugaleiksýningu ársins í tengslum við sýninguna í Þjóðleikhúsinu, til dæmis með greinaskrifum og þvílíku, í samstarfi við Leikfélag Fljótsdalshéraðs.

NAR- og NEATA-fundir í S-Kóreu

Formanni þótti ljóst að NAR- og NEATA-fundirnir væru mikilvægari en IATA-þingið og að það þyrfti eiginlega að senda einhvern. Þó er slæmt að vera í þeirri stöðu að þurfa að senda fulltrúa alla leið til S-Kóreu til að funda um norrænt samstarf.

Rætt var um erlent samstarf. Stjórnsýslan var orðin allt of fyrirferðamikil á sínum tíma, en það hefur breyst á síðustu árum. NEATA-fólk er í framboði til einhverra embætta í stjórnsýslu IATA. Ákveðið var að senda Vilborgu Valgarðsdóttur á þingið, ef hún fengi að skrá sig þótt skráningarfræstur væri, strangt til tekið, útrunninn.

Leiklistarskóli Bandalagsins

Rætt um hvort einhver úr stjórn yrði viðstanddur á lokadegi skólans. Framkvæmdastjóri verður á svæðinu. Einnig verða tveir úr varastjórn í skólanum. Hugmynd um að gefa gestgjafafélagi bandalagsþings eitt frítt skólapláss á ári hverju.

Næsti aðalfundur

Rætt um hugsanlegar staðsetningar á næsta aðalfundi. Þótti mönnum spennandi kostur að vera á 100 ára afmæli Umf. Reykdæla í Reykholti.

Handritanefnd

Ármann stakk upp á að leitað yrði til Arnar Alexanderssonar um að starfa með nefndinni. Rætt um að kanna möguleika á að kaupa skanna og OCR hugbúnað, en hann gerir mönnum kleift að vinna í handritunum sem textaskjölum. Það er þó mikil vinna, ef fara á út í slíkt. Spurning um form á handritinu. Ákveðið var að taka á vinnunni í tveimur skrefum, fyrst að kanna möguleika og kostnað við að skanna allt inn, en láta ritvinnsluna bíða. Framkvæmdastjóri mun vinna málið með nefndinni.

Þorgeir tók að sér að skrifa erindisbréf.

Margt smátt-nefnd

Samþykkti að starfa áfram en það um að fá Hjalta til að vera starfsmann nefndarinnar. Hann sæi fyrst og fremstu um skipulagningu á því sem rætt hefði verið um að hafa í tengslum við hinar eiginlegu sýningar.

Stungið var upp á dagsetningunni 29. september.

Þorgeir lagði til að reynt yrði að finna einhverja leið til að ýta á þátttöku víðar að. Bað nefndina að velja fyrir sér leiðum til þess. Spurning um að bjóða upp á einhvers konar aðstoð? Til dæmis frá félögunum sem mest hafa verið í því að setja upp einþáttunga, svo sem Hugleik, Leikfélagi Kópavogs og/eða Leikfélagi Hafnarfjarðar? Hrund tók að sér kynningarmál hátíðarinnar.

Fósturfélagakerfið

Mönnum þótti árangursríkast að hringja í formenn, það sýndi áhuga stjórnar á starfi félaganna.

Formannsbréf

Þorgeir lýsti fyrirætlunum sínum um að skrifa einhvers konar „formannsbréf“ reglulega á Leiklistarvefinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundargerð ritaði Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn 6. og 7. júlí 2007 að Laugavegi 96.

Fundur settur kl. 18.00 þann 6. júlí.

Mættir: Þorgeir Tryggvason, Lárus Vilhjálmsson, Ingólfur Þórsson, Margrét Tryggvadóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ármann Guðmundsson, Ólöf Þórðardóttir, Hjalti Kristjánsson, Vilborg Valgarðsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Dagskrá:

1. Úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins fyrir leikárið 2006–07

Stjórn fór yfir umsóknir og gerði tillögu að úthlutun.

Eftirtöldum umsóknum um styrki var hafnað:

1. Umsókn frá Hugleik um styrk vegna 25 tíma leiklistarnám-skeiðs hjá Benedikt Erlingssyni þar sem styrkur var veittur vegna afraksturssýningar námskeiðsins. Venja er að veita aðeins fyrir sýningar í slíkum tilfellum, þar sem námskeiðið telst vera æfingatímabil sýningarinnar.
2. Umsókn frá Leikfélagi Selfoss um styrk vegna einþáttingu Skór þar sem um leiklestur var að ræða.
3. Umsókn frá Leikfélagi Seyðisfjarðar um styrk vegna verk-efnisins 50/50 Leikfélagið 50 ára þar sem um leiklestra var að ræða.
4. Umsókn frá Leikfélagi Vestmannaeyja um styrk vegna 35 stunda námskeiðs, hafnað þar sem afraksturssýningu námskeiðsins var veittur styrkur. Sjá einnig rökstuðning með höfnun 1.
5. Umsóknum frá Leikfélaginu Sýnum um styrk vegna tveggja götuleikhúsverkefna þar sem ekki varð séð af gögnum að um heildstæðar leiksýningar væri að ræða.

Eitthvað var um að mynddiskar virkuðu ekki hjá stjórnar-mönnum og örfáar upptökur höfðu glatast. Ákveðið var að ræða slík tilfelli sérstaklega. Einnig verða umsóknir um viðbót-arstyrk vegna sérstaks frumkvæðis skoðaðar sérstaklega.

Ólæsilegir mynddiskar:

Tveir einþáttingar frá Leikfélagi Kópavogs – reynt verður að fá annan disk.

Trúðaskólinn hjá Leikfélagi Hornafjarðar – líklegt að um mis-tök í fjölföldun sé að ræða. Reynt verður að fá annan disk um leið og næst í formann félagsins.

Upptökur sem hafa glatast:

Pú ert enginn Johnny Depp, Stúdentaleikhúsið – kveðst hafa sent eintak á skrifstofuna fyrr í vetur, en skrifstofan kannast ekki við að hafa móttekið. Fleiri eintök af upptöku ekki til. Öskubuska, Leikfélag Keflavíkur – fyrir mistök sendu þau aðeins hljóðupptökur af tónlistinni. Mynddiskur verður sendur við fyrsta tækifæri.

Allra meina bót, Leikfélag Seyðisfjarðar – helmingurinn af því er kominn, en þau finna ekki hinn helminginn í svipinn. Upptaka verður send um leið og hún finnst.

Grease, Leikfélag Mosfellssveitar – upptaka glataðist vegna vatnsskemmda í heimahúsi.

Samþykkt var að veita styrki fyrir þessari verk með því skilyrði að þær upptökur sem til væru yrðu sendar. Ljóst var að í öllum tilfellum er þarna um mistök, tæknibilanir eða aðrar óviðráðanlegar aðstæður að ræða.

Umsóknir um viðbótarálag fyrir sérstakt frumkvæði:

Umsókn Halaleikhópsins um frumkvæðisstyrk vegna sýningarinnar Batnandi maður samþykkt vegna viðamikillar, frum-saminnar hljóðmyndar.

Umsókn Hugleiks um frumkvæðisstyrk fyrir verkið Epli og eikur samþykkt vegna viðamikillar, frumsaminnar tónlistar.

Umsókn Hugleiks um frumkvæðisstyrk fyrir verkið Mikið fyrir börn hafnað þar sem ekki var um frumflutta tónlist að ræða.

Umsókn Leikfélags Dalvíkur um frumkvæðisstyrk fyrir Sambúðarverki hafnað þar sem rökstuðningur þótti ófull-nægjandi.

Umsókn Leikfélags Fljótaldalshéraðs um frumkvæðisstyrk vegna verksins Listin að lifa samþykkt vegna viðamikillar og frumsaminnar hljóðmyndar.

Umsókn Leikfélags Hornafjarðar um frumkvæðisstyrk vegna Trúðaskólans var hafnað þar sem tónlistin þótti ekki nægilega stór hluti sýningarinnar.

Umsókn Leikfélags Hólmavíkur um frumkvæðisstyrk vegna leikferðar með Þið munið hann Jörund til Bolungarvíkur hafnað þar sem leikferðir eru almennt ekki metnar sem ástæða til veitingar frumkvæðisstyrks.

Umsókn Leikfélags Keflavíkur um frumkvæðisstyrk vegna Öskubusku hafnað þar sem rökstuðningur þótti ófullnægjandi.

Umsókn Leikfélags Rangæinga um frumkvæðisstyrk vegna sýningarinnar Getraunagróða hafnað þar sem rök þóttu ófullnægjandi fyrir frumkvæðisstyrk þó svo að endurvakning á menningarstarfsemi í gömlu og merkilegu félagsheimili þætti vissulega gott framtak.

Umsókn Leikfélags Siglufjarðar um frumkvæðisstyrk vegna sýningarinnar Láttu ekki deigan síga, Guðmundur, hafnað þar sem rök þóttu ónóg.

Umsóknir leikfélagsins Peðsins um frumkvæðisstyrk fyrir sýningarnar Barpera og Jólaperu samþykktar vegna við-a-mikillar og frumsaminnar tónlistar og öflugs starfs félagsins á sínu fyrsta leikári.

Umsókn Leikklúbbsins Spuna um frumkvæðisstyrk vegna sýningarinnar The Seven Divas hafnað þar sem rökstuðningur þótti ófullnægjandi.

Umsókn Sólheimaleikhússins um frumkvæðisstyrk vegna sýningarinnar Blái hnötturinn samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar.

Umsókn Umf. Stafholtstungna um frumkvæðisstyrk vegna verksins Ása í ástandinu samþykkt vegna frumflutnings á áður óþekktu verki eftir einstakling úr sveitinni.

Umsókn Stúdentaleikhússins um frumkvæðisstyrk vegna leikritsins Examinasjón samþykkt vegna frumsaminnar tón-listar.

Umsókn Leikfélags Kópavogs um frumkvæðisstyrk vegna sýningarinnar Allt og ekkert hafnað þar sem rökstuðningur þótti ófullnægjandi.

Umsókn Hugleiks um frumkvæðisstyrk fyrir verkið Einu sinni var .. hafnað þar sem rökstuðningur þótti ófullnægjandi.

2. Fundargerð aðalfundar 2007 og fundargerð umræðu-fundar frá 4. maí.

Fundargerðir yfirfarnar og samþykktar.

Fundi frestað kl. 23.00 og haldið áfram kl. 9.00 þann 7. júlí.

Mættir: Þorgeir, Lárus, Ingólfur, Margrét, Ármann, Ólöf, Hjalti, Guðfinna og Vilborg.

3. Starfsáætlun leikársins 2007–08.

Almenn starfsemi

1. Fjárhagsstaða frekar slæm eins og gjarnan á þessum

árstíma.

2. Verið er að biðja eftir að ÍSTAK gangi almennilega frá eftir framkvæmdir, þétti þak yfir handritageymslu og hreinsi sand af þaki.

Vilborg vill setja húsnæðið á sölu með haustinu. Stefnt á að halda stjórnarfund um mánaðarmót sept./okt. og þar verði áhersla lögð á húsnæðismálin.

3. Efnisöflun fyrir ársrit er í fullum gangi. Vinna við uppsetningu hefst í lok ágúst.

4. Ýmsum hugmyndum velt upp varðandi námskeið fyrir leiklistarskólann. T.d. tónlistarnámskeið og þúsund þjala-námskeið í fyrirlestraformi, svipað og haldið var fyrir 2 árum. Þorgeir átti símafund með forráðamönnum Austur-Héraðs. Þeir eru mjög áhugasamir um að Hallormsstaður verði næsti samastaður skólans. Þeir hafa gert samstarfssamning við Menntamálaráðuneytið um að vera sveitarfélag sem leggur áherslu á sviðslistir, þannig passar rekstur leiklistarskóla vel inn í þeirra áætlanir. Vandamálið er aðallega tímasetningin, þau vilja hafa þetta vikunni fyrr en við. Á framhaldsfundi á Bandalagsskrifstofunni voru fjármál rædd og þeim gerð grein fyrir hvað við erum að borga fyrir Húsabakka. Næsta skref er að fulltrúi okkar fari austur og eigi fund þar sem allir hnútar verði leystir. Einnig þarf að leggja áherslu á að gengið verði frá aðgengismálum þannig að ásættanlegt sé.

5. Þorgeir dustaði rykið af hugmynd að vefpistlum þar sem menn deila reynslu af því sem þeim þykir spennandi í starfi sínu, svo sem velheppnuðum námskeiðum og góðu leikhúsfólki. Ákveðið að huga að fyrir næsta fund hvernig og hverja hægt er að fá til að auglýsa á vefnum. Þorgeir veltir upp möguleika á að nýta þá vinnu sem lögð var í að finna gagnrýnendur fyrir Morgunblaðið fyrir leiklistarvefinn, hvort sem það er borgað fyrir það eða ekki. Ef farið yrði af stað með þá vinnu þyrfti að tryggja að það næði til alls landsins. Hugsanlega mætti bjóða fyrirtækjum borða á leiklistarvefnum gegn því að þau fjármagni þetta, alla vega að hluta til.

6. Ákveðið að reyna að fá fund hjá menntamálaráðherra varðandi hækkun á framlögum. Jafnframt þarf að fá fund hjá fjárlaganefnd í haust. Leggja þarf áherslu á hækkun styrks til þjónustumiðstöðvar og reyna að fá styrk til rekstrar leiklistarskólans. Einnig þarf að kynna fyrir ráðherra Leiklistarhátíðina 2010 og fá til hennar fjármagn.

7. Við notum Þjóðleikhússýninguna alls ekki nóg sem möguleika til kynningar á Bandalaginu og starfsemi aðildarfélaga þess.

Sérverkefni starfsársins

1. Ákveðið að halda Bandalagsþing og einþáttungahátíð 2008 í Reykholti ef aðgengi fyrir fatlaða er þar viðunandi.

2. Rætt um fjármögnun NEATA-hátíðar. Velt upp möguleika á að fá flugfélag til að sponsora ferðir. Einnig þann möguleika að fá fyrirtæki til að sponsora hverja sýningu fyrir sig. Negla þarf niður tímasetningar þar sem verslunarmannahelgi á Akureyri er ekki fýsilegur kostur. Til greina koma 21.–25. júlí eða 4.–8. ágúst. Ákveðið að Þorgeir setji sig í samband við leikfélögin á NA-landi og falist eftir þátttöku þeirra í undirbúningi fyrir hátíðina.

3. Þorgeir leggur fram tillögu að tveimur skipunarbréfum nefnda, handritsafnsnefnd og nefnd til endurskoðunar

laganna. Þær samþykktar. Í nefnd um handritasafn sitja Ármann, Hrefna Friðriksdóttir og Örn Alexandersson. (Seinni nefndin, sjá lið d hér á eftir).

Fulltrúar úr undirbúningsnefnd Margt smátt gerðu grein fyrir stöðu mála. Ákveðið hefur verið að halda hátíðina í Litla sal Borgarleikhússins 6. október.

4. Ályktanir og samþykktar tillögur frá síðasta aðalfundi.

a) Stjórnarmenn skipta á milli sín fjárlaganefndarfélagi og hyggjast hafa samband við það fyrir fund sem formaður og jafnvel fleiri stjórnarmenn ætla að eiga með nefndinni í haust.

b) Rætt um framkvæmd á tillögu frá aðalfundi um að safna í pakkaferð á NEATA-hátíðina í Riga 2008.

c) Í ljós hefur komið að hugmyndir Þjóðleikhússins um að afhenda okkur búningasafn voru talsvert aðrar en Banda-lagsins. Ákveðið að athuga með möguleika á að fulltrúi Bandalagsins hafi aðgang að búningasafni Þjóðleikhússins.

d) Ákveðið að stofna tveggja manna nefnd sem gera á tillögur að breytingum á lögum Bandalagsins og skilar niðurstöðum á fyrsta stjórnarfund 2008. Nefndina skipa Þorgeir og Guðfinna.

5. Erlent samstarf

Almenn ánægja er með þá lausn á styrkumsókn frá NUTU að borga fyrir fulltrúa Íslands en styrkja það ekki frekar að sinni.

6. Önnur mál

a) Laun starfsmanna endurskoðuð skv. samningum. Formaður og varaformaður munu ganga í málið í næstu viku.

b) Ritaraskipti í ágúst.

Sigríður Lára lætur af störfum þann 15. ágúst og við tekur gamalkunnur starfsmaður og varastjórnarmaður, Ármann Guðmundsson.

Fundi slitið kl. 14.00.

Fundargerð rituðu Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í þjónustumiðstöðinni föstudaginn 9. og laugardaginn 10. nóvember 2007

Mætt föstudag: Þorgeir Tryggvason, Lárus H. Vilhjálmsson, Ingólfur Þórsson, Ármann Guðmundsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Hjalti St. Kristjánsson og Vilborg Árný Valgarðsdóttir.

Mætt laugardag: Þorgeir Tryggvason, Lárus H. Vilhjálmsson, Ingólfur Þórsson, Ármann Guðmundsson, Hjalti St. Kristjánsson og Vilborg Árný Valgarðsdóttir.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 6.–7. júlí

Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt.

2. Starfsáætlun stjórnar og aðildarfélaga Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2007–2008:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL

Rekstur í föstum skorðum. Ekki ástæða til að gera neitt átak í sölumálum þar sem yfirvofandi eru flutningar í nýtt húsnæði. Hins vegar mætti skoða hvað hægt er að gera í þeim málum að flutningum loknum.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun

Skipt hefur verið um rúðuna sem snýr að Laugaveginum. Enn hefur ekki náðst í ÍSTAK til að laga leka í handritasafni.

3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2006–2007

Ársritið er komið, aðeins á eftir áætlun, en veglegt að vanda. Gert í 100 eintökum sem send eru á öll aðildarfélög, stjórn, nefndafólk, bókasöfn, Menntamálaráðuneytið og aðra sem þess hafa æskt. Einnig er það birt á leiklist.is á PDF-formi.

4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðaáætlun

Skólastýrnar Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir mæta á fundinn. Orðið er ljóst að skólinn verður ekki að Hallormsstað næsta sumar, þar sem það er búið að gera samning um hótélrekstur frá 7. júní og því verður hann væntanlega á Húsabakka. Þó má athuga hvort möguleiki er að komast að samkomulagi við hótélrekstraraðilana. Samkipti við staðarhaldara á Húsabakka hafa ekki verið sem skyldi, t.d. heldur hann því fram að við höfum bókað vikuna 7.–15. júní 2008 en það kannast enginn við. Lárus velti upp möguleikum á að hafa skólann uppi á gamla herstöðvar-svæðinu við Keflavík.

Almenn ánægja var með námskeið sl. sumars þó að vonbrigði hafi verið með hversu fáir voru á leikstjórnarnámskeiðinu. Grunnnámskeið í förðun var haldið í október en fella þurfti niður framhaldsnámskeið vegna ónógrar þátttöku.

5. Rekstur vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar

Rekstur í föstum skorðum og ekkert sérstakt hefur verið gert í haust.

6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og til einkaaðila til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og leiklistarskóla þess

Skv. fyrstu drögum fjárlagafrumvarps var lítilsháttar niðurskurður á framlagi til Bandalagsins. Vilborg og Lárus fóru á fund fjárlaganefndar og virtist helst áhugi á að veita styrk til tækjakaupa fyrir handritasafn. Þau, ásamt Þorgeiri, fóru svo á fund menntamálaráðherra sem sagðist ekki munu gera neitt sjálf í þessum málum heldur láta fjárlaganefnd það eftir ef þeir vilja breyta framlögum. Hún bað um sérstaka greinargerð um NEATA-hátíðina, helst snemma á næsta ári. Lárus leggur til að reynt verði að sækja peninga til Reykjavíkurborgar. Einnig ræddur möguleiki á að fá starfsfólk á launum frá borginni til verka eins og skönnunar á handritasafninu. Þorgeir taldi ekki skynsamlegt að leita til einkaaðila um styrki til almenns rekstrar þegar fyrir liggur að halda stóra leiklistarhátíð eftir 2 ár.

7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugasýningu ársins

Ekki vitað til þess að búið sé að skipa nýja nefnd. Vilborg sendir Tinnu póst.

Sérverkefni starfsársins:

1. Halda einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2008

Ekki hægt að gera neitt í því fyrir en ljóst er hvar aðalfundurinn verður haldinn. Ekki er enn ljóst hvort Reykhyllingar geta haldið hann vegna lélegs aðgengis fyrir fatlaða. Ákveðið

að fela Ingólfi að athuga með möguleika í Eyjafjarðarsveit ef ske kynni að Reykhyllingar hrykkju úr skaftinu.

2. Hefja undirbúning NEATA-hátíðar 2010

Undirbúningsnefnd er skipuð Þorgeiri, Lárusi og Ólöfu. Norðandeild hennar er skipuð Ingólfi og Guðrún Höllu. Nefndin tekur að sér að gera tillögu að strúktúr hátíðarinnar fyrir næsta stjórnarfund. Þegar dagsetningar hafa verið ákveðnar þyrfti að gera samstarfssamning við Akureyrarbæ. Ákveðið að dagsetning hátíðarinnar á Akureyri sé 3.–8. ágúst 2010.

3. Að stjórn skipi formlega langtímanefnd sem haldi utan um starfsemi handritasafns í samvinnu við starfsmenn Þjónustumiðstöðvar

Nefndin, sem skipuð er Ármanni, Hrefnu Friðriksdóttur og Erni Alexandersyni, hefur fundað og fyrsta verkefni hennar er að setja saman greinargerð um safnið þar sem fram koma helstu upplýsingar. Ármann er með hana í smíðum. Ákveðið að hún verði kynnt á næsta stjórnarfund.

4. Að Margt smátt-stuttverkahátíðin verði haldin í haust í svipuðu formi og verið hefur

Margt smátt-hátíðin var haldin þann 6. október sl. og tókst í alla staði vel þótt færri félög hefðu tekið þátt en áður. Lárus lýsti yfir efasemdum um forsendur þess að Bandalagið standi fyrir hátíð þar sem nánast einungis leikfélög af suðvesturhorninu taka þátt. Það væri jafnvel nær að leikfélögin þar héldu þetta sjálf. Aðrir bentu á að öllum aðildarfélögum stæði þátttakan til boða og að boð Borgarleikhússins væri til Bandalagsins, ekki ákveðinna félaga innan þess. Rætt um að minnka kostnað við prentun. Ármann skilar skýrslu framkvæmdanefndar fyrir næsta stjórnarfund.

5. Að stjórn leiti leiða til að tryggja faglega umfjöllun um leiksýningar áhugaleikfélaganna á Leiklistarvefnum

Þorgeir leggur til að fólkinu á „Mogga-listanum“ verði skrifað bréf þar sem það er spurt hvort að það sé til í að skrifa um leiksýningar í þeirra nærsveitum, án þess að bjóða greiðslu fyrir. Þorgeir tekur að sér að skrifa bréfið.

3. Ábendingar – bókun frá aðalfundi 2007:

– Að stjórn kanni grunnvöll þess að standa að pakkaferð á NEATA-hátíðina í Riga 2008

Hjalti ætlar að athuga hvort einhverjar ferðaskrifstofur geti sett saman einhvern pakka. Ingólfur bendir á Ferðaskrifstofu Akureyrar, þeir hafa verið með svona ferðir.

– Að skólanefnd kanni þörf á að hafa leikmynda-, búninga- og ljósanámskeið í samstarfi við félögin víða um land

Skólanefnd ætlar að skoða málið og reyna að finna flöt á því.

– Að ljúka upplýsingahandbók fyrir stjórnir leikfélaga á næsta starfsári

Ármann talar við Sigríði Láru um hvar vinnan við handbókina sé stöðd.

– Að starf búninganefndar haldi áfram og að stjórn móti hlutverk nefndarinnar

Embla hefur verið í sambandi við búningameistara Þjóðleikhússins sem sagði okkur velkomið að pressa á það við ráðuneytið að búið verði til stöðugildi til að sjá um þetta. Lárus segist hafa heyrt að atvinnuleikhúsin og RUV væru að leita að geymslum undir búninga og leikmuni á Keflavíkflugvelli.

– Að sótt verði um styrki hjá einkaaðilum vegna sögu Bandalagsins, handritasafns, leiklistarhátíða og stuttverkahátíða Verður skoðað fyrir hvern atburð fyrir sig.

4. Samþykktar tillögur á aðalfundi 2007:

1. Stjórn Bandalagsins verði falið að setja af stað nefnd sem endurskoða skal lög Bandalagsins fyrir næsta aðalfund Laganefnd, skipuð Þorgeiri og Guðfinnu, hefur haldið símafund og er að hefja vinnu við yfirferð laga. Ætlar að skila af sér tillögum á næsta stjórnarfund.

2. Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga samþykkir að 1.500.000 kr. af verkefnastyrk ríkisins verði veitt í rekstur þjónustumiðstöðvarinnar

3. Að stjórn og framkvæmdastjóra Bandalagsins verði falið að selja húsnæði Bandalagsins að Laugavegi 96 og kaupa annað hentugra sem fyrst

Þar sem aðstæður á húsnæðismarkaði eru ekki hliðhollar og ekki hefur verið gert við leka á þaki verður ekki farið í þetta mál af fullum þunga að sinni.

5. Erlent samstarf frá síðasta fundi:

Vilborg greinir frá helstu hræringum í alþjóðaleikhúsheimi áhugafólks. Rætt um evrópustyrki til NEATA-hátíðarinnar 2010. Vilborg sagði að fundur um styrkjámál haldinn 3. september sl. í Kaupmannahöfn, hafi verið gjörsamlega óþarfur þar sem afar fátt nýtt hefði komið þar fram.

Þorgeir sagði frá hræringum á NAR-fundi þar sem Danir bökkðu út úr því að halda NUTU-skólann. Finnar ætla að halda hann í staðinn. Á NAR-fundinum var rætt um styrkveitingar og þá þróun að styrkir eru sífellt að verða meira verkefnaengdir. Ákveðið var að hvert land ætti að leggja drög að einu styrkhæfu verkefni fyrir næsta fund. Við höfum tekið að okkur að sjá um skrifstofumót 2008 og t.d. væri hægt að leggja það fram sem okkar framlag.

Sigrún Eyfjörð, nýr NUTU-fulltrúi, mætti á fundinn. Hún greindi frá því að hún væri á leið til Finnlands á næstunni til að funda með stjórn NUTU um skóla næsta sumars. Hún sagði almenna ánægju nemenda með skólann, góðir kennarar og afar gagnleg námskeið. Hún sagðist ætla að beyta sér fyrir því að Ísland fyllti kvótann sinn á hverju ári þar sem það líti ekki vel út þegar sótt er um styrki ef námskeiðin eru bara hálfmönnuð. Sigrún tók að sér að skrifa kynningu á NUTU-skólanum til að senda á leikfélögin og framhaldsskólaleikfélög. Ætlar jafnframt að skrifa smá úttekt á skólanum síðasta sumar fyrir ársritið 2008.

6. Önnur mál

a. Saga Bandalagsins

Þorgeir ætlar að ræða við kápuhönnuð og hefur tekið að sér að bera saman próförk. Að því loknu er textavinnu við bókina lokið. Finna þarf fólk til að sjá um forsölu. Bjarni er að athuga með prentun í Finnlandi. Reiknað er með að eintakið muni kosta um 5.000 kr.

b. Sýning fyrir NEATA-hátíðina í Riga

Frestur til að tilkynna Lettum hvaða sýning fer á hátíðina rennur út 1. mars. Ákveðið að umsókn fyrir Bandalagsfélög þurfi að berast til okkar ekki seinna en 15. febrúar svo hægt sé að velja á milli ef margar umsóknir berast.

c. Erindi frá Kjartani Ragnarssyni

Kjartan hefur hug á að vinna sýningu á gömlum þingstað í Borgarfirði þar sem sviðsett verður þing með öllu sem því fylgir. Sjálfsagt að kynna þetta fyrir aðildarfélögum en Bandalagið mun ekki beita sér að öðrum leyti í þessu. Þorgeir heyrir í honum á næstunni.

d. Næsti fundur ákveðinn 19.–20. janúar 2008.

Fundi slitið um 14.30 laugardaginn 10. nóvember.
Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í þjónustumiðstöðinni 25. janúar 2008.

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Lárus Vilhjálmsson, Hrund Ólafsdóttir, Ingólfur Þórsson, Ármann Guðmundsson, Hjalti Stefán Kristjánsson, Embla Guðmundsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 9.–10. nóvember 2007

Fundargerð samþykkt athugasemdalaust.

2. Starfsáætlun stjórnar og aðildarfélaganna Bandalags ísl. leikfélaga leikárið 2007–8

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL
Vilborg leggur fram bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2007. Rekstur svipaður og undanfarin ár, vörusala viðunandi en þó nokkru minni en 2006 sem var metsöluár.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun

Nágrannar á efri hæð hafa lýst yfir vilja til að kaupa húsnæðið af okkur, afhendingartími eftir samkomulagi. Ákveðið að láta gera verðmat á húsnæðinu fyrir næsta stjórnarfund.

(3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2006–2007)

4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðaáætlun

Eitt námskeið hefur verið ákveðið, Leiklist II með Ágústu Skúladóttur sem kennara. Kristjana Stefánsdóttir (söngur og raddbeiting) og Bjarni Jónsson (leikritun) eru að skoða málið. Gengið hefur verið frá því að námskeiðin verði að Húsabakka.

5. Rekstur vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar

Stjórn sammála um að vefurinn sinni fullkomlega hlutverkum sínum sem upplýsinga- og fréttavefur.

6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og til einkaaðila til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess

Styrkurinn til skrifstofu hækkar um 2,9 milljónir (í 8,3 milljónir) og styrkur til verkefna aðildarfélaganna hækkar um 2,6 milljónir (í 25,4 milljónir). Fyrir misskilning fjárlaganefndar voru 3 milljónir sem ætlaðar voru Draumasmiðjunni settar inn í liðinn Starfsemi áhugaleikfélaga en það hefur verið leiðrétt. Beiðni hefur komið frá menntamálaráðuneytinu um að fundið verði nýtt nafn á fjárlagaliðinn til að fyrirbyggja að þetta gerist aftur. Ákveðið að leggja til að hann verði kallaður Verkefnasjóður áhugaleikfélaganna.

Ekki hefur verið sótt um styrki til Reykjavíkurborgar. Móta þarf hugmyndir um til hvaða verkefnis á að sækja um styrki.

7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugasýningu ársins

Þjóðleikhúsið hefur ekki ennþá skipað valnefndina.

Sérverkefni starfsársins:**1. Halda einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2008**

Embla og Ingólfur skoðuðu möguleikana hvort í sínu sveitarfélagi. Gistiaðstaða er uppbókuð í Reykholti fyrstu helgina í maí og aðgengismál hafa ekki verið löguð í Logalandi. Gistiaðstaða í Eyjarfjarðarsveit er líka í uppnámi þar sem Hrafnagil er ekki lengur inni í myndinni.

Ákveðið að stjórnarmenn hringi í nokkra formenn félaga þar sem aðstaða er góð og ef það virkar ekki þá sendi skrifstofan tölvupóst á öll aðildarfélögin þar sem auglýst verður eftir félagi til að halda hátíð og fund, svar berist fyrir 8. febrúar.

2. Hefja undirbúning NEATA-hátíðar 2010

Lárus og Þorgeir með málið. Ætla að funda fljótlega og senda niðurstöður á stjórn.

3. Að stjórn skipi formlega langtímanefnd sem haldi utan um starfsemi handritasafns í samvinnu við starfsmenn þjónustumiðstöðvar

Árman kynnrir greinargerð handritasafnsnefndar um handritasafnið. Nefndin leggur til að aðilar innan Leiklistarsambandsins og aðrir sem málið gæti varðað verði boðaðir á fund þar sem þeim verða kynntar fyrirhugaðar breytingar á safninu og þeir fengnir til samstarfs um þá þætti sem að þeim snúa.

Stjórn leggur til að nefnd haldi sig við skipunarbréf sitt og skili á næsta stjórnarfund þarfagreiningu og kostnaði við skönnun og geymslu leikritasafnsins. Einnig að nefndin setji fram tillögu að áframhaldandi starfi nefndarinnar.

4. Að Margt smátt-stuttverkahátíðin verði haldin í haust í svipuðu formi og verið hefur

Nefnd skilar lokaskýrslu. Engar athugasemdir.

5. Að stjórn leiti leiða til að tryggja faglega umfjöllun um leik-sýningar áhugaleikfélaganna á Leiklistarvefnum

Þorgeir ætlar að skrifa bréfið til landsbyggðagagnrýnenda fljótlega.

3. Ábendingar – bókun frá aðalfundi 2007:

– Að stjórn kanni grunndvöll þess að standa að pakkaferð á NEATA-hátíðina í Riga 2008

Hjalti er að vinna í málinu en ekki kominn með niðurstöður.

– Að skólanefnd kanni þörf á að hafa leikmynda-, búninga- og ljósanámskeið í samstarfi við félögin víða um land

Skólanefnd hefur sent út spurningalista. Svör eru byrjuð að berast.

– Að ljúka upplýsingahandbók fyrir stjórnir leikfélaga á næsta starfsári

Ekkert gerst í þessu máli. Stendur til bóta fyrir næsta stjórnarfund.

– Að starf búninganefndar haldi áfram og að stjórn móti hlutverk nefndarinnar

Búið að ákveða að gera ekki meira í þessu máli og leggja nefndina niður þar sem hugmyndir um rekstur búningasafns eru ekki raunhæfar. Nefndin mun skila skýrslu á næsta aðalfundi.

– Að sótt verði um styrki hjá einkaaðilum vegna sögu Bandalagsins, handritasafns, leiklistarhátíða og stuttverkahátíða
Sjá ákvörðun frá síðasta fundi.

4. Samþykktar tillögur á aðalfundi 2007:

1. Stjórn Bandalagsins verði falið að setja af stað nefnd sem endurskoða skal lög Bandalagsins fyrir næsta aðalfund Þorgeir kynnrir tillögur sem hann og Guðfinna Gunnars-

dóttir hafa sammælt um. Lagabreytingar ræddar og ákveðið að kynna niðurstöðurnar sem tillögu stjórnar og leggja fyrir næsta aðalfund.

Rætt um að hafa það sem vinnureglu að sitjandi stjórn og varastjórn geri það opinbert nokkru fyrir aðalfund hvort þau hyggist gefa kost á sér til endurkjörs eða ekki.

(2. Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga samþykkir að 1.500.000 kr. af verkefnastyrk ríkisins verði veitt í rekstur þjónustumiðatöðvarinnar.)

3. Að stjórn og framkvæmdastjóra Bandalagsins verði falið að selja húsnæði Bandalagsins að Laugavegi 96 og kaupa annað hentugra sem fyrst

Frestað um sinn, sjá fundargerð 9.11. 2007 og lið 2. í starfs-áætlun hér að framan.

5. Erlent samstarf frá síðasta fundi:

– Sigrún Eyfjörð sendir greinargerð frá síðasta fundi NUTU-stjórnar. Þar var gengið frá lausum endum varðandi skólann í sumar og er nú ekkert að vanbúnaði að auglýsa. Hann verður haldinn í Finnlandi dagana 24. júní til 5. júlí.

– Ein umsókn hefur borist um að fara á NEATA-hátíðina í Riga, Hugleikur sækir um með Útsýni eftir Júlíu Hannam. Umsóknar-frestur rennur út 15. febrúar.

– Þorgeir hefur tekið að sér að vera með framsögu á málþingi um aðgengi fatlaðra í sviðslistum sem haldið verður um miðjan febrúar í Stokkhólmi í Svíþjóð.

6. Önnur mál**a) Saga Bandalagsins**

Einar Samúelsson hjá Hugsasér! hefur tekið að sér að hanna bókarkápuna. Sú vinna fer af stað fljótlega en frekara kynningar- og sölustarf býður eftir að kápan verði tilbúin. Forsala og skráning á heiðurslista (tabula gratulatorium) var auglýst í Mbl. í byrjun desember en skilaði litlu. Toggi hnippir í Bjarna söguritari með að leita tilboða í prentun bókarinnar.

b) Úthlutunarreglur

Bryddað upp á því að breyta reglunum og stytta þann tíma sem sýning þarf að taka til að teljast í fullri lengd. Ákveðið að ræða úthlutunarreglur á næsta aðalfundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundarritari: Árman Guðmundsson.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Laugavegi 96 miðvikudaginn 26. mars kl. 18.00.

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Lárus Vilhjálmsson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Árman Guðmundsson, Guðfinna Gunnarsdóttir og Vilborg Á. Valgarðsdóttir. Fjarverandi: Ingólfur Þórsson, Hrund Ólafsdóttir, Ólöf Þórðardóttir og Hjalti Stefán Kristjánsson.

1. Snöggt yfirlit um fasta liði og einstakar nefndir

– *Fundargerð síðasta stjórnarfundar*
Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt.

– *Fasteignamál*
Söluamat hefur verið fengið frá Fasteignasölu Miðborg og er upp á 30,3 milljónir. Nefnd skipuð til að sjá um húsnæðismálin, í henni sitja Vilborg, formaður nefndarinnar og Þorgeir og Lárus með henni. Þorgeir skrifar skipunarbréf.

– *Leiklistarskólinn*
Skráning gengur vel í skólann að Húsabakka og útlit fyrir að öll námskeið verði vel mönnuð. Fyrirhugað námskeið í samvinnu við Þjóðleikhúsið um Baðstofuna eftir Hugleik Dagsson var hins vegar fellt niður vegna ónógrar þátttöku.

– *Handritanefnd*
Nefndin hefur ekki náð að funda frá síðasta fundi.

– *Saga BÍL*
Sögunefnd hefur verið að velta fyrir sér hönnun á kápu og hefur komist að niðurstöðu um útlitið í stórum dráttum. Einnig hefur verið unnið í káputexta og er áætlað að byrja fljótlega að selja bókina í forsölu. Bjarni söguritari mun ráðfæra sig við aðila sem sér um að leita eftir tilboðum í prentun.

– *Ríga – möguleikar á hópferð*
Hjalta hefur ekki tekist að finna leið til að koma á hópferð í flug þar sem ljóst er að ferðaplön fólks verða mismunandi. Vilborg ætlar að athuga hvort hátíðin getur tekið við fólki sem ekki er beinlínis að taka þátt í hátíðinni og jafnvel útvegað því gistinguþæði. Hún ætlar líka reyna að finna út kostnað.

2. Undirbúningur aðalfundar 2008

– *Fundur*
Bandalagsþingið verður í umsjón Leikfélags Sauðárkróks dagana 1.–4. maí.
Gist verður á Bakkafliot og í Steinsstaðaskóla í Skagafirði. Tilboð uppá 22.250 kr. pr. mann samþykkt. Að auki þarf að greiða fyrir afnot af Félagsheimilinu Árgarði. Tilkynningafrestur fyrir fund og hátíð er 18. apríl. Fundarboð verður sent út 1. apríl. Farið yfir ársreikninga og þeir undirritaðir athugasemda-laust.

– *Einþáttungahátíð*
Einþáttungahátíðin verður í Félagsheimilinu Árgarði, en þessi þrjú hús eru á sama túninu í Skagafirði, stutt frá Varmahlíð. Reiknað er með að hátíðin verði sett á fimmtudagskvöldi, nema sýningar verði þeim mun færri.

– *Aðgengi*
Aðgengi fyrir hjólastóla er viðunandi að sögn. Proskahjálpar hefur haldið þarna samkomur og á bæði gisti- og fundaraðstaða að vera í lagi. Leikfélag Sauðárkróks ætlar að bjóða fundargestum 50% afslátt af miðaverði á gamanleikinn Viltu finna milljón? í Bifröst á Sauðárkróki á föstudagskvöldið. Þar er aðgengi slæmt en þó hægt að koma fyrir hjólastólum í salnum en þá þarf að bera þangað upp.

3. Lagabreytingatillögur yfirfarnar

Farið yfir tillögurnar frá síðasta fundi. Engar efnislegar breytingar gerðar.

4. Skýrsla frá aðgengisráðstefnu í Svíþjóð

Þorgeir flytur skýrslu frá ráðstefnunni. Hann var beðinn um að

sitja í panel gegn því að ferðin yrði borguð fyrir hann sem hann samþykkti. Hann sagði að ráðstefnan hefði verið vitagagnslaus, illa skipulögð og nýttist okkur ekki neitt. Áhersla hefði verið á heyrnalaus og sérþarfir þeirra. Fyrir utan Þorgeir var eingöngu atvinnufólk á ráðstefnunni.

5. NEATA 2010

Undirbúningsnefndin ætlar að vera tilbúin með uppröðun atriða á hátíðinni á aðalfundinum. Vinna þarf að fara af stað um næstu áramót við að sækja um styrki, bæði í norræna sjóði og til Evrópusambandsins.

6. Skrifstofumót NAR á Íslandi 2008

Norðmenn hafa óskað eftir að skrifstofumótið verði ekki fyrr en í nóvember. Þeir hafa ásamt Svíum óskað eftir að þetta verði í miðri viku. Vilborg stingur uppá að Sigrún Valbergsdóttir verði fengin til að halda erindi sem hún hélt í Færeyjum um hvernig íslensk leikfélög geta verið sjálfbær.

7. Önnur mál

– Starfsáætlun fyrir næsta árið rædd og mótuð. Þorgeir tekur að sér að gera uppkast að tillögu stjórnar að starfsáætlun.

– NAR-fundur í Osló. Þorgeir er á leiðinni á fund í Osló um miðjan apríl. Aðalurmæðuefni er breytingar á styrkjum til NAR.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundarritari: Ármann Guðmundsson.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 2. maí 2008

Mætt voru Þorgeir Tryggason, Lárus Vilhjálmsson, Ingólfur Þórsson, Embla Guðmundsdóttir, Hrunn Ólafsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Ármann Guðmundsson, Ólöf Þórðardóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir.

1. Aðalfundur undirbúinn

Ákveðið hverja á að biðja um að taka að sér embættisstörf á aðalfundi.

2. Tillögur lagðar fyrir fundinn

Vilborg fer fram á að mega koma með tillögu um að 1,5 milljón af ríkisstyrk verði látin renna til prentunar og útgáfu sögu Bandalagsins. Samþykkt.

3. Reglur um úthlutun styrkja

Ákveðið að láta umræðu um úthlutunarreglur fara fram í hópvinnu á aðalfundi.

4. NEATA-hátíðarnefnd

Lárus leggur til að skipuð verði ný NEATA-hátíðarnefnd sem hefji störf af fullum krafti að aðalfundi loknum og býður sig fram sem formann nefndarinnar. Samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundarritari: Ármann Guðmundsson.

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í Árgarði í Skagafirði 3. og 4. maí 2008

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa.

Lögmæti fundarins kannað.

Þorgeir Tryggvason formaður Bandalagsins stakk uppá Maríu Grétu Ólafsdóttur, Lf. Sauðárkróks, og Guðrún Höllu Jónsdóttur, Lf. Selfoss, sem fundarstýrum og Ármanni Guðmundssyni starfsmanni skrifstofu og Guðfinnu Gunnarsdóttur Lf. Selfoss sem fundarriturum. Fundurinn samþykkti.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Kjörnefnd tekur til starfa. Hana skipuðu á fundinum Regína Sigurðardóttir Lf. Húsavíkur, Ingólfur Þórsson Freyvangsleikhúsinu og Margrét Tryggvadóttir Lf. Rangæinga.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Guðfinna Gunnarsdóttir les menningarstefnu Bandalagsins. Engar umræður.

4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Engin félög hafa sótt um inngöngu og ekkert félag skuldar fleiri en eitt árgjald.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt athugasemdalaust.

6. Skýrsla stjórnar.

Þorgeir Tryggvason flytur skýrslu stjórnar:

Skýrsla stjórnar Bandalags Íslenskra leikfélaga starfsárið 2007–2008

I Stjórn, starfsfólk og stjórnarfundir

Stjórn Bandalagsins var þannig skipuð á starfsárinu: Þorgeir Tryggvason, Hugleik í Reykjavík, formaður Lárus Vilhjálmsson, Leikfélagi Hafnarfjarðar, varaformaður Þórvör Embla Guðmundsdóttir, leikdeild Umf. Reykdæla, ritari Ingólfur Þórsson, Freyvangsleikh. í Eyjafirði, meðstjórnandi Hrund Ólafsdóttir, Leikfélaginu Sýnum, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu þau Margrét Tryggvadóttir Lf. Rangæinga, Ármann Guðmundsson Hugleik, Ólöf Þórðardóttir Lf. Mosfellssveitar, Guðfinna Gunnarsdóttir Lf. Selfoss og Hjalti Stefán Kristjánsson Hugleik.

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu, þrjár í höfuðstöðvum Bandalagsins í Reykjavík en tveir í tengslum við aðalfundina 2007 og 2008. Stjórnarstörf gengu almennt vel fyrir sig. Fundargerðir eru aðgengilegar á vefnum, og birtast einnig í ársritinu.

Breytingar urðu á starfsmannamálum Bandalagsins í ágúst þegar ritari þjónustumiðstöðvar, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, lét af störfum. Í stað hennar var ráðinn gamalreindur skrifstofumaður, Ármann Guðmundsson. Sigríði eru hér með

þökkuð hennar góðu verk fyrir Bandalagið á skrifstofusviðinu, en næsta víst má telja að aðkomu hennar að málefnum Bandalagsins sé hvergi nærri lokið.

II Starfsemi leikfélaganna

Aðildarfélög Bandalagsins eru nú 62 talsins. Eftir því sem næst verður komist hafa 34 þeirra verið starfandi á yfirstandandi leikári, en að vanda verða nákvæmar tölur um fjölda starfandi félaga og verkefna þeirra ekki fyrirbyggjandi fyrir en styrkumsóknir berast.

Á síðasta leikári voru styrkhæf verkefni 120 (92 leikrit og leikþættir, 28 námskeið talsins) og fullur styrkur reyndist vera 353.000 kr.

Úthlutun styrkja í samræmi við úthlutunarreglur Bandalagsins er eitt ábyrgðar- og fyrirferðarmesta verkefni stjórnar. Úthlutunarreglurnar hafa ekki verið ræddar á aðalfundum um nokkurt skeið en nú þykir stjórn ástæða til að inna fulltrúa félaganna eftir álit á því hvort þær þjóna tilgangi sínum eins og best verður á kosið.

III Starfsáætlun

Að vanda samþykkti aðalfundur 2007 starfsáætlun sem útlistar verkefni stjórnar á starfsárinu. Að þessu sinni var hún reyndar óvenjuviðamikil, með ótal ábendingum og viðaukum sem stjórn hefur reynt eftir fremsta megni að sinna.

Ég mun nú fara yfir hvern lið fyrir sig og tíunda hvað gert hefur verið í viðkomandi málaflokk.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar í samræmi við lög BÍL

Verkefni þjónustumiðstöðvar eru margvísleg eins og allir vita, og felast í þjónustu við leikfélögin á ýmsum sviðum, sölu á leikhústengdum varningi til félaganna og annarra, samskipti við stjórnvöld og önnur leiklistarsambönd heima og erlendis. Einnig fer ekki hjá því að dagleg umsýsla með þeim sérverkefnum sem á döfinni eru lendi á starfsmönnunum og óhætt að segja að þar sé hverri nýrri byrði tekið með bros á vör. Framkvæmdastjóri mun síðar á fundinum leggja fram ársreikning sem mun varpa skýrara ljósi á reksturinn í beinhörðum tölum.

2. Rekstur fasteigna skv. viðhaldsáætlun

Legið hefur fyrir í nokkurn tíma vilji til að selja húsnæðið að Laugavegi 96 og kaupa hentugara og aðgengilegra húsnæði á ódýrari stað. Fyrir lá að eigendur efstu hæðarinnar hefðu hug á að kaupa húsnæðið. Skriður var settur á málið nú á vordögum og verðmat gert, sem hljóðaði upp á 30,3 milljónir. Skömmu síðar barst tilboð frá hinum áhugasömu íbúum þriðju hæðarinnar upp á 25,3 milljónir. Eftir tilboð og gagntilboð standa málin núna þannig að fyrir væntanlegum kaupendum liggur tilboð um að þau greiði okkur 27,5 milljónir fyrir húsnæðið. Tilboðið gildir til 5. maí, þannig að núna á mánudaginn skýrist hvort að þessu verður gengið.

Hugmyndin er að selja núna og koma peningunum í örugga ávöxtun og finna hentugt leiguhúsnæði meðan við leitum að hinu eina rétta. Renturnar munu standa undir húsaleigunni. Ráðgjafar stjórnar í fasteignaheiminum telja þetta vera skynsamlegasta kostinn í stöðunni og vinnum við samkvæmt því.

Það er semsagt allt útlit fyrir að síðsumars axli Bandalagið sín skinn og komi sér fyrir á nýjum stað og í framtíðinni geti því allir félagsmenn leikfélaganna nýtt sér þjónustuna á jafnréttisgrundvelli.

3. Útgáfa Ársrits fyrir leikárið 2006–2007

Ársritið kom út á haustdögum að vanda. Ekki þarf að fjölyrða um nytsemd þess fyrir alla þá sem þurfa að fá yfirlit yfir umfang starfseminnar, og þá ekki síður stjórnarliða og aðra sem þurfa að monta sig og rökstyðja þannig frekari framlög og stuðning. Enn eru nokkur brögð að því að félag láti undir höfuð leggjast að senda inn skýrslu um starfsemi sína til birtingar í ársritinu. Fyrirgreind gagnsemi eykst með hverri innsendri skýrslu þannig að betur má ef duga skal.

4. Starfsemi Leiklistarskóla BÍL skv. námskeiðaáætlun Fulltrúar skólanefndar flytja skýrslu um þetta efni undir liðnum skýrslur nefnda.

5. Rekstur vefsíðunnar leiklist.is skv. tillögum vefnefndar Fulltrúi vefnefndar gerir grein fyrir stöðu mála í netheimum Bandalagsins undir liðnum skýrslur nefnda.

6. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og til einkaaðila til starfsemi áhugaleikfélaganna, þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leiklistarskóla þess Þegar fjárlagafrumvarp fyrir árið 2008 leit dagsins ljós blasti við lítilsháttar niðurskurður á framlögum til starfsemi félaganna og þjónustumiðstöðvarinnar, sem vitaskuld hefði komið sér afar illa. Viðtöl voru bókuð við bæði menntamálaráðherra og fjárlaganefnd. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri hittu ráðherra og hennar fólk og fengu þar þau svör að um væri að ræða flatan niðurskurð á öllum liðum og ekki stæði til að breyta því. Þá sóttu framkvæmdastjóri og varaformaður fjárlaganefnd heim og fluttu þar mál sitt af slíkum skörunsskap að þegar upp var staðið hafði styrkurinn til þjónustumiðstöðvarinnar hækkað um 2,9 milljónir, og um 2,6 milljónir til aðildarfélaganna. Þar með er framlag ríkisins til skrifstofunnar komið í 8,3 milljónir og 25,4 milljónir eru til skiptanna fyrir starfsemi félaganna.

Mikið var rætt á síðasta þingi um nauðsyn þess að herja á einkageirann í leit að fjármagni til starfseminnar. Það er mat stjórnar að raunhæfast sé að sækja fé í þann geira til einstakra, vel skilgreindra og áberandi verkefna og horfir þar einkum til alþjóðlegu leiklistarhátíðarinnar sem ætlinin er að halda á Íslandi eftir rúm tvö ár.

7. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugasýningu ársins

Eins og kunnugt er hreppti Leikfélag Fljótaldalshéraðs þetta hnoss á síðasta ári og sýndi Listina að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar í Kúlunni 7. júní. Tókst það allt hið besta.

Sérverkefni starfsársins

1. Halda einþáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2008 Eins og blasir við þá reyndist ekki vera nægur áhugi fyrir því að halda slíka hátíð að þessu sinni. Orsakir þess eru

vafalaust fjölbreyttar og í sjálfu sér ekki ástæða til að leggja árar í bát, enda geri ég ráð fyrir því að þeir sem til þekkja séu samdóma um að þessar hátíðir hafi verið hin besta skemmtun og áhugaverð hlið á starfseminni. Sjáum hvað setur.

2. Hefja undirbúning NEATA-hátíðar 2010

Undirbúningshópur hátíðarinnar hefur verið skipaður formanni, Lárusi varaformanni og Ólöfu varastjórarkonu. Einnig hafa Ingólfur Þórsson og Guðrún Halla Jónsdóttir verið nokkurskonar norðandeild verkefnisins, þrátt fyrir að Halla sé nú búsett á Selfossi.

Undirbúningur hátíðarinnar er lítið kominn af stað, en þó er búið að ákveða að stefna að því halda hana á Akureyri dagana 3. til 8. ágúst 2010. Við höfum vilýrði yfirvalda í bænum um að nýta hið glæsilega menningarhús bæjarins fyrir hátíðina, auk annarrar fyrirgreiðslu.

Fyrir liggur að sækja um styrk í menningarsjóði Evrópusambandsins vegna þessa verkefnis, mögulega í samvinnu við Dani og Færeyinga, sem eru með barna- og ungmenna-hátíðir á sínu teikniborði.

Stefnt er að því að vinna við þetta risavaxna verkefni hefjist fyrir alvöru á næstu mánuðum.

3. Að stjórn skipi formlega langtímanefnd sem haldi utan um starfsemi handritasafns í samvinnu við starfsmenn þjónustumiðstöðvar

Í nefnd þessari sitja þau Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir Hugleik og Örn Alexandersson Lf. Kópavogs. Starfssvið hennar og verkefni hafa verið í þróun á árinu og skýrslu er að vænta undir liðnum skýrslur nefnda.

4. Að Margt smátt verði haldin í haust í svipuðu formi og verið hefur

Skýrsla um Margt smátt er væntanleg frá framkvæmdanefnd hátíðarinnar.

5. Að stjórn leiti leiða til að tryggja faglega umfjöllun um leiksýningar áhugaleikfélaganna á Leiklistarvefnum

Stjórn velti nokkuð fyrir sér möguleikum á að hrinda þessu verkefni í framkvæmd, en sá enga raunhæfa leið til að koma sér upp launuðum gagnrýnendum. Í ráði er að leita til aðila í öllum landshlutum og kanna hvort fleiri en nú er séu tilbúnir að skrifa um þær sýningar sem þeir sjá upp á sömu bítta og núverandi skribentar; einbert þakklæti áhugaleiklistarfólks.

Bókanir og ábendingar:

– Að stjórn kanni grundvöll fyrir að standa að pakkaferð til Ríga 2008

Stjórn kannaði ýmsa kosti á að hrinda þessari ágætu hugmynd í framkvæmd. Þær kannanir leiddu hins vegar í ljós að ekki væri grundvöllur fyrir slíku. Að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu að fólk sækir hátíðina heim á eigin vegum og munu upplýsingar um þátttökugjöld og aðra praktik verða sendar félögum og birtar á leiklistarvefnum um leið og þær liggja fyrir.

– Að skólanefnd kanni þörf á að hafa leikmynda-, búninga- og ljósanámskeið í samstarfi við félagin víða um land Skýrsla skólanefndar mun greina frá hvernig brugðist var við þessari ábendingu.

– Að ljúka upplýsingahandbók fyrir stjórnir leikfélaga á næsta starfsári

Ekki tókst að uppfylla þessa beiðni og koma þar einkum til ritaraskiptin, en verkefnið var alfarið í höndum Sigríðar Láru. Núverandi og fyrirverandi ritari munu brátt taka höndum saman um að sigla handbókinni í höfn.

– Að starf búninganefndar haldi áfram og að stjórn móti hlutverk nefndarinnar

Búninganefndin mun gera grein fyrir störfum sínum og stöðu málsins undir liðnum skýrslur nefnda.

– Að sótt verði um styrki hjá einkaaðilum vegna sögu Bandalagsins, handritasafns, leiklistarhátíða og stuttverkahátíða.

Eins og áður hefur komið fram hefur stjórn mótað þá stefnu að leita til einkaaðila um styrki vegna NEATA-hátíðarinnar 2010.

Samþykktar tillögur á aðalfundi 2007:

– Stjórn Bandalagsins verði falið að setja af stað nefnd sem endurskoða skal lög Bandalagsins fyrir næsta aðalfund. Fyrir fundinum liggja lagabreytingartillögur sem nefnd skipuð undirrituðum og Guðfinnu Gunnarsdóttur varastjórnarkonu vann og stjórn leggur fram.

– Að stjórn og framkvæmdastjóra Bandalagsins verði falið að selja húsnæði Bandalagsins að Laugavegi 96 og kaupa annað hentugra sem fyrst

Eins og fram kom fyrir í skýrslunni er þetta mál í fullri vinnslu.

IV Erlent samstarf

Erlent samstarf var með blómlegasta móti á árinu. Þrjár íslenskar sýningar lögðu land undir fót.

Íslendingar áttu sýningu á leiklistarhátíð alþjóðasamtakanna IATA í Suður-Kóreu og er það annað skiptið í röð sem við sendum sýningu á þessa hátíð. Að þessu sinni var það sýning Hugleiks og Leikfélags Kópavogs, Memento Mori eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur.

Leikfélag Selfoss sótti Litháen heim og sýndi Hnerrann eftir Anton Tsékov og Michael Frayn í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar á leiklistarhátíð í Rokiskis.

Og núna á fimmtudaginn flutti Hugleikur Útsýni eftir Júlíu Hannam í leikstjórn Rúnars Lund og Silju Bjarkar Huldudóttur á leiklistarhátíð í Västerås í Svíþjóð.

Straumurinn var ekki bara í aðra áttina því vinaleikfélag Leikfélags Húsavíkur í Danmörku, Bagsværd Amatør Scene sótti Húsavík heim og flutti verkið Jøklerne Brænder.

Íslensk ungmenni sóttu sumarskóla NUTU, ungmennadeildar norræna áhugaleikhúsráðsins, NAR. Skráningu er lokið í skólann í sumar og munu 9 íslendingar stefna þangað. Þátttaka annarra Norðurlanda er reyndar heldur dræm og blikur á lofti um hvort af verði að þessu sinni.

Fulltrúi Íslands í stjórn NUTU er Sigríður Eyfjörð, nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð í Reykjavík og hefur hún sótt fundi nefndarinnar.

Framkvæmdastjóri var fulltrúi Íslands á ársfundi IATA sem haldinn var í S-Kóreu í tengslum við fyrrnefnda leiklistarhátíð. Þar sótti Vilborg einnig stjórnarfund í NEATA – Norður-evrópska áhugaleikhúsbandalaginu.

Formaður Bandalagsins situr í stjórn NAR fyrir Íslands hönd og hefur sótt tvo stjórnarfundir á árinu, í Luleå í Svíþjóð og Osló í Noregi. Starfsemi NAR sendur nú á tímamótum, en vegna skipulagsbreytinga í styrkjakerfi norrænu ráðherra-nefndarinnar munu samtökin ekki njóta beinna styrkja í framtíðinni, heldur verða allir styrkir verkefnatengdir.

Enn ríkir óvissa um hvaða áhrif þetta hefur á samstarfið, en það mun skýrast betur á næstu mánuðum. Næsti stjórnarfundur NAR verður í september og mun verða helgaður stefnumótun miðað við þessar breyttu forsendur, og það sama má segja um fyrirhugaða ráðstefnu starfsfólks þjónustumiðstöðva sem í ráði er að halda í Reykjavík í nóvember.

V Lokaorð

Nú fer þessari skýrslu að ljúka. Síðasta starfsár hefur verið viðburðaríkt og annasamt. Fjölmargar nefndir hafa starfað og óvenju mörg sérverkefni verið á borði stjórnar. Stærstu tíðindin eru þó án efa sala húsnæðisins og þeir möguleikar sem skapast við það tækifæri. Sem aftur mun leiða til þess að næsta starfsár verður ekki síður spennandi.

Reykjavík 2. maí 2008

Þorgeir Tryggvason
formaður

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá

Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri lagði fram og skýrði ársreikning 2007.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga

Sigurveig Dögg Þormóðsdóttir, Lf. Sauðárkróks, spurði um á hvað grundvelli stjórn hefði rætt gagnrýndamál, taldi að æskilegt væri að það væri ekki heimamaður sem skrifaði um sýningar. Þorgeir svaraði að hugmyndin hefði verið að koma upp neti hæfra gagnrýnenda á landsvísi sem mundi skrifa um sýningar þegar þeir sæu þær, ekki endilega í sinni heimasveit en þó alveg eins.

Hörður Sigurðarson, Lf. Kópavogs og formaður vefnefndar, taldi umfjöllun um sýningar skipti gríðarlegu máli og að það væri alls ekki fullreynt með þær, skoða ætti hvort ekki væri ástæða til að Bandalagið leggði peninga í þetta málefni, þeim peningum væri betur varið en í margt annað.

Sigurveig stakk upp á að fulltrúar leikfélaga skrifuðu um önnur félög.

Lárus Vilhjálmsson lagði til að stofnaður yrði sjóður sem þau félög sem vildu fá gagnrýni gætu borgað í og yrði síðan notaður til að greiða gagnrýndum einhverja lánmarksupphæð.

Guðrún Halla stakk upp á að þeir sem áhuga hefðu á að skrifa um sýningar gætu skráð sig á lista á vefnum og leikfélögin þá beðið þá að skrifa gagnrýni á sýningar sínar, jafnvel fleiri en einum og gæti þá einn skrifað fyrir leiklistarvefinn og annar t.d. innsenda grein til annarra fjölmiðla.

Hrund Ólafsdóttir taldi að það væri ekki siðferðilega rétt að leikfélögin borguðu undir gagnrýnanda á sínar sýningar, það setti gagnrýndur í erfiða stöðu ef þeir væru ekki hrifnir af sýningum. Einnig taldi hún þurfa að ræða Þjóðleikhússýninguna og dræma þátttöku í keppninni um hana og hvort af mikið væri að hafa bæði Margt smátt og einþáttunguþáttunguhátíð á aðalfundi.

Þorgeir bauðst til þess að halda námskeið í ritun leikdóma í tengslum við næsta aðalfund og hvatti Hrund til að hjálpa sér, sem hún tók vel í.

Bernharð Arnarson, Lf. Hörgdæla, sagði að hallinn á rekstri vefsíðunnar væri óþarfur, það hlyti að vera hægt að ná upp í

kostnað með auglýsingasölu.

Reikningar lagðir fram og samþykktir einróma.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær

a) Hrefna Friðriksdóttir flutti skýrslu skólanefndar:

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 2.–4. maí 2008

Leiklistarskólinn var settur í 11. sinn í júní 2007 að Húsabakka í Svarfaðardal. Þar voru í boði 3 námskeið:

- Leiklist I, kennari Ágústa Skúladóttir, nemendur alls 17.
- Sérnámskeið fyrir leikara, kennari Stephen Harper, nemendur alls 17.
- Sérnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Egill Heiðar Anton Pálsson, nemendur alls 5 talsins.

Samtals voru því 39 nemendur í skólanum í Svarfaðardalnum í fyrra og niðurstaða viðhorfskönnunar benti til mikillar ánægju með skólastarfið.

Stuttu fyrir skólasetningu kom í ljós að gerður hafði verið langtímaleigusamningur við annan aðila um litla leikfimisalinn í kjallara annars hússins að Húsabakka. Þetta kom okkur algerlega í opna skjöldu þar sem við höfum haft þetta rými allt saman á leigu á hverju ári undanfarin 10 ár og svo sannanlega þurft á því að halda fyrir leiklistarnámskeiðin. Rætt var við bæjarstjóra Dalvíkurbyggðar og leigutaka en ekki tókst að ná samkomulagi um að fá afnot af salnum. Við urðum því að láta okkur nægja annað rými á staðnum og það þrengdi nokkuð að námskeiðunum í leiklist.

Gréta Boða hélt byrjendanámskeið í leikhúsförðun í október 2007 og voru þar alls 11 nemendur. Einnig var auglýst framhaldsnámskeið en þátttaka varð ekki næg svo ákveðið var að fresta því til haustsins 2008.

Þá varð einnig að fella niður vegna ónógrar þátttöku fyrirhug- að námskeið um sýningu Þjóðleikhússins á leikritinu Baðstof- an eftir Hugleik Dagsson nú í vor sem halda átti í samstarfi við fræðsludeild Þjóðleikhússins. Námskeiðið var hugsað fyrir höfunda, leikstjóra, listræna hönnuði og aðra áhugasama til að skoða umgjörð, hugmyndavinnu, útfærslu og alla þá listrænu og tæknilegu vinnu sem liggur að baki leiksýningar. Fræðsludeild Þjóðleikhússins hefur lýst áhuga á frekara samstarfi og komið með spennandi hugmyndir, svo sem að bjóða upp á lokuð rabb-kvöld við listræna aðstandendur í tengslum við ákveðnar sýningar í húsinu svo og lengri námskeið. Skólanefnd hefur fullan hug á að skoða samstarf af þessu tagi næsta vetur.

Í júní á þessu ári verða þrjú námskeið í boði í Svarfaðardal- num.

- Leiklist II, kennari Ágústa Skúladóttir, skráðir nemendur eru 18 og 1 á biðlista.
- Sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson, skráðir nemendur eru 13.
- Grunnnámskeið í leikritun, kennari Bjarni Jónsson, skráðir nemendur eru 10 og 4 á biðlista, þar af 2 sem eiga pláss á öðrum námskeiðum.

Í október verður svo eins og áður sagði boðið upp á framhaldsnámskeið í leikhúsförðun. Á síðasta aðalfundi var bókuð ábending um að skólanefnd kannaði þörf á að hafa leik-

mynda-, búninga- og ljósanámskeið í samstarfi við leikfélögin. Skólanefnd gerði sérstaka könnun meðal leikfélaganna um þörf fyrir ljósanámskeið og benda niðurstöður til þess að í kringum 30 manns hafi áhuga á slíku. Næsta vetur er því ráðgert að bjóða upp á námskeið um gervi, leikbúninga, leikmynd og leikhúslýsingu.

Sem endranær hafa húsnæðismál verið rædd á nánast öllum fundum skólanefndar.

Í tengslum við aðalfund BÍL að Hallormstað í fyrra kom upp sú hugmynd hvort sá staður gæti nýst skólanum, húsnæðið var skoðað sérstaklega og virtist gagnkvæmur vilji hlutaðeigandi til að skoða þetta frekar. Í kjölfarið hafa átt sér stað fundir og viðræður milli stjórnar BÍL og forráðamanna menningarmála á Austurlandi. Rétt er að þakka sérstaklega Práni Sigvalda- syni, fyrrverandi formanni Leikfélags Fljótisdalshéraðs, fyrir hans ötula starf í þessu sambandi. Við höfum talið húsnæðið henta mjög vel, m.a. með tilliti til aðgengis fyrir fatlaða, og talsverður áhugi virðist á því að fá skólann austur. Óvissa um tímasetningar og framtíð húsnæðisins, sérstaklega framtíð hótélrekesturs á staðnum, hefur þó sett strík í reikninginn og dregið að endanleg svör fáiast. Þegar fór að líða á veturinn lá fyrir að a.m.k. næðust ekki samningar fyrir sumarið 2008 og að skólinn yrði því það árið enn að Húsabakka. Ákveðið var að gera ekkert frekar í húsnæðismálum að öðru leyti meðan þetta ferli væri í gangi, stefnt var að því að reyna að knýja fram skýrari svör fyrir þennan aðalfund en því miður liggja ákvarðanir austanmanna ekki fyrir.

Litli salurinn á Húsabakka er enn í langtímaleigu. Sú takmörkun hefur afgerandi áhrif á hvaða námskeið hægt er að bjóða upp á og dregur verulega úr kostum þess að hafa skólann að Húsabakka til viðbótar við aðgengisvandamál. Á síðasta aðalfundi var rætt um að senda sveitarstjórnnum landsins fyrirspurn um vænlegt húsnæði og mælir skólanefnd með því að þetta verði gert ef skýr svör liggja ekki fyrir um Hallormstað innan skamms tíma. Skólanefndin horfir annars bjartsýn fram á veginn, við stefnum að annasömu og metnaðarfullu skólaári og ég þakka samnefndarkonum mínum vel unnin störf.

Skólanefnd:

Hrefna Friðriksdóttir
Dýrleif Jónsdóttir
Herdís Þorgeirsdóttir
Gunnhildur Sigurðardóttir
Sigríður Karlsdóttir

Umræður um skýrslu skólanefndar:

Lárus tók til máls og beindi því til stjórnar og skólanefndar að skoða samstarf við aðra aðila, t.d. framhaldsskóla og að athuga hvort finna megi húsnæði sem henti til leiklistarnáms á öllum sviðum, þar með talið tækninámskeið.

Þorgeir tók til máls og innti eftir hversu mörg félög ættu fulltrúa í skólanum, hann vill reyna að breiða út fagnaðarerindi skólans víðar meðal félaga.

Hrefna svaraði fyrirspurnum, en var ekki með fjölda félaga handbæran.

Hrund benti á klausu í menningarstefnu BÍL þar sem rætt er um leiklist fyrir börn og vísaði til aukinnar leiklistarmenntunar grunnskólakennara, hún vill búa til ályktun um eflingu leiklistarkennslu barna og unglunga og þá um leið leiklistarmenntun kennara.

b) Hörður Sigurðarson flutti skýrslu vefnefndar:

Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar 2008 Lögð fram á aðalfundi BÍL á Sauðárkróki 3.–4. maí 2008

Ekki hafa verið breytingar á Leiklistarvefnum undanfarið ár sem orð er á gerandi og er því skýrsla vefnefndar með styttra móti að þessu sinni. Almennir virðast menn telja sem vefurinn þjóni hlutverki sínu vel sem upplýsingaveita fyrir félögin og ekki brýn nauðsyn á róttækum breytingum. Eins og undanfarin ár skipa vefnefnd, undirritaður og starfsmenn þjónustumiðstöðvar, þau Vilborg og Ármann auk Lárusar Vilhjálmssonar.

Eins og venjulega eru það starfsmenn þjónustumiðstöðvar sem sinna að mestu daglegum rekstri með að setja inn fréttir og viðburði auk þess að sjá um uppfærslu leikritasafns. Því miður hefur mjög dregið úr gagnrýni og umfjöllun um leik-sýningar á vefnum. Stjórn hefur haft það mál á sínu borði og vonandi rættist eitthvað úr því.

Vandamál eru þau sömu og verið hafa frá upphafi, sem sé að enn þarf að sækja fréttir til sumra félaga og þá getur verið erfiðleikum bundið að fá þökkalegt myndefni með fréttum. Hér er því ítrekuð sú árlega áskorun til allra félaga að vera duglegri að senda inn fréttir og myndir af starfinu.

Þjónustaðilinn okkar sem hýsir vefinn hefur átt í nokkrum erfiðleikum undanfarið ár vegna mikils álags. Það hefur m.a. lýst sér í að vefurinn hefur verið sambandslaus af og til en þó yfirleitt í stuttan tíma í hvert sinn. Svo virðist sem tölfræðikerfið sem við notum til að fá upplýsingar um aðsókn eigi þar einhverja sök á og er verið að skoða hvað hægt er að gera í því.

Fyrir rúmu ári opnuðum við spjallborðið að nýju fyrir nafnlausum innleggjum en það hefur ekki haft mikið að segja. Eitt og eitt innlegg dettur inn en annars er afar rólegt yfir spjallinu. Eins og venjulega fylgir skýrslu þessari ýmskonar tölfræði sem sýnir aðsókn að vefnum í ýmsum myndum. Þar sést t.d. að aðsókn að vefnum eykst enn þrátt fyrir að ekki hafi mikið breyst. Það má túlka þannig að vefurinn standi traustum fótum og þó ýmislegt megi bæta er ekki ástæða til róttækra


breytinga á næstunni.

Ýmis sóknarfæri eru í sölu auglýsinga á vefinn en eins og stundum er ekki mannskapur né tími til að sinna því. Einstaka leikfélög og tengdir aðilar hafa keypt auglýsingu á undanfögnu ári og þó þar sé ekki um háar upphæðir að ræða munar vefinn þó um þær. Í ráði er að bæta inn fréttabréfseiningu í kerfið sem ætti að auðvelda þjónustumiðstöðinni vinnuna við útsendingu fréttar og annarra upplýsinga.

Ekki er víst að allir átti sig á þeirri fjölbreyttu þjónustu sem veitt er í gegnum vefinn og skal hér því að lokum talið upp það helsta. Á Leiklistarvefnum er að finna:

- Fréttir af aðildarfélögum Bandalagsins, sýningum á þeirra vegum og öðrum viðburðum
 - Fréttir af leiklist á Íslandi í víðu samhengi
 - Handritasafn Bandalagsins þar sem hægt er að leita að verkum eftir fjölbreyttum skilyrðum
 - Upplýsingar um vörur í verslun Þjónustumiðstöðvar
 - Spjallborð um leiklistartengd málefni
 - Eyðublöð vegna umsókna um styrki og fleira
 - Upplýsingar um námskeið og leiklistarhátíðir innanlands sem utan
 - Upplýsingar um öll aðildarfélög BÍL og tenglar á vefi þeirra sem hafa slíka
 - Viðburðadagatal með upplýsingum um nánast allar áhuga-leikisýningar á landinu
 - Upplýsingar um félög og stofnanir sem sinna eða tengjast leiklist á Íslandi sem og utanlands
 - Upplýsingar um leiklistarnám á Íslandi sem og utanlands
 - Greinar og umfjöllun um leikisýningar og ýmislegt annað sem tengist leiklist
 - Upplýsingar um leikstjóra sem gefa kost á sér til vinnu með áhugaleikfélögum
 - Upplýsingar um leiklistartengda styrki
 - Fundargerðir stjórnar- og aðalfunda BÍL
 - Upplýsingar um Leiklistarskóla Bandalagsins
- Eflaust er eitthvað ótalið en eins og sjá má hefur vefurinn afar fjölbreytt hlutverk. Lýkur hér með skýrslu vefnefndar.

Fyrir hönd vefnefndar
Hörður Sigurðarson



Umræður um skýrslu vefnefndar:

Sigurveig Dögg spurði hvort aðildarfélag þurfi að borga fyrir að eiga tengil/hnapp á sína heimasíðu. Fékk þau svör hjá Herði að svo væri ekki.

Árný Leifsdóttir, Lf. Ölfuss, fannst vanta frekari upplýsingar um verkin í leikritasafninu á vefnum. Hörður svaraði því til að leitarmöguleikar væru afar fjölbreytilegir. Hann skýrði einnig frá því að ekki væri sérstaklega unnið að því í dag að vinna upplýsingar um handrit.

Ármann kom upp og sagði að handrit sem skráð séu inn í dag séu alltaf skráð á nákvæman hátt, en hins vegar vanti að lesa yfir og skrá niður útdrátt fyrir um helming leikrita í safni.

Porgeir minnti á gamlan félagsskap, Lestrarhestafélagið, skoða mætti hvort grundvöllur væri fyrir því að endurreisa þann félagsskap til að bæta handritaskráningu. Einnig mætti fylgja beiðni þeim handritum sem send eru út um að viðkomandi myndu gera útdrátt um leið. Hann spurði hvort mögulegt væri að setja inn pláss fyrir persónulega umsögn í vefleitina.

Hörður svaraði því til að vel mætti skoða umsagnarform á vefnum, einnig væri hægt að mynda hóp, búa til lista yfir þá aðila sem mikið lesa leikrit.

Hrund tók til máls og benti á að umsagnir um leikrit yrðu að vera undir nafni og vel ígrundaðar.

c) *Ármann Guðmundsson flutti skýrslu handritasafnsnefndar:*

Skýrsla Handritasafnsnefndar

Handritasafnsnefnd er skipuð þeim Ármanni Guðmundssyni, Hrefnu Friðriksdóttur og Erni Alexanderssyni. Nefndin fundaði þrisvar á leikárinu. Skipunarbréf frá stjórn barst nefndinni ekki í hendur fyrr en eftir áramót þannig að fram að því starfaði nefndin eftir samþykkt frá aðalfundi sem var efnislega talsvert frábrugðin skipunarbréfinu. Samkvæmt því er hlutverk nefndarinnar „að kanna tæknilega kosti á að færa handritasafn Bandalagsins í stafrænt form, svo og kostnað við mismunandi leiðir“ og „að kanna möguleika á styrkveitingum til slíks verkefnis“.

Þegar farið var að skoða málið kom fljótlega í ljós að í raun er málið tiltölulega einfalt. Til þessarar framkvæmdar þarf fyrst og fremst öflugan skanna og þar sem fyrir liggur að í nánustu framtíð þarf að kaupa nýja ljósritunarvél fyrir þjónustumiðstöðina er einsýnt að keypt verður vél sem jafnframt getur skannað. Fyrirspurn hjá þjónustuaðila okkar leiddi í ljós að slík vél kostar í kringum hálf milljón. Leitað verður eftir styrkjum til að fjármagna vélina en nefndin hefur reyndar rökstuddan grun um að sú hækkun sem varð á framlagi ríkisins til skrifstofunnar megi að hluta til rekja til þessa verkefnis. Þegar hefur verið send umsókn í Pokasjóð en ekki ljóst að svo stöddu hvort hann fæst. Verið er að skoða fleiri möguleika á styrkumsóknum.

Annað sem þarf til að vista megi safnið á tölvutæku formi er tölvubúnaður til vistunar og vinnslu, sem í raun er til nú þegar, og OCR-hugbúnaður sem vistar skjöl í ritvinnsluformati og kostar það á bilinu 30–40 þúsund krónur. Einnig þarf að gera ráð fyrir einhvers konar útvistun, annað hvort á flakkara eða á netþjóni en það er óverulegur kostnaður.

Sjálfá skönnunina gæti starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar séð um og miðað við óbreytt starfshlutfall áætla nefndin að þá tæki það 2–3 ár að skanna inn allt safnið. Reynandi væri samt að sækja um styrk til ríkisins til að ráða starfsmann í 50% starf til að sinna þessu og tæki þetta þá mun skemmri tíma. Má gera ráð fyrir að til þess þyrfti um 2 milljónir króna á ársgrundvelli.

Nefndin hefur einnig rætt hugmyndir um umtalsverðar breytingar á hugsuninni á bakvið safnið og útvíkkun á hlutverki þess. Þessar hugmyndir verða kynntar betur síðar.

F.h. handritasafnsnefndar

Ármann Guðmundsson

Umræður um skýrslu handritasafnsnefndar:

Bernharð Arnarson benti á að leigja mætti vél til skönnunar og ljósritunar í stað þess að kaupa.

Porgeir benti á að nú væri lag til útvíkkunar starfsemi handritasafnsnefndar í kjölfar umræðu sem á undan fór.

Guðrún Halla spurði hvort prófa mætti að stofna landshlutasamtök leikhópa sem sækja myndu um styrki til menningar-sjóða í sínum fjórðungi til handritasafnsins og skönnunar þess.

Embla Guðmundsdóttir benti á að hugsanlega myndu slíkir sjóðir gera kröfu um að fá safnið til sín.

Porgeir fagnaði hugmynd Guðrúnar Höllu, en fannst henni að hluta til sóað á þetta atriði, en skoðunarverð fyrir önnur verkefni.

d) *Embla Guðmundsdóttir flutti skýrslu búningasafnsnefndar:*

Skýrsla Búningasafnsnefndar

Starf nefndarinnar reyndist lítið og létt þegar í ljós kom að hugmyndir okkar um búningasafn í samvinnu við Þjóðleikhúsið voru að mestu á misskilningi byggðar. Búningadeild Þjóðleikhússins hyggst ekki láta frá sér safnið sitt nema kannski eitthvað af venjulegum fatnaði sem þarf að grisja úr. Þar á bæ skortir fjármagn og mannskap til að hægt sé að sinna þörfum áhugaleikfélaganna, þótt að fullur vilji sé til þess. Í samtali við fulltrúa búningadeildarinnar kom fram sú hugmynd að Bandalagið þrýsti á ráðuneytið um að bæta við svo sem eins og hálfu stöðugildi hjá þeim til að leysa málið.

Nýverið fékk Kristín Sigvaldadóttir styrk til að opna og próa búningasafn á Akureyri. Lagt er til að fulltrúi Bandalagsins hafi samband við hana og kanni grundvöll fyrir samstarf og samvinnu í framtíðinni.

F.h. búningasafnsnefndar

Embla Guðmundsdóttir

Umræður um skýrslu búningasafnsnefndar:

Vilborg tók til máls og sagði frá því að þjónustumiðstöðin hefði fengið þær upplýsingar frá Þjóðleikhúsinu að það hefði enn þann háttinn á að Bandalagið væri með milligöngu um lán á búningum, sem er ekki rétt.

Guðrún Halla lagði til að „landshlutasamtök norðanmanna“ sækji um styrk til handa búningasafni Kristínar Sigvaldadóttur.

Embla greindi frá því að hennar leikfélag hefði fengið búninga

lánaða í Borgaleikhúsinu í vetur og hefði það verið auðsótt mál.

Porgeir sagði gleðitíðindi að Borgarleikhúsið lánaði sumum búninga, en taldi persónuleg tengsl hverju sinni ráða miklu. Hann vildi einnig kynna starfi Kristínar og fá tengingu við hana inn í stjórn.

e) *Porgeir Tryggvason flutti skýrslu sögunefndar:*

Skýrsla Sögunefndar 2008

Nefndina skipuðu þau Einar Njálsson, Sigrún Valbergsdóttir og Porgeir Tryggvason. Nefndin starfaði að vanda í nánun samstarfi við Bjarna Guðmarsson söguritari og Vilborgu Valgarðsdóttur framkvæmdastjóra.

Ritun sögunnar er lokið, síðustu frágangsatríðin verða ekki unnin fyrr en fyrir liggur hvenær gripurinn fer í prentun, sem ætti að verða á fyrri hluta ársins 2008.

Kápa hefur verið hönnuð og var þar að verki Einar Samúels-son, sem hefur unnið ýmsa hönnunarvinnu fyrir Bandalagið á liðnum árum.

Næstu verkefni eru að safna áskrifendum, sem fá nafn sitt á heillaóskaskrá, „Tabula Gratulatoria“, sem prentuð verður í bókina. Þjónustumiðstöðin hefur unnið margvíslega lista yfir fólk sem vænta má að hafi áhuga á bókinni, og nú er leitað að fólk sem hefur hug á að taka þátt í að hafa samband við þessa aðila.

*F.h. sögunefndar
Porgeir Tryggvason*

Umræður um skýrslu sögunefndar:

Vilborg sýndi fundargestum kápu bókarinnar Allt fyrir an-dann, Sögu Bandalags íslenskra leikfélaga 1950–2000. Verð bókarinnar í smásölu er 5.600 krónur, en í áskrift fyrir heilla-óskaskráningar 4.900 kr. Hún setti af stað skráningu meðal fundarresta og auglýsti eftir sölumönnum.

Porgeir bætti því við að bókin væri bráðskemmtileg og bráðnauðsynleg sem þekkingarauki um hversu miklægt starf hefur verið unnið á vegum Bandalagsins í gegnum tíðina.

Lárus fagnaði því að nú væri bókin að koma út og benti á nauðsyn þess að huga að skráningu næstu 50 ára.

Vilborg benti Lárusi á að sagan næði til ársins 2000 og að útgáfa ársrits kæmi í staðinn fyrir sögu framtíðar og óskaði um leið eftir ítarlegum upplýsingum frá félögum í téð ársrit.

f) *Ármann Guðmundsson flutti skýrslu framkvæmdanefndar Margs smás:*

Margt smátt – Stuttverkahátíð Bandalagsins í Borgarleikhúsinu 6. október 2007 Skýrsla framkvæmdanefndar

Nefndina skipuðu:
Ármann Guðmundsson
Hjalti Stefán Kristjánsson
Hrund Ólafsdóttir
Ólöf Þórðardóttir

Nefndin skipti þannig með sér verkum:

Ármann sá um tengsl við Borgarleikhúsið, Hjalti sá um að halda utan um atburði á undan hátíð og í hléum, Hrund sá um gagnrýni og Ólöf leitaði eftir styrkjum. Kynningarmálum skipti nefndin á milli sín.

Upphaflega stóð til að hátíðin yrði haldin í kringum páska 2007 en þegar ljóst var að ekki fannst dagsetning sem hentaði bæði okkur og Borgarleikhúsinu var ákveðið að fresta hátíðinni til hausts. Fyrir valin varð dagsetningin 6. október og frestur til að tilkynna þátttöku með verk var 21. september. Hátíðin hófst kl. 14 og stóð til kl. 18.

Sex félög sóttu um að vera með alls 18 sýningar en þrátt fyrir að ákveðið væri að fækka ekki sýningum þar sem heildar- lengd þeirra var innan þess tímaramma sem settur hafði verið, ákvað Hugleikur að draga til baka 3 af sínum sýningum þannig að sýningarnar urðu 15. Þær voru:

*Freyvangsleikhúsið með:
Hlé! eftir Hjálmar Arinbjarnarson*

*Halaleikhópurinn með:
Uppihvað?*

*Hugleikur með:
Hver er þessi Benedikt? eftir Júlíu Hannam
Fyrir eftir Hrefnu Friðriksdóttur
Mikið fyrir börn eftir Þórunni Guðmundsdóttur og Hrefnu Friðriksdóttur
Munir og minjar eftir Þórunni Guðmundsdóttur
Næturstaður eftir Sigurð H. Pálsson
Pappírs-Pési eftir Unni Guttormsdóttur
Verðum í bandi eftir Árna Friðriksson
Þriðji dagurinn eftir Sigurð H. Pálsson*

*Leikfélag Kópavogs með:
Jesú getinn eftir Bjarna Baldvinsson*

*Leikfélag Mosfellssveitar með:
Hverjum ætti að refsa eftir Agnesi Þorkelsdóttur Wild
Pennan dag eftir Sigrúnu Harðardóttur*

*Leikfélagið Sýnir með:
Hamar eftir Hörð Skúla Danielsson
„Og hef ég þann sopa sætastan sopið“ eftir Hrund Ólafsdóttur*

Undirbúningur hátíðarinnar er kominn í nokkuð fastar skorður en þó var bryddað upp á þeirri nýbreytni að gera meira úr umgjörð hátíðarinnar en stundum áður, þátttakendur fóru með trumbuslætti í skruðgöngu í gegnum Kringluna fyrir hátíðina, uppákomur, leikin atríði og tónlistarnúmer voru í hléum og um kvöldið var haldið party sem tókst einkar vel. Allt þetta átti þátt í að gera þessa hátíð „hátíðarlegri“ en tvær síðustu.

Samstarfið við Borgarleikhúsið gekk algjörlega snurðulaust. Bæði var tengiliður Borgarleikhússins, Steinunn Knútsdóttir og svo þeir starfsmenn sem húsið lét okkur í té, öll af vilja gerð að aðstoða okkur og allt sem upp kom var leyst eins og hendi væri veifað. Verður þar sérstaklega að þakka Kára Gíslasyni ljósamanni, Guðrúnu Lilju Magnúsdóttur sviðsstjóra og Guðmundi Viðarssyni hljóðmanni (nefndin sendi reyndar tölvupóst með þökkum til þeirra til Borgarleikhússins). Einnig lagði Borgarleikhúsið til kynningarnet sitt, bæði í dálki sínum í dagblöðum og í dreifingu fréttatilkynninga.

Guðjón Pedersen Borgarleikhússtjóri flutti stutt ávarp í byrjun hátíðar og Lárus Vilhjálmsson varaformaður Bandalagsins einnig. Gagnrýnandi hátíðarinnar var Harpa Arnardóttir og flutti hún stutta umfjöllun að sýningum loknum og skilaði svo ítarlegri skriflegri umfjöllun á Leiklistarvefinn. Mæting á hátíðina var ágæt, svipuð og undanfarnar hátíðir og gaman að sjá hve mikið af „okkar fólki“ mætir og tekur þátt í hátíðinni sem áhorfendur þótt það sé ekki að taka þátt í sýningum beint.

Það er mat nefndarinnar að þessi hátíð sé búin að sanna sig sem skemmtilegur og gefandi þáttur í starfsemi Bandalagsins. Þótt óvenju fá félög hafi tekið þátt í þetta skiptið þá virðist enginn hörgull á verkum og hátíðin styður við þann mikla vaxtarbrodd sem er í ritun stuttverka innan áhugahreyfingarinnar og er höfundum innan leikfélaganna hvatning til frekari dáða. Á þessum fjórum hátíðum sem haldnar hafa verið hafa 13 leikfélög sýnt alls 59 verk, nánast öll samin (eða þydd) af fólki úr okkar röðum. Þegar við bætist að ef frá er talin prentun á leikskrá og plakati er þessi hátíð okkur nánast að kostnaðarlausu, teljum við það engum vafa undirorpið að halda skuli þessu samstarfi áfram, í það minnsta annað hvert ár.

*F.h. framkvæmdanefndar Margs smás
Ármann Guðmundsson*

Umræður um skýrslu framkvæmdanefndar Margs smás:
Lárus lýsti yfir að hann hefði haft efasemdir um hátíðina vegna dræmrar þátttöku félaga. Hún væri fyrst og fremst stunduð og sótt af leikfélögunum á suðvesturhorninu og spurning hvort þau eigi ekki bara að halda þetta án þess að Bandalagið komi neitt þar að.

Margrét benti á að mörg félög teldu að á hátíðinni mætti bara sýna ný verk, ekki verk sem sýnd hafa verið áður og því fyndist hennar félagi það ekki eiga heima þarna.

Ármann andmælti Lárusi og sagði að Borgarleikhúsið bjóði Bandalaginu að halda hátíðina, ekki einstökum aðildarfélögum þess. Hann benti á að kostnaður yrði nánast enginn við hátíðina eftir að ný ljósritunarmál verður keypt, hátíðin væri fyrir alla og ekki þyrfti að vera um nýtt efni að ræða, það kæmi hvergi fram. Hann andmælti einnig því að Margt smátt væri að gera út af við einþáttungahátíðir í tengslum við Bandalagsþing, aðstæður væru einfaldlega breyttar og aðsókn á Bandalagsþing hefði verið að minnka jafnt og þétt undanfarin ár. Hann vill skoða það að halda Margt smátt aftur í haust.

Þorgeir kvaðst vilja að áhersla yrði lögð á að Margt smátt sé ekki nýverkahátíð næst þegar hún verður haldin, nú þegar sé til mikið efni sem henti til sýninga á þessari hátíð.

Sigurveig sagði að þrátt fyrir að mörg leikfélög notfæri sér ekki þjónustu á borð við leiklistarhátíðir eins og t.d. Margt smátt, þýddi það alls ekki að það ætti að hætta að halda þær.

Lárus sagði að það sem hann átti við væri að svona viðburðir ættu sífellt að vera í endurskoðun, ekki vera sjálfgefni.

Hrund sagði að áhyggjur Margrétar ættu sannarlega rétt á sér og það yrði að stuðla að því að breyta þessum hugsunarhætti.

Þorgeir sagði að ekki væri hægt að dæma um hvort einþáttungahátíðir væru liðin tíð þó svo að ekki hafi orðið af henni í þetta skipti, fyrir því gætu verið ýmsar ástæður. Við þyrftum að reyna aftur og ef engin þátttaka verður þá þyrftum við að hugsa okkar gang.

Margrét Tryggvadóttir sagði að ástæðan fyrir hennar upplifun væri sú að þegar leikfélagið hennar tók þátt í Mörgu smáu og var eina félagið með verk sem var ekki frumsamið snérist gagnrýnin að verulegu leyti um verkin sjálf, ekki sýninguna.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa

Þorgeir kynnr drög að starfsáætlun. Hann benti á að orðalagi hefur verið breytt frá fyrri fundum. Lárus skiptir fundarmönnum í hópa.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í Regína kynnti stöðu í stjórnmálum.

12. Lagabreytingar

Þorgeir kynnti lagabreytingartillögur stjórnar. Þær eru fyrst og fremst aðlögun laganna að því hvernig vinnulag hefur verið í raun.

Elva Dögg lagði til að sett yrði inn „Bandalagsins“ til skýringar í breytingu á 4. grein.

Stjórn fór fram á leyfi fundarins til að gera tillögu Elvu að sinni og fékk það. Greinin samþykkt einróma þannig.

Vilborg gerði þá breytingartillögu, að í 6. grein myndi standa „fundarboði skuli fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur“. Breytingartilaga stjórnar með viðbót Vilborgar samþykkt einróma.

Breytingartilaga stjórnar á 7. og 8. lið samþykktar með öllum atkvæðum.

10. grein er viðbót við lögin. Hörður Sigurðarson og Guðrún Halla Jónsdóttir lögðu til breytingu við 10. grein sem hljómar „Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk hennar“. Að öðru leyti stæði tillaga stjórnar. Samþykkt einróma.

Breytingar á 12. og 13. grein samþykktar.

Lagabreytingar með framkomnum breytingartillögum samþykktar í heild. (Sjá lögin í heild á bls. 42)

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn

Vilborg lagði til að 1,5 milljón af verkefnastyrknum frá ríkinu færi til að borga prentun Sögu Bandalagsins. Samþykkt einróma.

Hópastarf vegna starfsáætlunar unnið og hópar skiluðu niðurstöðum:

Hópur 1

Niðurstöður umræðna í starfshópi 1 voru á þessa leið:

- Að skoðaðar verði leiðir til að hvetja þau félög sem ekki hafa sent fólk í Bandalagsskólann til að gera það, t.d. með styrkjum eða tilboðum fyrir fyrsta nemandan.
- Að gerður verði út fulltrúi til að fara um landið og skoða möguleika á staðsetningu fyrir Bandalagsskólann.
- Bæta þyrfti verslunarhluta leiklist.is, t.d. með myndum af vörum og betri upplýsingum um þær.
- Bandalagið ætti að koma fjárhagslega til móts við leikfélögin til að hægt sé að fjármagna faglega umfjöllun um sýningar.
- Heyrst hefur að félög sem telja sig hafa frambærilega leik-sýningu, sækji ekki um Athyglisverðustu áhugaleiksýninguna vegna þess að ekki sé víst að félagið geti sýnt í Þjóðlekhúsinu á venjubundnum tíma. Að okkar mati er þetta röng hugsun,

aðalatriði Athyglisverðustu áhugaleiksýningunnar er viðurkenningin sem felst í valinu. Sýning í Þjóðleikhúsinu er bónus í því samhengi, ekki aðalatriðið.

Hópur 2

1. Almenn.

a) Rekstur þjónustumiðstöðvar.

Hópurinn mælir með því að kaupþilboðinu í húsnæði á Laugaveginum verði tekið, leigt og leitað að hentugu, aðgengilegu húsnæði sem keypt verði við fyrsta tækifæri.

b) Leiklistarskólinn.

Rætt var jákvætt um skólann. Mælt með mismunandi námskeiðum, styttri helgarnámskeiðum auk námskeiðanna í sumarskólanum.

Rætt var um kynningu á skólanum og hvernig hægt væri að ná til þeirra leikfélaga sem ekki hafa sent nemendur. Rætt um að það vanti tengsl milli skólans og þessara leikfélaga og nefnd sú hugmynd að virkja þá sem hafa farið í skólann í því að kynna skólann vel í sínum landshluta. Nefndir voru sæludagar/þemavikur framhaldsskólanna sem vettvangur til kynningar. Einnig að skrifa dagbók í skólanum sem verði sýnileg á forsiðu vefsins.

c) Leiklistarvefurinn.

Ánægja með vefinn. Gott að setja inn hnapp til að stækka letrið. Rætt um hvaða fréttir birtast á sjálfri forsiðunni og hverjar rata beint í dálkinn til hægri. Spurning hvort hægt er að tryggja að fréttir af frumsýningum félaganna viki ekki fyrir öðrum fréttum á forsiðunni.

d) Aðrir fastir liðir í starfsemi.

Rætt var um kynningu á Bandalaginu og mikilvægi þess að virkja staðarblöð þar sem Bandalagsþing eru haldin til að segja frá þinginu og starfi Bandalagsins, svo sem skólanum.

2. Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum.

Já.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.

Nefnt var mikilvægi þess að tryggja að leikhópnum standi til boða að sýna á stóra sviðinu. Þá var nefnt að minni áhugi virðist vera á þessu hjá Þjóðleikhúsinu eftir leikhússtjóraskiptin, svo sem viðvera leikhússtjóra á sýningu og boð eftir sýningu. Samstarfið er engu að síður áhugavert og sjálfsagt að halda því áfram meðan vilji er hjá Þjóðleikhúsinu og einhverjir sækja um.

Sérverkefni ársins

1. Halda áfram undirbúningi NEATA-hátíðar 2010.

Gott mál. Rætt um að gera hefði mátt betur grein fyrir starfi NEATA á þessum fundi, svo sem undirbúning að þátttöku Íslands í NEATA-hátíðinni í haust. Mjög æskilegt að hefja kynningarstarf fyrir NEATA-hátíðina á Íslandi sem allra fyrst, sérstaklega innan félaganna til að þau geti undirbúið sig fyrir þátttöku. Mjög spennandi ef sem allra flest félög bitast um að sýna á hátíðinni og mikilvægt að sem allra flestir úr hreyfingunni mæti sem áhorfendur.

2. Hefja skönnun á handritasafni Bandalagsins.

Já endilega. Gott að móta frekar hlutverk safnsins. Mikilvægt að fyrirkomulag á varðveislu taki mið af því með hvaða hætti á að miðla handritum. Hnykk á mikilvægi þess að skrifa útdrætti, tekið jákvætt í hugmyndir sem hafa komið fram um þetta, eins og að virkja þá sem vitað er að lesa leikritin. Gott

að fram komi hvort og hverjir hafi sýnt verk hér á landi.

3. Úthlutunarreglurnar.

Mikilvægt að reglurnar séu aðgengilegar, t.d. kynntar á vefnum. Rætt um tímalengd sýningar í fullri lengd, algengara að sýningar séu styttri en 90 mínútur og spurning með að skoða að stytta þetta.

Rætt um hvað fælist í sérstöku frumkvæði, gott að hafa það opið en spurning um að taka dæmi svo sem um frumsamda tónlist.

4. Margt smátt.

Rætt um hátíðarbraginn. Sú skoðun kom fram að hér áður hefðu komið áhorfendur víðar að en innan Bandalagsins og það hefði skapað mikla stemmingu. Gagnrýniverkt að leikfélögin sem voru að sýna á síðustu hátíð horfðu sum hver ekki einu sinni á aðrar sýningar. Þá er mikilvægt að gera hlé milli sýninga og gagnrýni til að gefa þeim almennu áhorfendum sem vilja kost á að fara enda er gagnrýnin kannski fyrst og fremst fyrir þátttakendur.

Hópurinn gerir þá tillögu að hátíðin Margt smátt verði haldin leikárið 2008–2009 í svipuðu formi og verið hefur.

5. Gagnrýni/umfjöllun um leiksýningar.

Alvarlegt að blöðin neita stundum að birta fréttatilkynningar um leiksýningar. Spurning hvort að stjórn BÍL eða sérstök nefnd verði skipuð til að skoða sameiginlegar áherslur í kynningarmálum, þ.e. varðandi almenna umfjöllun um áhugaleiklistina, koma upp lista af tengiliðum hjá fjölmiðlum, skipuleggja PR-námskeið fyrir leikfélögin og skoða nánar umfjöllun/gagnrýni um sýningar. Hópurinn mælir með því að leikfélög verði hvött til að greiða í gagnrýnendasjóð og Bandalagið komi sér upp lista yfir þá sem eru til í að skrifa. Frábær hugmyndin um námskeið Þorgeirs og Hrundar í gagnrýnskriðum, spurning með að hafa það strax í haust.

Hópur 3

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar er í góðum höndum.

Leiklistarskólinn: Almenn ánægja er með skólann en við veltum fyrir okkur hvort það væri betra að rótera um landið með hann. Endilega halda áfram að leita að hentugu húsnæði.

2. Vefnefnd. Beinum því til skrifstofu að biðja leikfélögin um umsagnir um þau leikrit sem þau setja upp, þannig mætti bæta listann á vefnum og auðvelda val á leikritum. Einnig mætti setja upp lista með þeim verkum sem félögin eru að sýna.

3. Endilega halda áfram að pressa á menntamálaráðherra og fjárlaganefnd að hækka styrki til skrifstofu og aðildarfélaga. Hvetjum jafnframt aðildarfélögin til að sækja um styrki til fjórðungssambanda og sjóða í heimahéraði. Endilega byrja að sækja um styrki til einkaaðila vegna Leiklistarhátíðarinnar 2010.

4. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið, en gaman væri að fá lista yfir þær sýningar sem sækja um og birta hann á vefnum til að skapa umræður og stemmingu.

Sérverkefni:

1. NEATA 2010. Beinum þeim tilmælum til stjórnar að setja á fót fastanefnd sem vinni að fjármögnun NEATA-hátíðinnar 2010 og sú nefnd taki til starfa sem fyrst.

2. Handritasafn. Hefja skönnun á handritasafni en kanna hvort ekki fáiast styrkir til verksins sem standa straum af auknu vinnuálagi, t.d. til Reyjavíkurborgar, Atvinnuþryggingarsjóðs og

í menningarsjóði svo eitthvað sé nefnt.

3. Úthlutunareglur. Leggjum til að fullur styrkur miðist við 70 mínútna sýningar lengd. Styrkir vegna námskeiða verði endurskoðaðir og verði í samræmi við umfang og kostnað námskeiða.

4. Margt smátt. Halda áfram samstarfi við Borgarleikhúsið en finna leið til að kynna betur hvað fer fram á þessari hátíð, sérstaklega fyrir þeim félögum sem ekki senda verk. Kannski þarf að fara af stað í haust með átak, stjórn og varastjórn hringi eða heimsæki fóstrfélögin sín og kynni Margt smátt og haustfund ef hann verður. Leggjum til að skoða áhuga á Mörgu smáu í haust.

5. Gagnrýni. Stofna sjóð sem þau félög sem vilja fá til sín gagnrýnanda borgi í, listi yfir þá sem gefa kost á sér verði til á skrifstofunni. Frábært ef Toggi og Hrund halda námskeiðið „Hvernig skrifa á gagnrýni“ í tengslum við haustfund, aðalfund eða vetrarnámskeiðin á vegum Bandalagsins.

Hópur 4

Niðurstöður umræðna í starfshópi 4 voru á þessa leið:

- Almenn ánægja er með rekstur og þjónustu þjónustumiðstöðvarinnar og hugmyndir um sölu húsnæðisins og flutning í annað þar sem aðgengi er gott. Æskilegt er að halda megi styttri námskeið í húsnæðinu. Nauðsynlegt er að halda námskeið í stjórnun leikfélaga reglulega.
- Fólk er ánægt með vefinn en vill fá kennslu í möguleikum hans, t.d. hvernig ítarleg leit virkar.
- Hópurinn leggur til að Lestrarhestafélagið verði endurvakið á þessum fundi.
- Hópurinn lýsir yfir ánægju með skólann, þ.e. þeir úr honum sem þekja til hans, en hefur áhyggjur af aðgengismálum.
- Lagt er til að hugmynd um landshlutasamtök verði skoðuð.
- Ánægja er með hvað varaformanni og framkvæmdastjóra gekk vel að fá fjárfrahlög hækkuð á fundi með fjárlaganefnd.
- Ástæða er til að hvetja leikfélögin til að vera virk þegar kemur að NEATA-hátíðinni og kynna hana jafnramt vel á leiklist.is. Benda má leikfélögunum á að velja verk til sýninga næsta leikár með hliðsjón af því að þær henti fyrir hátíðina. Einnig þyrfti að hvetja fólk til að upphugska leiðir til að fá styrki fyrir hátíðina og miðla upplýsingum um aðferðir ef þær gefast vel.
- Vilji er fyrir því í hópnum að Margt smátt verði haldið næsta haust en jafnframt að boðið verði upp á einþáttungahátíðir meðfram aðalfundum annað hvert ár.
- Lagt er til að stofnaður verði gagnrýnisjóður og að stjórn móti reglur hans og skipunarbréf.
- Varðandi úthlutunarreglurnar vill hópurinn að styrkir vegna námskeiða verði hækkaðir í takt við þróun verðlags.

Umræður um starfsáætlun:

Porgeir auglýsti eftir að einhver tæki að sér að skrifa eiginlega tillögu til stjórnar um skipun gagnrýnisjóðs. Einnig um annað það sem menn vilja að fari inn sem tillögu. Hann lýsti yfir ánægju með áhuga á erlendu samstarfi og greindi lítillga frá starfssemi NEATA.

Lárus lagði til að hvert leikfélag þyrfti að borga í gagnrýnisjóð í samræmi við fjölda sýninga þess á leikári, ef af stofnum sjóðsins yrði.

Ólöf Þórðardóttir lagði fram eftirfarandi tillögu:
Að haldinn verði haustfundur 2008.

Hörður lagði með eftirfarandi tillögu:

Að mótaðar verði tillögur að skipulegri umfjöllun um leiksýningar áhugaleikfélögunna t.d. með stofnun sjóðs, sem Bandalagið annars vegar og áhugaleikfélögin hins vegar, greiða í árlega til að standa straum af kostnaði.

Hörður bauðst fyrir hönd Lf. Kópavogs að halda haustfund með fyrirvara um samþykki stjórnar félagsins.

Lárus efaðist um að tillaga Harðar væri næg ástæða til að halda haustfund. Það þyrfti að skoða með tilliti til kostnaðar og þarfar.

Porgeir benti á að í loftinu lægju hugmyndir um námskeið í gagnrýniskrifum, stjórn leikfélaga og kynningarmálum. Spurði hvort það væri mögulega eitthvað sem hægt væri að gera í haust í samfloti við stuttan haustfund.

Hrefna lagði fram þrjár tillögur:

– *Að starf handritasafnsnefndar haldi áfram í samræmi við bókun síðasta aðalfundar og að stjórn móti frekar hlutverk nefndarinnar. Hún rökstuddi það með því að nauðsynlegt væri að vita hvað ætti að gera við handritasafnið áður en farið væri út í að skipuleggja varðveislu.*

– *Að skólanefnd skoði möguleika á að skipuleggja námskeið næsta vetur um stjórnun leikfélaga, kynningarmál og umfjöllun/gagnrýniskrif um leiksýningar.*

– *Að Margt smátt verði haldin haustið 2008 með svipuðu sniði og verið hefur.*

Ásta Gísladóttir varpaði fram þeirri hugmynd að umbuna mætti leikfélögum í fyrsta sinn sem einhver kæmi frá þeim í Leiklistarskólann, t.d. með verulegum afslætti af skólagjaldi fyrir fyrsta nemandann.

Bernharð Arnarson spurði hvort ástæða væri til að umbuna þeim sem ekki hefðu sótt skólann hingað til.

Hörður taldi það tilraunarinnar virði að athuga hvort það skilnaði fjölbreyttari flóru frá leikfélögunum í skólann.

Porgeir taldi aðalatriði í tillögu Ástu vera að leita ætti leiða til að fá fleiri félög til að sækja skólann.

Hrefna sagðist telja að réttast væri að gera þetta í gegnum styrkjakerfi Bandalagsins, ekki í gegnum fjárhagsáætlun skólans. T.d. með hærri styrk til þeirra félaga sem búa langt frá skólanum.

Guðrún Halla sagði að úthlutunarreglur þyrfti ekki að samþykkja á aðalfundi, stjórn gæti breytt þeim að vild.

Lárus sagðist telja að aðalfundur geti ákveðið úthlutunarreglur sem stjórn þyrfti þá að fara eftir. Þó svo að það hefði ekki gerst ennpá.

Halla varaði við að settar væru niðurnjörfaðar tillögur um úthlutunarreglur þar sem það væri stjórnin sem þyrfti að vinna eftir þeim og vissi best hvernig þær virkuðu. Hún lýsti yfir stuðningi við 100% styrk fyrir 80 mínútur.

Porgeir sagðist ekki skilja hvers vegna stjórn breytti úthlutunarreglum eftir sínum geðþótta. Henni bæri siðferðileg skylda til að bera tillögur sínar undir aðalfund. Því væri það

ekki eðlilegt að nein önnur samkoma en aðalfundur breytti reglunum.

Hörður sagði að sér þætti fullur styrkur fyrir 70 mínútna langa sýningu of mikil stytting í einu skrefi og sagðist telja að 80 mínútur væri hæfilegt.

Hrund hvatti leikfélögin til að bjóða stjórn Bandalagsins á frumsýningar og lagði til að á móti mundi Bandalagið borga ferðakostnað fyrir 1–2 á viðkomandi stað. Slíkt mundi styrkja tengsl stjórnar og félaganna.

Lárus bað um að skýr mörk yrðu sett á milli starfsáætlunar og annarra tillagna og að hlé yrði gert á fundinum til morguns svo að stjórn gæti glöggvað sig á stöðu mála. Samþykkt.

Fundi frestað til morguns.

4. maí – aðalfundi haldið áfram

Fundarstjóri setti fund og kynnti tillögur stjórnar ásamt þremur breytingartillögum. Fyrst var farið yfir tillögu stjórnar að starfsáætlun og þau sérverkefni sem tillögur höfðu borist um til viðbótar við þær, en það voru tillögur Hrefnu um að halda Margt smátt nk. haust, um að skólanefnd móti tillögur að námskeiði og um handritasafnsnefnd, tillaga Ólafar um að haustfundur verði haldinn í ár, auk tillögu Harðar um að unnið verði að stofnun sjóðs til að greiða fyrir umfjallanir um sýningar.

Tillögur að starfsáætlun allar samþykktar sem og allar aukatillögur að sérverkefnum.

Starfsáætlun veturinn 2008–2009 hljóðar því svona:

Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2008–2009

Almenn starfsemi

1. *Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.*

2. *Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.*

3. *Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.*

Sérverkefni ársins

1. *Halda áfram undirbúningi NEATA-hátíðar 2010 og hefja fjármögnun hennar, m.a. með umsókn í menningarsjóð ESB.*

2. *Hefja skönnun á handritasafni Bandalagsins.*

3. *Margt smátt verði haldin í haust í svipuðu formi og verið hefur.*

4. *Starf handritasafnsnefndar haldi áfram í samræmi við bókun síðasta aðalfundar og að stjórn móti frekar hlutverk nefndarinnar.*

5. *Skólanefnd skoði möguleika á að skipuleggja næsta vetur námskeið um stjórnun leikfélaga, kynningarmál og umfjöllun/gagnrýniskrif um leiksýningar.*

6. *Að haldinn verði haustfundur 2008.*

7. *Mótaðar verði tillögur að skipulegri umfjöllun um leik-sýningar áhugaleikfélaganna, t.d. með stofnun sjóðs sem Bandalagið annarsvegar og áhugaleikfélögin hinsvegar greiða í árlega til að standa straum af kostnaði.*

Aðrar tillögur lagðar fram:

Árný Leifsdóttir Lf. Ölfuss lagði fram eftirfarandi tillögu: *Ég, undirrituð, legg til að hópurinn Lestrarhestar verði endurlífgaður. Tilgangurinn er að lesin verði handrit í eigu Bandalagsins og útdráttur unninn úr þeim. Útdrátturinn verði síðan birtur á Leiklistarvefnum til að auðvelda aðildarfélögum verkefna.*

Tillaga Árnýjar Leifsdóttur um að endurvekja Lestrarhestafélagið samþykkt.

Lárus Vilhjálmsson lagði til að fullur verkefnastyrkur greiðist fyrir 80 mínútna verk og lengri í stað 90 mínútna og að styrkur til félaga vegna nemanda í Leiklistarskólanum yrði hækkaður úr 5.000 kr. í 8.000 kr.

Vilborg benti á að kannski væri fullbratt að leggja fram breytingartillögur við styrkjakerfið án kynningar á meðal aðildarfélaganna. Einnig benti hún á að jafnvægi væri í styrkveitingu vegna mjög mismunandi tímalengdar námskeiða. Auðvelt væri að setja hlutfall inn í reglurnar.

Þorgeir tók undir athugasemd Vilborgar um að kynna hefði mátt þessa tillögu betur, hins vegar séu breytingarnar ekki það umfangsmiklar að ekki sé hægt að samþykkja þær.

Ingólfur Þórsson gerði athugasemdir við að of hratt væri farið í málið og vildi láta leggja tillöguna fram í tvennu lagi. Einnig taldi hann að taka ætti meiri tíma í móta tillögur sem þessar og jafnvel athuga hvort ekki væri fleira sem mætti laga.

Lárus samþykkti að skipta þeim í tvennt.

Guðrún Halla lagði fram breytingartillögu um að upphæðin sem veitt yrði í styrk væri tengd við lengd námskeiðsins..

Vilborg lagði til að seinni tillagan yrði dregin til baka, unnin betur og lögð fram á næsta þingi. Fundurinn samþykkti það.

Tillaga um styttingu tímalengdar úr 90 mínútum í 80, til að leiksýning teljist í fullri lengd, samþykkt.

15. Stjórnarkjör

Regína Sigurðardóttir greindi frá hverjir gæfu kost á sér. Til aðalstjórnar voru það Hörður Sigurðarson Leikfélagi Kópavogs, Guðfinna Gunnarsdóttir Leikfélagi Selfoss, Ingólfur Þórsson Freyvangsleikhúsinu, Ólöf Þórðardóttir Leifélagi Mosfellssveitar, Hanna Bryndís Þórisdóttir Leikfélagi Sauðárkróks og Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir Leikfélagi Sauðárkróks. Kosningu hlutu Ingólfur, Hörður og Guðfinna.

Til varastjórnar buðu sig fram Elva Dögg Gunnarsdóttir Leikfélagi Hafnarfjarðar, Halla Rún Tryggvadóttir Leikfélagi Húsavíkur, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir Hugleik og Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir Leikfélagi Sauðárkróks. Kosningu hlutu Halla Rún og Sigríður Lára til 2 ára og Elva Dögg til eins árs.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

b. Kosning 2ja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs.

Úr kjörnefnd gengu Regína Sigurðardóttir Leikfélagi Húsavíkur og Hjördís Pálmadóttir Freyvangsleikhúsinu. Örn Alexandersson Leikfélagi Kópavogs gaf kost á sér áfram og var einróma kjörinn ásamt Dyrleifi Jónsdóttur Leikfélagi Hafnarfjarðar og Hrund Ólafsdóttur Leikfélagi Kópavogs. Varamaður var kjörinn Gunnsteinn Sigurðsson Leikfélagi Ólafsvíkur.

Skoðunarmenn reikninga verða áfram Hrefna Friðriksdóttir Hugleik og Anna Jörunn Stefánsdóttir Leikfélagi Hveragerðis. Til vara Júlía Hannam Hugleik.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins

Lárus ber fram tillögu stjórnar að óbreyttu árgjaldi leikfélaganna:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarféлага fyrir leikárið 2008–2009 verði kr. 40.000. Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 60.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 80.000. Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf gjald eða kr. 20.000.

Tillagan samþykkt.

18. Önnur mál

Þorgeir þakkaði fráfarandi stjórnar- og varastjórnarfólki fyrir samstarfið og sagðist hlakka til samstarfs við þá nýkjörnu í framtíðinni. Hann opnaði fyrir umræðu um „samningamál“ við leikstjóra. Nokkurs misskilnings virðist gæta, sérstaklega innan raða leikstjóra, um málið. Hann auglýsti eftir að fólk tjáði sig um reynsluna af núverandi fyrirkomulagi.

Vilborg hvatti til þess að Lestrarhestanefndin yrði stofnuð á fundinum, annars væri hætt á að ekkert yrði af neinu. Hún minnti fólk á fyrirhugaða ferð á NEATA-hátíðina í Lettlandi og kynnti svar við fyrirspurn um gistingu o.p.h. Frestur er til 15. maí til að skrú sig í ferðina. Hún þakkaði fráfarandi stjórnar- og varastjórnarfólki fyrir samstarfið og sagðist hlakka til samstarfs við nýtt fólk.

Hörður þakkaði traustið sem honum var sýnt. Hann spurði hvaða forsendur nefndin sem valdi sýningu á NEATA í Lettlandi hefði gefið sér.

Lárus sagði að valnefndin hefði einungis valið það verk sem hún taldi best. Hann taldi ekki rétt að velja eftir einhverjum öðrum forsendum, þrátt fyrir að félögin sem fara hafi verið þau sem oftast hafa farið á slíkar hátíðir.

Hörður sagði að gæði ættu vissulega að vera aðalforsenda en þar sem sýning sem ekki var valin var útnefnd athyglisverðasta áhugasýningin í vali Þjóðleikhússins sl. ár var ljóst að hún stóð fullkomlega undir gæðakröfum.

Guðrún Halla lýsti aðstæðum í leikhúsinu í Riga þar sem NEATA-hátíðin verður, sem hún sagði frábæra. Hún kvatti fólk eindregið til að fara á hátíðina. Hún óskaði Halaleikhópnum til hamingju með sigurinn í Þjóðleikhússamkeppninni. Hún lýsti yfir að hún væri sammála Herði um að þegar að í boði væru tvær jafnframbærilegar sýningar ætti að nota tækifærið og senda félag sem ekki hefði farið áður.

Ármann lýsti ánægju sinni með skráningu í Lestrarhestafélagið, formaður muni búa til leiðbeiningar um skráningu. Ármann leggur til að fólk byrji á því að skoða hvaða handrit félögin eiga sjálf og lesa þau handrit sem þau eiga og eru óskráð.

Margrét Tryggvadóttir þakkaði fyrir sig eftir nokkurra ára setu í varastjórn. Hún benti á að æskilegt væri að fundargestir fengju nafnspjöld til að auðvelda viðkynningu. Hún kvaðst tilbúin að vinna fyrir Bandalagið áfram utan stjórnar.

Lárus þakkar fyrir sig og stjórnarsamstarf undanfarin níu ár.

Hrund þakkaði fyrir samstarfið og óskaði nýju fólki til hamingju.

Þorgeir ræddi um erlent samstarf og möguleika á ferðum leikfélaga á erlenda grund. Hann benti á ýmsa kosti í þeim efnun. Skrifstofan fær reglulega send boð um að senda sýningar á hátíðir erlendis. Það má athuga hvort eitthvað sé í boði, undanfarin ár hefur orðið til mikil þekking um hvernig gott sé að standa að slíkum ferðum og sjálfsagt að leita í þann þekkingarsjóð.

Vilborg ræddi um húsnæðismál, sagði að ef að sölutilboði yrði tekið væri möguleiki á að leigja húsnæðið áfram fyrst um sinn ef annað brygðist. Óskaði eftir hjálp við flutninga.

Guðrún Halla þakkaði Þorgeiri fyrir umræðu um erlent samstarf. Mælti með leikferðum almennt. Lagði til að flutningum yrði breytt í karnival.

Bernharð bauðst fyrir hönd Leikfélags Hörgdæla til að halda aðalfund í Eyjafirði árið 2010, með fyrirvara um samþykkt stjórnar.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund

Guðfinna bauðst fyrir hönd Leikfélags Selfoss til að halda aðalfund 2009 með fyrirvara um samþykki stjórnar. Leikfélag Ölfuss bauðst til að vera með þeim í því, einnig með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Ása Hildur minnti á að aðgengi þyrfti að vera í lagi á fundarstað. Það hefði t.d. verið erfitt fyrir manneskju í hjólastól á þessum fundarstað.

Þorgeir þakkaði öllum fundarmönnum fyrir góðan og afkastamikinn fund.

Fundi slitið.

Myndir frá aðalfundi og hátíðarkvöldverði



María Gréta Ólafsdóttir stjórnaði fundi af röggsemi



Formaðurinn í pontu



Guðfinna Gunnarsdóttir og Stefán Ólafsson úr Leikfélagi Selfoss fluttu stuttan leikþátt




Ármann Guðmundsson og Þorgeir Tryggvason tóku lagið



Guðrún Sóley og Elva Dögg úr Leikfélagi Hafnarfjarðar skemmtu matargestum af lífi og sál



Herdís Þorvaldsdóttir leikkona heiðraði samkomuna með nærveru sinni og sagði skemmtilega frá



Þorgeir formaður þakkaði Vilborgu fyrir að hafa staðið vaktina sem framkvæmdastjóri í 15 ár



Lárus Vilhjálmsson, Guðrún Sóley, Guðrún Esther og Ólöf Þórðardóttir lifðu sig inn í dagskrána



Vilborg framkvæmdastjóri fyrir miðju umvafin kvenfólki úr leikfélögum í Skagafirði; Guðrún Brynleifs Lf. Hofsóss, Sigurlaug Dóra, Sigurveig Dögg og Elva Björk Lf. Sauðárkróks



Geirmundur Valtýsson var leynigestur, fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna þegar hann birtist



Veislugestir tóku vel undir með Geirmundi



Allir skemmtu sér konunglega

ALLT FYRIR ANDANN

Sameiningarsöngur
Bandalags Íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta víni.
En lát'eins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin
í maganum, hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypiti'
en ég gat gegnum tárin
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inni mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son...

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og
Sigurður Illugason
Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

Bandalag íslenskra leikfélaga

Ársreikningur 2007

Efnisyfirlit	Bls.
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Skýringar og sundurliðanir	7 - 8

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Reykjavík 26 mars 2008

Stjórn:

Þósdís Tóssa
Lína Veiþinn
Margrét Þorreyka
Þírör Eiríka Grönmundsdóttir

Guðrún Magnúsdóttir
Arman Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Vilborg A. Valjartsdóttir

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 7.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík 3. mars 2008

PricewaterhouseCoopers hf



Dýri Guðmundsson

Við undirritaðar, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2007 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 17. mars 2008



Anna Jörunn Stefánsdóttir



Hrefna Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýringar	2007	2006
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarfélaganna		2.480.000	2.320.000
Ríkissjóðsstyrkur		6.945.815	6.701.234
Leiklistarskóli BÍL	1	1.956.015	2.006.200
www.leiklist.is	2	28.804	105.000
Aðrar tekjur	3	152.026	217.045
		<u>11.562.660</u>	<u>11.349.479</u>
Sala og útleiga:			
Sala á farða		2.044.116	2.475.362
Sala á handritum		382.218	350.513
		<u>2.426.334</u>	<u>2.825.874</u>
Rekstrartekjur samtals		13.988.994	14.175.353
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		1.200.454	1.570.406
Handrit		217.104	332.370
Afskrifaðar ónýtar vörur		18.660	42.091
		<u>1.436.218</u>	<u>1.944.867</u>
Leiklistarskóli BÍL	1	1.829.982	1.918.637
www.leiklist.is	2	101.300	167.398
Laun og launatengd gjöld	4	7.310.873	6.645.979
Ýmis rekstrarkostnaður	5	3.154.535	3.197.538
Afskriftir fastafjármuna	6	172.030	255.619
Vaxtagjöld		170.433	141.805
		<u>12.739.153</u>	<u>12.326.976</u>
		14.175.371	14.271.843
Hagnaður (tap) ársins		<u>(186.377)</u>	<u>(96.490)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	Skýringar	2007	2006
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteign		20.890.000	17.410.000
Innréttingar og húsbúnaður		182.547	215.510
Áhöld og tæki		270.358	409.423
		<u>21.342.905</u>	<u>18.034.933</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	1.574.638	1.593.298
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		273.105	214.538
Handbært fé		67.035	12.438
		<u>1.914.778</u>	<u>1.820.274</u>
Eignir samtals		<u><u>23.257.684</u></u>	<u><u>19.855.207</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2007	2006
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		17.952.891	15.329.381
Endurmat fasteignar		3.480.000	2.720.000
Rekstrarhagnaður (tap)		(186.377)	(96.490)
		<u>21.246.515</u>	<u>17.952.891</u>
Skuldir:			
Bankareikningslán		1.733.561	1.382.343
Ýmsir skuldheimtumenn		75.728	76.082
Ógreidd laun og launatengd gjöld		199.873	443.891
		<u>2.009.162</u>	<u>1.902.316</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>23.255.677</u></u>	<u><u>19.855.207</u></u>

Skýringar

1. Leiklistarskóli BÍL

	2007	2006
Tekjur		
Þátttökugjöld nemenda:		
Förðun I	144.000	378.000
Húsabakki - þátttökugjöld nemenda	1.812.015	1.628.200
	<u>1.956.015</u>	<u>2.006.200</u>
Gjöld		
Förðun I	86.860	289.767
Húsabakki	1.743.122	1.628.870
	<u>1.829.982</u>	<u>1.918.637</u>

2. www.leiklist.is

Tekjur		
Auglýsingatekjur	27.804	100.000
Skráningagjöld	1.000	5.000
	<u>28.804</u>	<u>105.000</u>
Gjöld		
Stuttverkasamkeppni	0	50.000
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	66.440	77.558
Viðhald og endurbætur	34.860	39.840
	<u>101.300</u>	<u>167.398</u>

3. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur	942	1.344
Tekjur vegna innheimtu höfundalauna	151.084	203.701
Gjafir	0	12.000
	<u>152.026</u>	<u>217.045</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun starfsfólks	5.024.582	4.647.024
Verktakalaun	150.000	0
Lífeyrissjóðsgjöld	472.975	391.652
Sjúkra- og orlofssjóður	84.470	75.727
Tryggingagjald	301.346	285.701
Dagpeningar	1.277.500	1.245.875
	<u>7.310.873</u>	<u>6.645.979</u>

5. Annar rekstrarkostnaður

Rafmagn, hiti og ræsting	391.069	389.260
Fasteignagjöld	360.333	304.607
Vátryggingar	125.130	105.319
Akstur og burðargjöld	157.991	167.227
Símakostnaður	71.502	68.855
Ritföng	19.327	23.321

8

Skýringar

	2007	2006
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	27.434	54.215
Rekstur tölvukerfis	144.517	72.058
Kaffi og hreinlætisvörur	60.155	75.036
Kynningarstarf og auglýsingar	78.900	78.900
Stjórnarfundir	119.596	244.221
Aðalfundur BÍL	696.289	533.470
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL	(340.000)	(310.000)
Haustfundur	0	684.650
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar	0	(429.400)
Kostnaður vegna nefnda	22.585	55.162
Kostnaður v/funda NAR, NEATA og IATA	299.992	168.897
Félagsgjald IATA	56.037	53.637
Félagsgjald NAR	77.935	80.711
Félagsgjald Norræna félagsins	0	3.800
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	40.000	16.000
Félagsgjald húselgendafélagsins	5.050	4.750
Ársuppgjör og kostnaður v/ændurskoðunar	167.179	133.840
Pappír og prentun	0	129.942
Áskrift og bókakaup	76.055	91.358
Gjafir	26.044	82.215
Útgáfa ársrits	146.794	163.833
Smááhöld á skrifstofu	49.032	4.986
Stuttverkahátíðin Margt smátt	108.677	104.249
Saga BÍL 1950-2000	103.679	0
Annar kostnaður	47.828	34.685
Afskrifaðir reikningar	13.305	7.600
Fjármagnstekjuskattur	94	134
	<u>3.154.535</u>	<u>3.199.544</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign er færð á fasteignamatí í árslok.

	Fasteign	Innréttingar og húsbúnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1/1	17.410.000	565.446	2.251.640	20.227.086
Fasteign færð á fasteignamat	3.480.000	0	0	3.480.000
Heildarverð 31/12	<u>20.890.000</u>	<u>565.446</u>	<u>2.251.640</u>	<u>23.707.086</u>
Afskrifað 1/1	0	349.936	1.842.215	2.192.151
Afskrifað á árinu	0	32.963	139.067	172.030
Afskrifað 31/12	<u>0</u>	<u>382.899</u>	<u>1.981.282</u>	<u>2.364.181</u>
Bókfært verð 31/12	<u>20.890.000</u>	<u>182.547</u>	<u>270.358</u>	<u>21.342.905</u>

7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Handrit	53.000	53.000
Farði	1.521.638	1.540.298
	<u>1.574.638</u>	<u>1.593.298</u>

Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðni og leggur samþykktar beiðni fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldldagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á leiklistarvefnum.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmetur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur víkið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Mentamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008.

Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001.

Stuttverkahátíðin Margt smátt

Hátíðin var haldin á Litla sviði Borgarleikhússins laugardaginn 6. október 2007 og sýndu 6 leikfélög samtals 15 leikþætti. Þetta er í fjórða skipti sem Bandalag íslenskra leikfélaga og Borgarleikhúsið halda þess hátíð saman og endurspeglar hún hið merka starf sem fer fram í ritun stuttra leikverka innan raða íslensku áhugaleikhúshreyfingarinnar. Má segja að þar fari fram brautryðjendastarf á því sviði og hefur orðið gífurleg aukning í uppsetningu slíkra verka hjá aðildarfélögum Bandalagsins á undanförunum áratug.

Félögin sem voru með leikþætti hafa öll tekið þátt í hátíðinni áður, sum í öll fjögur skiptin. Þau eru: Freyvangsleikhúsið, Halaleikhópurinn, Hugleikur, Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Mosfellssveitar og Leikfélagið Sýnir.

Að venju var fengin fagmaður til taka út hvernig til tókst og þetta árið var það leiknonan og leikstjórinn Harpa Arnardóttir sem tók að sér þetta krefjandi hlutverk. Umsögn hennar fer hér á eftir.

Hugleiðing til leikarans.

Orðið amatör er dregið af orðinu amor, ást, sá sem elskar það sem hann er að gera. Orðið áhugaleikari, sá sem hefur áhuga á að leika.

Listin að setja sig í spor annarra er forsenda fyrir sálarheill, leið að hamingju, í henni felst nánd við lífið. Með því að dvelja í öðrum fámum við tímabundið frí frá okkur sjálfum og komum oft reynslunni ríkari úr þeim leiðangri, með dýpri skilning á eigin eðli. Til þess að setja sig í spor annarra þarf fyrst og fremst ást og áhuga á manneskjunni/persónunni og mannlegu eðli. Góður leikari elskar mennina, ber lífið fyrir brjósti. Í ást sinni öðlast hann skilning sem fleytir honum inn á dýpri svið tilverunnar. Góður leikari spyr spurninga, hika ekki við að gera mistök, veigir sér ekki við óvissunni. Hann er samvinnufús, forvitinn og samkvæmur sjálfum sér. Góður leikari hefur hugrekki til að „reyna“ að elska náungann eins og sjálfan sig, þ.e. sjá náungann í sér. Þannig heldur hann andstæðunum sýnilegum í sama augnablikinu persónunni og sjálfum sér, sorginni og gleðinni, ljósinu og myrkrinu og svo framvegis. „Barátta andstæðnanna framleiðir afl“ sagði í Draumleik eftir Strindberg einhversstaðar. Því dýpri sem þessi skilningur er þeim mun dramatískari eða kómískari verður nærvera á sviði.

Þess vegna er það einstök upplifun að fara og sjá áhugamannasýningar og sjá og skilja hversu mikil þekking leikmannsins er á þessu sviði. Börn geta leikið, fullorðnir geta leikið, gamalt fólk getur leikið, smiðir geta leikið, forsætisráðherrar geta leikið, sjómenn geta leikið, leikskólakennarar geta leikið. Allir geta leikið ef þeir brenna af ást og áhuga. Það er frábært.

Hvar er áhugaleikhúsið stadd og hvernig getur það orðið betra?

Þegar ég ber saman fyrstu stuttverkahátíðina og þessa þá er ljóst að gæðin eru jafnari og hafa aukist. Öll verkin áttu erindi og voru unnin af heilindum. Greinilegt er að nú er list leikarans, leikstjórans og rithöfundarins allsráðandi. Tónlist notuð víða en frekar sparlega. Leikmynda- og búningavinnu er stillt í hóf af ásettu ráði, þar sem mikil vinna fór í skiptingar á sviði hér áður fyrr. Hugsanlega kemur það niður á skýrri konseptvinnu sýninganna og mættu leikstjórar nýta sér þennan þrönga ramma betur. Fleiri verk risu hátt á fyrstu hátíðinni og örfá áttu varla heima þar (þó var valið inn á hátíðina sem mér skilst að sé ekki gert núna). Nú standast öll verk lágmarkskröfur og vel það.

Ég dreg þá ályktun að skólinn góði í Svarfaðardalnum sé að skila sínu svo um munar. Er unun á að horfa þegar vel tekst til. Skólinn gefur öryggi og færir „listamönnum ástarinnar“ (amatörunum) þekkingu til að nálgast listræna drauma sína. Það má segja að komið sé að sunnudegi til sælu. Allt er harla gott, þá er hættan sú að leggjast með tærnar upp í loft og halda að þetta sé bara gott. En gott getur batnað – mikið! Dreyma þarf djarfari drauma, skrítnari drauma, villtari drauma, einfaldari drauma. Fara lengra og halda andstæðunum skýrar á lofti. Gera meiri kröfur, barna hugmyndirnar. Leita. Rannsaka. Treysta. Margir áhugaleikarar leika mikið og vinna mikið með sama fólkinu. Þá getur myndast sama hætta og í atvinnuleikhúsunum. Leikarar lenda í skúffum. Leikstjórar eru ánægðir með það sem þeir vita og þekkjá að leikarinn getur gert. Leikstjórinn hreinlega veit ekki hversu „vel“ leikarinn getur leikið. Er ánægður með „gott“ þegar hann getur fengið „frábært“. Spurningin er hvernig geta leikstjórnarnir ögrað leikurunum sínum svo þeir haldi áfram að koma sjálfum sér á óvart, þroskast, vaxa og dafna.

Það er niðurstaða mín að helstu sóknarfæri áhugaleikfélaganna felist í leikstjórunum. Leikstjórinn er oftast en ekki dreymandinn, hann gefur tóninn, velur leiðina. Bandalagsskólinn hefur alið af sér fjölmarga frábæra leikstjóra. Nú þarf að hlúa að þeim, veita þeim tækifæri, aðhald og frelsi til að láta drauma sína rætast.



Harpa Arnardóttir

Hugleikur**Munir og minjar***Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir**Leikstjóri: Rúnar Lund**Áslaug – Friða Bonnie Anderssen***„Skemmtileg samtímaheimild“**

Hátíðin byrjaði á þessu skemmtilega verki sem mér finnst ákaflega vel skrifað, það er pólitískt og fyndið, leikstýrt af innsæi og hlýju. Þokkafullur leikur hjá Friðu sem skapar einlæga og kómíska persónu, mjög svo trúverðuga. Þetta er „skemmtileg samtímaheimild“ eins og segir í verkinu, sköndin og vel heppnuð byrjun á stuttverkahátíðinni.

Leikfélagið Sýnir**Hamar***Höfundur og leikstjóri: Hörður Skúli Daníelsson**Bóndasonur – Stefán Bjarnason**Prestssonur – Karl Már Lárússon**Álfhildur – Hera Guðbrandsdóttir**Álfhulda – Jenný Lára Arnórsdóttir**Sögumaður – Elfa Dröfn Stefánsdóttir**Hljóðfæraleikur – Helga Ragnarsdóttir***Þjóðsögufarsi, ærslafullur og vandaður**

Skemmtilega skrifaður farsí, vönduð uppsetning en hefði mátt vinna betur með situationir þannig að hlustun leikaranna hefði notið sín betur í hraðanum. Stefán Bjarnason er hæfileikaríkur leikari með mikla túlkunarmöguleika, leikstjóri hefði getað hjálpað honum meira með því að gefa honum styrk til að dvelja betur í kringumstæðunum og treysta, eins og þegar hann stal stjakanum í fyrsta skipti, þar var hann alveg frábær. Þau gæði hefði verið hægt að fá í fleiri situásjónir.

Leikfélag Kópavogs**Jesús getinn***Höfundur og leikstjóri: Bjarni Baldvinsson**Guð – Bjarni Baldvinsson**María – Guðrún Sóley Sigurðardóttir**Djöfullinn – Gísli Björn Heimisson***Skrítið, djarft, óskýrt**

Innihaldið í þessu verki er ákaflega ögrandi, að fjalla um barnaniðinga með því að persónugera samskipti Guðs og Maríu er í hæsta máta djarft! Þar sem djarflega er riðið þarf að halda fast um tauminn, boðskapur verksins er óskýr og missir marks. Þannig fannst mér endirinn ekki ganga upp, Djöfullinn kemur inn, María hrífst af honum. Ég skora á höfundinn að skerpa verkið ef sýningar verða fleiri. Samleikur þeirra Bjarna og Guðrúnar þótti mér mjög góður og situásjónir vel útfærðar. Einnig var ég hrifin af búningum.

Halaleikhópurinn**Uppihvað?***Höfundur: Hjólástólasveitin; Örn Sigurðsson, Kolbrún Dögg**Krstjánsdóttir, Guðríður Ólafsdóttir, Leifur Leifsson.**Leiðbeinandi: Ágústa Skúladóttir***Eðalhúmor, gæðaleikur, algjör snilld!**

Hér fór stuttverkahátíðin á flug! Uppistand í hæsta gæðaflokki. Örn hóf flugið með glæsibrag, frábærar tæmingar, fylgdi svo hver á fætur öðrum; Kolbrún heillandi, Guðríður með glimt í auga og Leifur frábær.

Hér laðar leikstjóri fram gæðaleik og eðalhúmor – leikandi snilld. Frábær vinna hjá Ágústu. Eina sem ég get rýnt til gagns í þessu er að það hefði kannski alveg mátt sleppa að setja

karakter ofan á hjá Guðríði, en reyndar var það sjarmerandi og kom ekki að sök.

Hugleikur**Fyrir***Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir**Leikstjóri: Kristín Nanna Vilhelmsdóttir**Jón – Jón Geir Jóhannsson**Embla – Anna Bergljót Thorarensen**Hljófæraleikur – Gunnar Ben***„Hver ertu eiginlega?“**

Hér sannast hið fornkvæða að maður er manns gaman. Sjálfsmörðstilraun rennur út í sandinn þegar einverunni er rústað. „Hver ertu eiginlega“, spyr maðurinn og sannarlega eru það tilvistarspurningarnar sem hér ráða ríkjum; hver er tilgangurinn með þessu lífi? Þetta er lunkið verk og leynir á sér, leikararnir eru hæfileikaríkir og fóru vel með sitt. Þó held ég að leikstjórinn hefði getað náð meiru út úr leikurunum með því að hvetja þau til að hvika hvergi frá kringumstæðunum hið innra. Hver er þessi tiltekna kona og hver er saga þessa manns? Með því að vinna meira með undirtextann hefði verið hægt að fara lengra í annars vandaðri vinnu.

Leikfélag Mosfellssveitar**Pennan dag***Höfundur, leikstjóri og höfundur tónlistar: Sigrún Harðardóttir**Leikari – Matthías Ingiberg Sigurðsson***Innlifun**

Hér mæðir á leiknum og skilaði Matthías sínu með sóma. Hann gaf sér tíma til að lifa sig inn í aðstæður og treysta þeim heimi sem til verður á sviðinu. Þetta verk fangaði athygli mína og eiga allir sem að því koma hrós skilið.

Hugleikur**Priðji dagurinn***Höfundur: Sigurður H. Pálsson**Leikstjórn: Hópurinn**Stulli – Hjalti Stefán Kristjánsson**Villi – Einar Þór Einarsson**Lalli – Sigurður H. Pálsson**Gilli – Hilmar Valur Gunnarsson***Geggjað! Gaman!**

Þetta verk kom mér mest á óvart, það var alveg geggjað þegar páskaföndrið byrjaði, karlar að rúlla egg með málningarrúllu og mála með stórum penslum í sannkallaðri föndurstund og saumaklúbbaanda. Frábær vinna með situásjónir. Leikarar, þeir Hjalti, Einar, Sigurður og Hilmar hvíldu mjög vel í persónunum og þekktu þær greinilega vel. Samleikurinn var alveg til fyrirmyndar og það allra besta í þessu voru gerðirnar á sviði. Orginal og mjög svo spennandi vinna.

Hugleikur**Verðum í bandi***Höfundur: Árni Friðriksson**Leikstjóri: Sigurður H. Pálsson**Stúlka – Anna Bergljót Thorarensen**Maður – Hjörvar Pétursson*

Hér er fjallað um leiki og völd, og leikarar hafa gott vald á sínu Enn og aftur vel gert hjá leikurunum í Hugleik. Höfundur snýr áhorfandanum í hringi, kemur honum á óvart. Anna Bergljót var frábært dýr á fjórum fótum og sameikur þeirra Hjörvars mjög skemmtilegur. Flott þegar hann varð svona agressívur í pabbahlutverkinu.

Leikfélagið Sýnir**„Og hefi ég þann sopa sætastan sopið“**

Höfundur: Hrund Ólafsdóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir

Sólveig eldri – Rósa Björg Ásgeirsdóttir

Sólveig yngri – Guðrún Sóley Sigurðardóttir

Álfur – Sveinn Óskar Ásbjörnsson

Bóndinn, eiginmaður Sólveigar – Sigurjón Jónsson

Móðir bóndans – Sigríður Birna Valsdóttir

Hljóðfæraleikur – Helga Ragnarsdóttir og Vera Sjófn Ólafsdóttir

Samleikur og sannleikur á sviði

Hér fóru leikarar á kostum í einfaldleika og trausti á augnablikið hér og nú og því sem er raunverulega að gerast milli persónanna á sviðinu. Leikarar hvíldu vel í sögunni. Samleikur þeirra Guðrúnar og Sveins var mjög sterkur, sömu sögu má segja um Rósu og Sigríði í sínu. Það var eitthvað svo fallegt að sjá einlæga og einfalda þjóðsögu unna af nálægð og dýpt. Tónlistin líka til sóma svo og leikstjórn. Frábær hópvinnna.

Freyvangsleikhúsið**Hlé!**

Höfundur: Hjálmar Arinbjarnarson

Leikstjóri: Daniel Freyr Jónsson

Clive – Pálmi Reyrr Þorsteinsson

Betty/Gerry – Sindri Svan Ólafsson

Edward – Steingrímur Magnússon

Harry/Martin – Ingibjörg Ósk Pétursdóttir

Ellen/Cathy – Friðbjörg Sigurjónsdóttir

Frú Saunders/Betty – Elísabet Katrín Friðriksdóttir

Sýningarstjóri – Hjálmar Arinbjarnarson

Gott grín, góð hugmynd – mætti reyna meir á þanpolið

Skemmtilegur fannst mér galsagangurinn í þessu verki og möguleikarnir margir. Mér fannst ekki ganga alveg upp að vera með sumt alvöru (eins og bananann í buxunum, mjög skemmtilegt) og svo annað í þykjustunni eins og sminkið. Það hefði verið gaman að vera með hárlakksbrúsana, púðrið, varalitina og svo framvegis. Ögra uppsetningunni aðeins meira, jafnvel vinna meira með rýmið, hafa það t.d. alltof lítið. Leikarar áttu góða spretti. Mér finnst heilmikil sóknarfæri í þessu skemmtilega leikriti og gætu leikarar stúderað nákvæmar smáatriðin baksviðs og persónulegar tengingar fólksins. Sem sagt það mætti reyna á þanpolið hér. Gaman að fá almennilegan prumpubrandara.

Hugleikur**Hver er þessi Benedikt?**

Höfundur: Júlía Hannam

Leikstjóri: Kristín Nanna Vilhelmsdóttir

Hrefna – Anna Bergljót Thorarensen

Alda – Ásta Gísladóttir

Samverustund nútímans – skemmtileg persónusköpun!

Flott hugmynd. Anna Bergljót hristir hér fram úr erminni mjög svo skemmtilega og trúverðuga persónu – vel gert! Spurning hvort hægt hefði verið að útfæra tölvuvinkonuröddina betur, textinn hreinlega heyrðist ekki nógu vel! Verkið vekur til umhugsunar um tölvuheim og farsímakynslóð þar sem samskipti fara meira og minna fram í gegnum tækni.

Hugleikur**Pappírspési**

Höfundur og leikstjóri: Unnur Guttormsdóttir

Pési – Róbert Steindór Steindórsson

Tré – Keith Hayward

Grár köttur – Fríða Bonnie Andersen

Hjartnæmt, á erindi í skóla

Stuttverkið Pappírspési er tilvalinn jarðvegur fyrir umræður. Það væri frábært að fara með það í skóla og ræða svo um einelti á eftir. Verkið er vandað, vel skrifað, aðgengilegt og einfalt með mjög svo skemmtilegri notkun á tónlist. Hrífandi þó ekki síst vegna þess hve Róbert skilaði leik sínum á látlausan og fallegan hátt.

Leikfélag Mosfellssveitar**Hverjum ætti að refsfa?**

Höfundur og leikstjóri: Agnes Þorkelsdóttir Wild

Leikarar – Bjarni Árdal Bergsteinsson, Egill Kaktus Þorkelsson Wild og Sigrún Harðardóttir

Hugsun okkar ögrað – gott!

Verkið veltir upp siðferðilegum spurningum, vel gert hjá höfundu og leikstjóra og leikarar skiluðu sín vel. Maður vinnur fyrir sér með því að fullnægja konum, misskilningur verður þegar hann kemur á heimili þar sem konan hefur líklegast pantað iðnaðarmann, hann afklæðir sig í stofunni og hún kemur að honum, fær sjokk, hendir honum út og hann meiðist, liggur í blóði sínu og hún hjálpar honum ekki. Hann er lokaður inni, sjálfsagt fyrir kynferðislegt áreiti en í raun var það stúlkan sem réðst á hann.

Hugleikur**Næturstaður**

Höfundur: Sigurður H. Pálsson

Leikstjóri: Árni Friðriksson

Kristín – Júlía Hannam

Hafsteinn – Guðmundur Erlingsson

Móttökustjóri – Þórarinn Stefánsson

Heillandi

Þessi þáttur heillaði mig og fangaði athygli mín. Þau Júlía og Guðmundur áttu frábæran samleik, hlustun og nærvera til fyrirmyndar og verkið einhvern veginn heillandi. Leikstjórnin líka góð. Flottur endir, sem sagt flott.

Hugleikur**Mikið fyrir börn**

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir og Hrefna Friðriksdóttir

Höfundur tónlistar: Þórunn Guðmundsdóttir

Höfundur söngtexta: Þórunn Guðmundsdóttir, Þórunn

Harðardóttir og Sævar Sigurgeirsson

Leikstjóri: Hrefna Friðriksdóttir

Sögumaður – Þórunn Guðmundsdóttir

Frúin – Anna Bergljót Thorarensen

Sveinninn – Sigurður H. Pálsson

Tóta litla – Björk Nielsdóttir

Píanóleikari – Björn Thorarensen

Flott, flott, flott!

Að lokum „Mikið fyrir börn“ a la Hugleikur. Flott, flott, flott! Það er eitthvað ómótstæðilegt við Hugleik og rímið og sönginn og gálghúmorinn. Börnin étin með bros á vör, enda orðin heimtufrek í neysluheimi. Mjög skemmtilegt, hnittið og fyndið, vönduð uppþærsla, vel leikið og vel leikstýrt. Enn kemur Anna Bergljót á óvart, syngur eins og engill og felur klaufarnar í skónum í hlutverki Frúarinnar og ekki var þá Sveinki síðri í túlkun Sigurðar og Björk túlkaði Tótu litlu af ástríki, rúsínan í pylsuendanum er svo Þórunn Guðmundsdóttir fjöllistakonnan mikla, sem hvergi slær feilnótu.

Harpa Arnardóttir

Athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2007–2008

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins fór fram fimmtánda leikárið í röð og voru úrslit tilkynnt á aðalfundi Bandalagsins í Skagafirði þann 3. maí 2008. Dórnafnd Þjóðleikhússins var skipuð Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra og Vigdísí Jakobsdóttur, deildarstjóra fræðsludeildar Þjóðleikhússins.

Alls sóttu 11 sýningar um að koma til álita sem athyglisverðasta áhugasýning leikársins 2007–2008.

Dórnafnd valdi að þessu sinni sýningu Halaleikhópsins á Gaukshreiðrinu eftir Dale Wasserman í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar:

Verkefnaval Halaleikhópsins ber vott um mikinn metnað, kjark og stórhug.

Leikhópurinn, sem hefur það að markmiði að „iðka leiklist fyrir alla“ fagnaði fimmtán ára afmæli sínu á þessu leikári.

Rétt eins og Halaleikhópurinn hefur auðgað leiklistarflóru áhugaleikfélaga og leiklistar í landinu almennt, öðlast hið þekkt leikrit Gaukshreiðrið nýjar víddir í meðförum leikhópsins. Fötlun leikenda stendur engan veginn í vegi fyrir túlkun á verkinu, heldur þvert á móti auðgar hana og styrkir. Styrkur sýningarinnar felst þannig ekki síst í sterkri liðsheit, þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín á eigin forsendum, þó hlutverkin séu vissulega mismunandi stór. Framsögn er til mikillar fyrirmyndar og sama má segja um hlustun og allan samleik.

Langmest mæðir á þeim Gunnari Gunnarssyni (Gunsó) í hlutverki Randle P. Murphy og Sóleyju Björk Axelsdóttur í hlutverki Ratchet hjúkrunarkonu. Bæði áttu þau góðan leik. Leikmynd, búningar, lýsing, hljóðmynd og förðun myndaði sterka heild og einstaklega sannfærandi umgjörð um sýninguna.

Umsögn um aðrar sýningar sem sérstaklega þóttu koma til álita við val á athyglisverðustu áhugasýningu leikársins 2007 til 2008:

Leikfélag Sauðárkróks – Alína – frumsýning 20. október 2007

Leikfélag Sauðárkróks réðst í stærsta verkefni sitt til margra ára síðastliðið haust, þegar það setti upp glænýtt íslenskt barnaleikrit eftir og í leikstjórn Stefáns Sturlu Sigurjónssonar: Alínu. Tónlist í verkinu er eftir Valgeir Skagfjörð.

Alína litla missir fyrstu tönnina sína, sem á ævintýralegan hátt leiðir til þess að hún lendir í miklum ævintýrum og lífsháska meðal álfa, gnóma og trölla.

Hrósa verður þessu metnaðarfulla framtaki Leikfélags Sauðárkróks, en alls voru leikendur í verkinu 32 talsins, og að sjálfsögðu enn fleiri sem komu að verkinu á einn eða annan hátt.

Leikgervi í þessari sýningu voru sérstaklega falleg og sviðslausnir oft og tíðum bráðsnjallar í einfaldleika sínum. Á litla sviðinu í Bifröst tókst að skapa töfraheim sem bæði var gaman og óhugnanlegt að stíga inn í. Sérstaklega var skemmtilegt að sjá kynslóðirnar koma saman og skila svona fallegri sýningu. Áhugaleikhúsin gegna mikilvægu hlutverki hvað varðar leikhúsuppeldi ungs fólks, og það er virðingarvert þegar leikfélög leggja svo mikið í barnasýningar eins og í þessu tilfalli.

Hugleikur – Útsýni – frumsýning 19. janúar og 39 1/2 vika – frumsýning 28. mars 2008

Hugleikur er höfundaleikhús. Tilraunavettvangur fyrir leikskáld á ýmsum aldri og með ólíkan bakgrunn. Leikfélagið hefur skapað sér sérstöðu að þessu leyti og hefur haft áhrif bæði á áhuga- og atvinnuhreyfinguna.

Bæði verkin sem sótt var um fyrir í ár eru áhugaverð. Í Útsýni eftir Júlíu Hannam er tekist á við samtímann og þær kröfur sem hann gerir til einstaklinga á beittan hátt. Höfundurinn hefur kjark til að fara beint inn í stofu til okkar og varpa upp tregafullri mynd af nútímamanninum.

Í 39 1/2 viku eru barneignir lykilþemað. Klassískur gamanleikur með tilheyrandi ruglingi og hinum óborganlegu sveitatilvísunum sem Hugleikarar þreytast ekki á að leika sér með. Þrýðileg skemmtun.



Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri, Ása Hildur Guðjónsdóttir, Stefanía Björk Björnsdóttir og Gunnar Gunnarsson.

Stúdentaleikhúsið – Drottinn blessi blokkina – frumsýning 9. apríl 2008

Stúdentaleikhúsið gegnir e.t.v. eilífið öðru hlutverki en hið hefðbundna áhugaleikfélag. Auk þess að starfa á höfuðborgarsvæðinu í beinni samkeppni við atvinnuleikhúsin og aðra áhugahópa, eru þátttakendur allir á svipuðum aldri og tengjast háskólanum.

Drottinn blessi blokkina er sýning sem hæfir Stúdentaleikhúsinu ákaflega vel. Hugmyndir þátttakenda sjálfra eru í forgrunni og tilraunir eru óhikað gerðar með formið. Á þennan hátt skapar Stúdentaleikhúsið sér sérstöðu, bæði meðal áhugaleikfélaga og í leikhúsfloðu borgarinnar.

Það er ekki einfalt verk að skapa leiksýningu gersamlega frá grunni. Stúdentaleikhúsinu tókst í Drottinn blessi blokkina að flétta saman margar nokkuð ýktar smámyndir af íbúum í blokk, sem þó ættu að snerta strengi í hjörtum flestra. Leikrýmið í hátíðarsal Fjöltækniskóla Íslands var nýtt til hins ýtrasta, þar sem m.a. gluggar og gluggatjöld á staðnum léku stórt hlutverk. Leikmynd var að öðru leyti ekki fyrirferðarmikil, en hæfði anda og stíl verksins vel.

Verkið er virðingarverð tilraun til að takast á við óræða hluti. Sögur og vandamál persóna blandast saman en tengjast í gegnum eina grunn-hugmynd.

Það er vert að nefna sérstaklega Harald Ágústsson sem lék hinn ósýnilega og náði með faguðum leik að magna fram margháttaða tilvísun til tveggja heima.

Umgjörð sýningarinnar var ansi óreiðukennd, í stíl við sýninguna sjálfa og skilaði þannig tilætluðum áhrifum.

Aðrar sýningar sem sóttu um að þessu sinni voru allar á sinn hátt athyglisverðar, en fá þó ekki sérstaka umsögn dómnefndar, en þær voru þessar:

Stúdentaleikhúsið – Lífið liggur við, frumsýning 27. október 2008. Eftir Hlín Agnarsdóttur í leikstjórn höfundar.

Leikfélagið Peðið – Tröllapera, frumsýning 1. desember 2007. Eftir Jón Benjamín Einarsson og Björgúlf Egilsson í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar.

Leikfélag Siglufjarðar – Tveggja þjónn, frumsýning 22. febrúar 2008. Eftir Carlo Goldoni í leikstjórn Elfars Loga Elfarssonar.

Ungmennafélag Reykdæla – Þið munið hann Jörund, frumsýning 7. mars 2008. Eftir Jónas Árnason í leikstjórn Guðmundar Inga Þorvaldssonar.

Leikfélag Hornafjarðar – Rocky Horror Picture show, frumsýnt 10. apríl 2008. Eftir Richard O'Brian í leikstjórn Magnúsar J. Magnússonar.

Leikfélag Hafnarfjarðar – Barnið, frumsýning 12. apríl 2008. Eftir Elward Albee í leikstjórn Lárusar Vilhjálmssonar.

Tinna Gunnlaugsdóttir



Úr sýningu Halaleikhópsins á Gaukshreiðrinu. Myndina tók „Höskarinn“.

Verkefni og skýrslur stjórnna aðildarfélaganna leikárið 2007–2008



Þið munið hann Jörund

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Þið munið hann Jörund

eftir Jónas Árnason, leikstjórn Saga Jónsdóttir.

Þátttakendur: 20

Sýningar: 19

Áhorfendur: 1.431

Í beinni

eftir Helga Þórsson, Daníel Jónsson o.fl., leikstjóri Ingólfur Þórsson.

Þátttakendur: 22

Sýningar: 2

Áhorfendur: 222

Hlé!

eftir Hjálmar Arinbjarnarson, leikstjóri Daníel Jónsson.

Þátttakendur: 9

Sýningar: 1

Áhorfendur: 140



Gaukshreiðrið

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Gaukshreiðrið

höfundur Dale Wasserman, þýðandi Sonja B. Jónsdóttir, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Þátttakendur: 50

Sýningar: 11

Áhorfendur: 710

Kaffileikhús

eftir ýmsa höfunda, leikstjóri Ágústa Skúladóttir.

Þátttakendur: 20

Sýningar: 2

Áhorfendur: 120

Skýrsla stjórnar:

Í stjórn voru:

Ásdís Úlfarsdóttir formaður, María Jónsdóttir varaformaður, Kristín R. Magnúsdóttir gjaldkeri, Ása Hildur Guðjónsdóttir ritari, Hanna Margrét Kristleifsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu: Guðríður Ólafsdóttir, Stefanía Björk Björnsdóttir og Kristinn Guðjónsson.

Haldnir voru tveir félagsfundir og einn þankaroksfundur á tímabilinu auk aðalfundar. Stjórn var með 32 formlega fundi.



Gaukshreiðrið

Fyrsta verk stjórnar var að undirbúa 15 ára afmæli Halaleikhópsins 27. sept. Afmælisnefnd var skipuð og leitað eftir hugmyndum frá félagsmönnum.

Afmælisnefnd skipuðu: Gunnlaugar Ingimarsson, Kristinn Guðmundsson, Jón Þór Ólafsson og Margrét Edda Stefánsdóttir.

Úr varð að halda uppistandsnámskeið í september, sem Ágústa Skúladóttir stjórnaði og kallaðist „Sólóstund leikarans“. Nemendur þess fluttu svo uppistand á afmælishátíð, sem haldin var með pomp og prakt 29. sept. sl..

Einnig var sýnt stuttverkið „Hvað drap asnann?“ eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn Eddu V. Guðmundsdóttur og lesið ljóð. Tveir félagar voru gerðir að heiðursfélögum, Ómar Bragi Waltheraug og Guðmundur Magnússon. Einnig var heiðruð minning Sigurðar heitins Björnssonar, en þessir þrír voru upphafsmenn að stofnum leikhópsins.



Kaffileikhúsið

Þá var vígt nýtt tölvuljósaborð, sem við söfnuðum fyrir og gáfum okkur í afmælisgjöf. Einnig bættum við verulega við ljósabúnað og hljóðkerfi leikhússins og er það nú mun aðgengilegra en áður. Þá keyptum við og létum setja upp tónmöskvakerfi í Halann.

Fimm fyrrum leikstjórar okkar gáfu vinnu við undirbúning hátíðarinnar og voru okkur innan handar um ýmsa hluti. Það voru þau Edda V. Guðmundsdóttir, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ármann Guðmundsson, Ágústa Skúladóttir og Guðjón

Sigvaldason, Þórólfur Árnason hjálpaði okkur við fjármögnun á afmælisgjöfinni og þökkum við þeim kærlega fyrir. Að þessu loknu var boðið til veglegs kaffisamsætis.

Síðastliðið sumar var haldinn einn Haladagur í Krika við Elliðavatn, þar sem við vorum með leiklestur og grill.

Hjólástólasveitin, sem er hópur 4 nemenda Ágústa á „Sólóstund leikarans“ tók þátt í Margt smátt 2007. Sveitin hefur verið fengin til að skemmta víða síðastliðið leikár, m.a. fóru þau í leikferðalag til Akureyrar í desember vegna lokahátíðar Evrópuárs jafnra tækifæra. Þau starfa nú sjálfstætt.

Kaffileikhús var haldið 12. og 14. október sl. Þar var endurtekin skemmtidagskráin frá afmælishátíðinni. Sýnt var stuttverkið „Hvað drap asnann?“ eftir Ármann Guðmundsson, flestir þátttakenda uppistandsnámskeiðsins fóru með gamanmál og Hanna Margrét Kristleifsdóttir las ljóðið „Breikkið hliðið“ eftir Tor Ottar Kvam í þýðingu Steinunnar Harðardóttur.

Ákveðið var að halda nokkur „bíókvöld“ á tímabilinu frá afmæli leikhópsins til upphafs æfinga á „Gaukshreiðrinu“. Sýndar voru upptökur af nokkrum af eldri uppfærslum Halaleikhópsins.

Í október vann stjórn félagsins skipulagsskrá sem unnið var eftir við uppsetningu Gaukshreiðursins.

Eitt fréttabréf, Hala-fréttir, var gefið út í vetur.

Ákveðið var að taka fyrir Gaukshreiðrið eftir Dale Wasserman, í þýðingu Sonju B. Jónsdóttur í vetur. Guðjón Sigvaldason leikstjóri var ráðinn. Æfingar hófust í byrjun nóvember og svo tekið frí í byrjun desember fram yfir áramót. Í jan. hófust svo æfingar á fullu. Þetta er ansi viðamikil verk, alls komu um 50 manns að verkinu á hinum ýmsu stigum þess. Frumsýnt var 8. febrúar. Sýningar urðu 11.

Við tókum þátt í keppninni um Athyglisverðustu áhugaleikssýningu ársins, sem haldin er á vegum Þjóðleikhússins. Skemmt er frá því að segja að við unnum val Þjóðleikhússins um Athyglisverðustu áhugaleikssýningu leikársins 2007–2008. Tilkynt var um það á aðalfundi BÍL í Skagafirði 4. maí sl. Gleðin var mikil í okkar herbúðum.

Umsögn dómnefndar:

„Verkefnaval Halaleikhópsins ber vott um mikinn metnað, kjark og stórhug. Leikhópurinn, sem hefur það að markmiði að „iðka leiklist fyrir alla“ fagnaði fimmtán ára afmæli sínu á þessu leikári. Rétt eins og Halaleikhópurinn hefur auðgað leiklistarflóru áhugaleikfélaga og leiklistar í landinu almennt, öðlast hið þekkt leikrit Gaukshreiðrið nýjar víddir í meðförum leikhópsins. Fötlun leikenda stendur engan veginn í vegi fyrir túlkun á verkinu, heldur þvert á móti auðgar hana og styrkir. Styrkur sýningarinnar felst þannig ekki síst í sterkri liðsheild, þar sem hver einstaklegur fær að njóta sín á eigin forsendum, þó hlutverkin séu vissulega mismunandi stór. Framsögn er til mikillar fyrirmyndar og sama má segja um hlustun og allan samleik. Langmest mæðir á þeim Gunnari Gunnarssyni (Gunsó) í hlutverki Randle P. Murphy og Sóleyju Björk Axelsdóttur í hlutverki Ratchet hjúkrunarkonu. Bæði skiluðu þau hlutverkum sínum mjög vel. Leikmynd, búningar, lýsing, hljóðmynd og förðun myndaði sterka heild og einstaklega sannfærandi umgjörð um sýninguna.“

Þá hófust aftur æfingar og skipulagning við að flytja Gaukshreiðrið í Þjóðleikhúsið. Eftir samningaviðræður varð það ofaná að við fengum að sýna á Stóra sviðinu 4. júní sl.. Þjóðleikhúsið tók á móti okkur með glæsibrag, Aðgengi í hinum víðasta skilningi þess orðs, var lagað eins og kostur var. Smíðaðar skábrautir og tónmöskvakerfi stórbætt. Allir lögðust á eitt um að láta þetta ganga og það gekk glimrandi. Geta má þess að Þjóðleikhúsið tók út 3 fremstu bekkina til að bæta svæði fyrir áhorfendur í hjólástólum og teygðu tónmöskvann líka þangað. Við fylltum salinn og áhorfendur fögnuðu ákaft að sýningu lokinni.

Við sendum tvo fulltrúa á aðalfund BÍL í Skagafirði í maí.

Ása Hildur Guðjónsdóttir formaður.



Merki Hjólástólagengisins



Útsýni

Hugleikur, Reykjavík

Útsýni

eftir Júlíu Hannam, leikstjórar Rúnar Lund og Silja Björk Huldudóttir.
Þátttakendur: 16 Sýningar: 9 Áhorfendur: 552

39 og 1/2 vika

eftir Hrefnu Friðriksdóttur, leikstjórar Ásta Gísladóttir, Júlía Hannam og Sigurður H. Pálsson.
Þátttakendur: 21 Sýningar: 10 Áhorfendur: 506

Bráðum

eftir Hrefnu Friðriksdóttur, leikstjóri Hörður Skúli Daníelsson.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 285

Einu sinni sem oft

eftir Hrefnu Friðriksdóttur, leikstjóri Júlía Hannam.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2

Englar í snjónum

höfundur Unnur Guttormsdóttir, leikstjóri Sigrún Óskarsdóttir.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2

Heilladísirnar

höfundur Júlía Hannam, leikstjóri Hjörvar Pétursson.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 2

Tímabært

höfundur Hrefna Friðriksdóttir, leikstjóri Sigríður Birna Valsdóttir.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2

Petta er mitt leg

höfundur og leikstjóri Árni Hjartarson.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 2

Á í messunni

höfundur Árni Friðriksson, leikstjóri Júlía Hannam.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 2

Nýjar bomsur

höfundur Sigurður H. Pálsson, leikstjóri Ásta Gísladóttir.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 2

Þykist þú eiga veski?

höfundur Fríða B. Andersen, leikstjóri Kristín Nanna Vilhemsdóttir.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 2

Ári síðar

höfundur Árni Friðriksson, leikstjóri Hjörvar Pétursson.
Þátttakendur: 4 Sýningar: 2

Eldhúsið


höfundur Fríða B. Andersen, leikstjóri Hjalti Stefán Kristjánsson.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 2

Gilitrutt

höfundur Þórunn Guðmundsdóttir, leikstjóri Kristín Nanna Vilhemsdóttir.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 2

Keisarinn

höfundur Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, leikstjóri Hörður Skúli Daníelsson.
Þátttakendur: 2 Sýningar: 2



39 og 1/2 vika



Ástarævintýri



Í upphæðum

Sessunautar

höfundur Sigurður H. Pálsson, leikstjóri Júlía Hannam.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 2

Skýrsla stjórnar:**Stjórn og stjórnarfundir**

Stjórn Hugleiks var þannig skipuð á árinu:
Sigurður H. Pálsson, formaður
Hjalti Stefán Kristjánsson, varaformaður
Silja Björk Huldudóttir, ritari
Júlía Hannam, gjaldkeri
Ásta Gísladóttir, meðstjórnandi
Varamenn voru Jenný Lára Arnórsdóttir, Kristín Nanna Vilhelmsdóttir og Pórarinn Stefánsson.

Stjórnin hefur fundað 13 sinnum á starfsárinu. Það hefur mikið mætt á þessari stjórn og vil ég hér með þakka henni vel unnin störf.

Í umræðum þeim sem stjórn átti í um verkefnaval á haustmánuðum komst hún jafnframt að þeirri ákvörðun að stefna að því að manna alla leikstjórn starfsársins með félagsmönnum. Rökin fyrir þessu voru tvíþætt. Annars vegar þótti mikilvægt að byggja upp aukna reynslu í leikstjórn stærri sýninga innan félagsins, og hins vegar eru Hugleiksleikstjórar ákaflega ódýrir í rekstri. Lagt var upp með það að fá fleiri en einn leikstjóra í hvert verkefni, helst þannig að þeir væru misreyndir og gætu þá þeir reynsluminni lært af hinum, og jafnvel öfugt.

Námskeið

Í tengslum við þessa stefnu var ákveðið að beina námskeiðshaldi haustsins algerlega að leikstjórum. Haldin voru tvö námskeið sem æviráðinn varaendurskoðandi félagsins, Sigrún Valbergsdóttir, stýrði styrkri hendi. Fyrri námskeiðið, sem haldið var í september, var ætlað nýgræðingum og reynslulitlum leikstjórum, en hið síðara, í október, var ætlað þeim sem lokið hefðu því fyrri eða öðru leikstjórnarnámi og/eða hefðu verulega reynslu af leikstjórn. Það námskeið var á masterclass-formi, og var til þess ætlast að nemendur settu í kjölfarið upp stuttverk á dagskránni í Þjóðleikhúskjallaranum í nóvember.

Útsýni

Fyra leikritið sem valið var til flutnings var Útsýni eftir Júlíu Hannam. Útsýni er í styttri kantinum, eins konar stofudrama með fjórum hlutverkum. Rúnar Lund og Silja Björk Huldudóttir völdust til að leikstýra verkinu. Útsýni var frumsýnt 19. janúar í Möguleikhúsinu. Sýningin mæltist vel fyrir, en aðsókn hefði mátt vera betri.

39 og 1/2 vika

Síðari stærri sýningin á leikárinu var 39 1/2 vika eftir Hrefnu Friðriksdóttur. Þar var á ferðinni hressilegur gamanleikur, kannski ekki beinlínis í hefðbundnum Hugleiksanda, en með umtalsverðum tilvísunum í hluti sem Hugleik hafa löngum verið hugstæðir, svo sem sauðfé. Eftir nokkra yfirlegu varð niðurstaðan að leikstjórar skyldu vera þrír: Ásta Gísladóttir, Júlía Hannam og Sigurður H. Pálsson. Hlutverkin þrettán voru mönnum skemmtilegri blöndu af gamalreyndum Hugleikurum og efnilegum nýliðum, sem mikill fengur er að. Aðsókn var þrýðileg, vel á sjötta hundrað manns.

Kjallarinn

Áætlað var að á starfsárinu yrðu fluttar fimm dagskrár í Þjóðleikhúskjallaranum. Af ýmsum ástæðum varð þó nokkuð minna úr starfinu þar, en dagskrárnar urðu þrjár talsins. Fyrst var dagskrá í nóvember, þar sem leikstjórnarnemar af námskeiðum Sigrúnar spreyttu sig á stuttverkum eftir aðra félagsmenn. Þá var í desember sýnd jóladagskrá með svipuðu sniði og síðustu ár, og í maí var aftur dagskrá helguð stuttverkum. Alls voru á þessum dagskrám frumfluttir fjórtán einþáttungar.

Leikferðir og hátíðir

Tvær leikferðir voru farnar á starfsárinu. Sú fyrri var ekki smá í sniðum: þar sló Hugleikur fyrri fjarlægðarmet frá Rússlandsferð síðasta árs og fór ásamt félögnum úr Leikfélagi Kópavogs með sýninguna Memento mori alla leið til Suður-Kóreu. Þar var sýningin fulltrúi Íslands á hátíð alþjóðlega áhugaleikhússambandsins IATA/AITA, sem haldin var í tvíburaborgunum Masan og Changwon um mánaðamótin júlí–ágúst. Hátíðin var um margt ansi skrautleg, og eins og gefur að skilja var þessi ferð hin ævintýrlegasta. Óhætt er þó að fullyrða að hún hafi heppnast afar vel, og sýningin verið félögnum tveimur til sóma. Á Kóreu hátíðinni og raunar á fyrri hátíðum mynduðust tengsl við fólk sem er í fararbroddi sænska áhugaleikhússambandsins. Um miðjan vetur barst Memento-hópnum boð um að koma með gestaleik á árlega sænska hátíð í Västerås um mánaðamótin apríl–maí. Boðið gilti fyrir Memento mori, eða aðra sýningu sem hópurinn kynni að vera með á takteinum. Það reyndist óframkvæmanlegt að fá Memento-hópin af landi brott á þessum tíma. Í ljósi þess að boðið náði í raun til Hugleiks og Leikfélags Kópavogs hlaut næsta spurning að vera hvort hægt væri að senda Bingó. Það reyndist jafnórðugt. Svo fór að haft var samráð við LK og það staðfest að þar á bæ væri engin önnur sýning í vinnslu sem til greina kæmi. Að fenginni blessun Kópavogsbúa var Svíunum boðin Hugleikssýningin Útsýni. Nú eru Memento mori og Útsýni býsna ólíkir hlutir. Svíunum var ítarlega gerð grein fyrir því, og það tryggð að þeir vildu hætta á að fá íslenska sýningu sem hefði engan tvísöng, engan riverdance og enga Ágústu Skúladóttur. Því skal ekki neitað að sumir, bæði innan Útsýnishópsins og utan hans, voru eilítið hikandi við þetta fyrirtæki. Aldrei áður höfðum við boðið útlendum áhorfendum upp á stofudrama, án alls þess sem venjulega



Verðum í bandi

hefur glatt augað í framlögum Hugleiks á hátíðum erlendis. Það er skemmst frá því að segja að þessi beygur reyndist ástæðulaus. Sýningin gekk vel og fékk aldeilis frábærar viðtökur jafnt hjá áhorfendum og gagnrýnandanum sem notaði sýningar hátíðarinnar sem inspírasjón í sýnikennslu að þeim loknum.

Ekki má svo gleyma þátttöku Hugleiks í einni leiklistarhátíð enn: Margt smátt, sem haldin var í Borgarleikhúsinu á haustmánuðum. Frá því byrjað var að halda þessa hátíð fyrir fáeinum árum hefur það verið upp og ofan hvernig staðið hefur verið að vali verka á hana. Ýmist hefur dómnefnd ráðið, eða félögunum verið settar skorður með það hve mörg verk væri pláss fyrir – og þá hefur það jafnan verið Hugleikur einn sem þurft hefur að velja og hafna. Í ár tókum við þann pól í hæðina að sækja um með öll verkin sem til greina komu af okkar hálfu, átta stykki, og velja svo þegar við vissum hve mikið þyrfti að skera niður. Raunin varð sú að öll verkin átta komust að á hátíðinni. Það var nokkuð fyrirtæki að koma þessu öllu í kring, en tókst að ég held með mestu ágætum. Þegar upp var staðið átti Hugleikur átta af alls fimmtán verkum sem sýnd voru á hátíðinni, sem er – held ég að verði að segja – frekar svalt. Þar að auki má ráða úr umsögnum gagnrýnanda hátíðarinnar að gæði Hugleiksþáttanna hafi að hennar mati síst verið í lakari kantinum.

Loks má geta þess að ekkert lát ætlar að verða á leikferðunum: nú í sumar fer Bingó fyrir Íslands hönd á hátíð Norður-evrópska áhugaleikhússambandsins NEATA í Ríga í Lettlandi. Þetta verður þriðja NEATA-hátíðin í röð sem Hugleikur sækir.

Repertoire

Við og við kemur það fyrir að haft er samband við Hugleik og spurt hvort félagið geti útvegað atriði á árshátíð, hverfis-skemmtun, jafnréttisvakningardagskrá eða hvað það nú kann að vera. Einatt er þetta með hlægilega stuttum fyrirvara, og alltaf kostar þetta miklar bollaleggingar um hverju væri nú mögulega hægt að drösla á svið. Fráfarandi stjórn samþykkti þá hugmynd, sem ekki hefur enn komið til framkvæmda, að komið verði á fót efnisskrá Hugleiks, eða repertoire. Á reglubundinn hátt yrði þá gerð og við haldið skrá yfir þau stuttverk og e.t.v. önnur atriði sem félagið treystir sér til að bera á borð með skömmum fyrirvara. Þessi skrá, með kynningum á þeim verkum sem um ræðir, yrði svo aðgengileg og sýnileg á vef félagsins. Undirritaður tók að sér að koma þessu til framkvæmda og stefnir að því að gera það innan skamms.

Höfundastarf

Þórunn Guðmundsdóttir hefur sem höfundasmiður eða -stýra áfram haldið þétt utan um höfundahópinn og margsinnis hýst fundi hans á heimili sínu. Raunar grunar mig að afköst höfundanna hafi ekki verið jafn gríðarleg og á undanförunum árum, en þó held ég að engin ástæða sé til að örvænta, enda var að heyra á höfundum á fundi sem haldinn var í morgun að ýmislegt sé í deiglunni.

Samantekt

Á starfsárinu sem er að líða hefur Hugleikur sett á svið tvær stærri sýningar og fjórtán stuttverk. Meira en fimmtíu manns komu að þessum sýningum. Félagið hefur tekið þátt í þremur leiklistarhátíðum, þar af tveimur erlendis. Það hefur haldið tvö leikstjórnarnámskeið og nýtt leikstjórnarkrafta félagsins við allar uppsetningar vetrarins, og með þessu bætt verulega stærð, færni og getu leikstjórahópsins í sínum röðum.

Sigurður H. Pálsson, formaður.

Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi

Ársskýrsla leikdeildar umf. Vöku 2007–2008:

Á aðalfundi félagsins í janúar síðastliðnum var ákveðið að breyta aðalfundartímanum og hafa hann þegar nýtt leikár byrjar hvert haust en ekki sama kvöld og aðalfundur umf. Vöku sem er haldinn í byrjun janúar ár hvert. Var lögð fram lagabreyting sem laut að þessu máli og var hún samþykkt. Stjórnin hélt óbreitt. Þorsteinn Logi Einarsson formaður, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir gjaldkeri og Guðmunda Ólafsdóttir ritari.

Ákveðið var í lok síðasta leikárs að halda í þá hefð að setja ekki upp stórt leikverk nema annað hvert ár og var þess vegna ekkert stórt sett á svið í ár en lítið verkefni vatt stórlega uppá sig í vor. Í febrúar fékk leikfélagið beiðni frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps um að æfa og flytja leikverk á árshátíð félagsins sem halda átti 4. apríl. Við fengum frjálssar hendur með val á verki og völdum við stuttverkið Gílitruitt eftir Þórunni Guðmundsdóttur, féлага úr Hugleik. Verkið var mannað, æft á skömmum tíma og hlaut góðan róm áhorfenda. Reyndar svo góðan að við vorum beðin um að leika það á 100 ára afmæli nágrennafélags okkar Umf. Baldurs í mars og einnig er búið að panta það í 100 ára afmæli Umf. Samhygðar í júní. Einnig var verkið leikið úti á hátíðinni Fjör í Flóa, sem var haldin seinustu helgina í maí. Ekki er allt búið enn því búið er að panta leikritið á Landbúnaðarsýninguna á Hellu nú í ágúst og verður það sýnt þar á kvöldvökunum bæði föstudags- og laugardagskvöld.

Í vor var byrjað að huga að næsta leikári og voru samningar gerðir við Jón Stefán Kristjánsson um leikstjórn á næsta stóra verkefni sem framkvæmdir hefjast við í október 2008.

Guðmunda Ólafsdóttir, ritari.

Leikfélag Blönduóss

Tveir tvöfaldir

eftir Ray Cooney, þýðandi Árni Ibsen, leikstjóri Ingrid Jónsdóttir.
Þátttakendur: 20 Sýningar: 6 Áhorfendur: 500

Skýrsla stjórnar:

Seinnipart árs 2007 var haft samband við Ingrid Jónsdóttur leikstjóra og hún fengin til að taka að sér leikstjórn í annað sinn hjá leikfélagi Blönduóss. Hún kom eina kvöldstund í nóvember og var með samlestur hjá þeim sem áhuga höfðu að vera með í uppsetningunni. Eftir nokkra leit var ákveðið að taka leikritið Tveir tvöfaldir eftir Ray Cooney. Æfingar hófust eftir miðjan janúar og var verkið síðan frumsýnt þann 7. mars. Að uppsetningunni komu um tuttugu manns en leikarar voru átta. Sýningarnar sáu í kringum 500 leikhúsgestir en þær urðu alls sex talsins. Að venju myndaðist góð stemning innan leikhópsins sem fór eftir síðustu sýningu og borðaði saman á veitingahúsinu Við árbakkann en það hefur verið hefð undanfarin ár.



Tveir tvöfaldir

Stjórn:

Formaður: Kristín Guðjónsdóttir, gjaldkeri: Birna Lúkasdóttir, ritari: Jóhanna Sólveig Hallgrímsdóttir, meðstjórnendur: Þorgrímur Pálmason og Guðmundur Karl Ellertsson.

Kristín Guðjónsdóttir, formaður.

Leikfélag Dalvíkur

Salka Valka

eftir Halldór Laxness, leikgerð og leikstjórn Inga Bjarnason.
Þátttakendur: 40 Sýningar: 12 Áhorfendur: 612

Grimmsævintýri

eftir Grimmsbræður, leikgerð og leikstjórn Arnar Símonarson.
Þátttakendur: 20 Sýningar: 9 Áhorfendur: 500

Leikfélag Fljótshéraðs

Skýrsla stjórnar:

Kæru félagar, nú er enn eitt leikárið að baki og bjartari tímar framundan þar sem sveitarfélagið okkar er búið að gera samning um afnot af okkar kæra Valaskjálfi. Er gerð krafa um það að leikfélagið fái að vera þar inni og fögnum við því. Síðastliðið haust hafði samband við mig maður að nafni Ásgeir Hvítaskáld og sagði; ég er gera kvikmynd og vantar fólk til þess að leika og sjá um leikmuni, leikgerð og ýmislegt annað, getið þið hjálpað mér við það? Nú þar sem að félagar í LF er áhugafólk um svona hluti þá var það ekkert mál svo að við erum búin að vera að stússa í myndinni með honum í vetur.

Svo vorum við með skemmtikvöld á Pizzunni hjá Þór og voru undirtektir mjög góðar hjá bæjarbúum. Skemmtikvöldið var þannig að fyrst fengu gestir súpu og brauð, svo sýndum við leikþáttinn Snemma beygist krókurinn, svo las Ásgeir upp ur bókinni sinni Á flótta undan vindinum, svo kom leikþátturinn Afi brenndur og að lokum söngur nokkurra ungmenna. Seinni sýningin var svolítið öðruvísi. Í staðinn fyrir söng og bókalestur kom ljóðalestur frá félagi ljóðaunnenda á Austurlandi og Dætur Satans spiluðu nokkur lög. Þetta voru hin skemmtilegustu kvöld og vonandi gerum við meira af þessu á næsta leikári.

Svo höfum við byrjað á því að skipuleggja búninga- og leikmunageymsluna okkar upp á nýtt, þar er mikið verk fyrir höndum. Okkur voru gefnar hillur svo að við ættum að geta haft geymsluna okkar skipulagðari og aðgengilegri. Það er ekki mikið sem við gerðum í vetur vegna húsnæðisvandræða og manneklu, það eru allir búnir að vera svo uppteknir af uppbyggingunni á svæðinu að það hefur stundum verið erfitt að fá fólk til þess að starfa með okkur og vona ég að nú fari að verða breyting á því. Við skulum hafa það gott í sumar og koma svo fersk saman í haust og gerum eitthvað skemmtilegt.

Fjóra Sverrisdóttir, formaður.



Barnið

Leikfélag Hafnarfjarðar

Mamma mín

eftir Raket Mjöll Guðmundsdóttir, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Pátttakendur: 2 Sýningar: 6 Áhorfendur: 120

Tírrí tírrí

eftir Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Pátttakendur: 3 Sýningar: 6 Áhorfendur: 120

Daginn eftir

eftir Guðmund L. Þorvaldsson, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Pátttakendur: 3 Sýningar: 6 Áhorfendur: 120

Ég get ekki

eftir Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Pátttakendur: 3 Sýningar: 6 Áhorfendur: 120

Syngjandi sæll og graður

eftir Ingvar Bjarnason, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Pátttakendur: 3 Sýningar: 6 Áhorfendur: 120

Læknirinn

eftir Nick Kaldunski, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Pátttakendur: 2 Sýningar: 6 Áhorfendur: 120

Kaffi og með því

eftir Guðmund L. Þorvaldsson, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Pátttakendur: 12 Sýningar: 6 Áhorfendur: 120

Barnið

eftir Edward Albee, þýðandi Guðrún Sóley Sigurðardóttir, leikstjóri Lárus Vilhjálmsson.

Pátttakendur: 4 Sýningar: 4 Áhorfendur: 120

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2007–2008 var með hefðbundnu móti hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar. Sett voru upp tvö leikverk. Fyrst ber að telja stuttverkadagskrána Limbó í júní 2007. Limbó var safn stuttverka eftir ýmsa höfunda bæði innan félags og utan í leikstjórn Jóns Inga Hákonarsonar. Efniviður stuttverkanna var úr ýmsum áttum en í meðförum leikstjóra var þeim tvinnuð saman í heildstæða sýningu. Varð útkoman bæði fjörleg og frumleg og hin besta skemmtan. Alls tóku 12 leikarar þátt í sýningunni auk fjölda annarra félaga við búningagerð, lýsingu, sviðsmynd og fleira.

Í apríl 2008 var síðan sýningin Barnið eftir Edward Albee í þýðingu Guðrúnar Sóleyjar Sigurðardóttur og leikstjórn Lárusar Vilhjálmssonar sett á svið. Fjórir leikarar tóku þátt í sýningunni auk fjölda annarra félagsmanna sem unnu þrotlaust að baki tjöldum eins og ætíð. Sýningar á Barninu urðu alls fjórar sem er grátlega lítið og kom þar margt til, forföll og annað en ekki hvað síst urðu miklar framkvæmdir á vegum bæjarins fyrir framan húsið sýningunni að fjörtjóni. Þessar framkvæmdir fegra þó aðkomu að leikhúsinu svo enska orðatiltækið „beauty is pain“ á líklega vel við.

Leikfélagið sendi sjö félagsmenn í Leiklistarskóla Bandalagsins að þessu sinni sem er með mesta móti. Um það er gott eitt að segja því þar öðlast félagsmenn dýrmæta reynslu sem nýtist beint í leik og starfi.

Sumarið 2007 hósti leikfélagið bæði námskeið í leiklist fyrir börn og unglínga sem og fékk Leikfélagið Sýnir inni með æfingar auk fjölda annarra aðila sem nýttu sér ágæta aðstöðu leikfélagsins í Lækjarskóla.

Hálf rólegt var yfir starfsemi leikfélagsins síðastliðið haust en rættist þó úr upp úr jólum og nú stefnir allt í kröftugt starf á nýju starfsári, 2008–2009.

Ingvar Bjarnason

Leikfélag Hornafjarðar

Rocky Horror

eftir Richard O'Brian, þýðandi Veturliði Guðnason, leikstjóri Jón Ingi Hákonarson.

Þátttakendur: 30 Sýningar: 10 Áhorfendur: 541

Skýrsla stjórnar:

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru 9 á árinu og voru þeir haldnir víðs vegar. Í stjórn sátu Magnús J. Magnússon, Ingólfur Baldvínsson, Þórður Ingvarsson og Emil Morávek. Góður andi ríkti í stjórnasamstarfinu og vil ég þakka fráfarandi stjórn samstarfið.

Verkefni vetrarins

Leikfélagið, í samstarfi við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu setti upp verkið Rocky Horror og Jón Ingi Hákonarson var ráðinn leikstjóri. Mikill fjöldi leikara, dansara og hljómsveitarmanna komu að uppsetningunni og voru æfingar kröftugar og fjögur. Frumsýning var 10. apríl og urðu sýningar 10. Sýningunni var vel tekið og afar skemmtileg uppfærsla í alla staði.

Mánagarður

Enn var unnið að breytingum í Mánagarði. Það er alltaf hægt að breyta og bæta þar. Nú geta leikfélög komið og sýnt af fullum krafti hjá okkur.

Lokaorð

Starfsemi áhugaleikfélaga breytist ár frá ári. Þessi fasti 20–30 manna hópur sem stóð á bak við hvert félag er horfinn. Nú verður oft til hópur í kringum hvert verkefni. Tæknideildir leikfélaganna hafa minnkað og æftar þarf að leita út fyrir raðir leikfélagsmanna til þeirra hluta. Þetta breytir landslaginu auðvitað. Samkeppni um tíma fólks verður æ erfiðari. En ég sótti Leiklistarskóla BÍL í sumar og eftir veruna þar ber ég engan kvíðboga fyrir framtíð áhugaleiklistar í landinu.

Magnús J. Magnússon, formaður.

Leikfélag Hólmavíkur

Dýrin í Hálsaskógi

eftir Torbjörn Egner, þýðendur Kristján frá Djúpalæk og Hulda Valtýsdóttir, leikstjóri Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir.

Þátttakendur: 60 Sýningar: 4 Áhorfendur: 315

Skýrsla stjórnar:

Fyrsta verkefni nýs leikárs var síðasta sýning á verkinu Þið munið hann Jörund. Þurfti að æfa verkið upp aftur þar sem að einn aðalleikaranna hafði helltst úr lestinni, æfingar stóðu í eina viku og sýnt var í Félagsheimilinu á Hólmavík í tengslum við bæjarhátíðina Hamingjudagar á Hólmavík. Tókst sýningin vel og var ágætis mæting. Síðan var atriði úr verkinu sýnt á útisviði á skemmtuninni sjálfri, þar sem að Trampe greifi, Jörundur og fylgdarmenn þeirra komu ríðandi á hátíðarsvæðið eins og lög gera ráð fyrir, voru flutt nokkur lög úr verkinu og tiginbornir menn úr verkinu blessuðu Hamingjudagana.

Á haustdögum var ákveðið að fara í samstarf við Grunnskólann á Hólmavík og Tónskólann á Hólmavík og setja upp verkið Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner. Voru allir nemendur skólanna á unglíngastigi með og einnig fullorðnir leikarar frá Leikfélagi Hólmavíkur. Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir framsagnarkennari skólans var ráðin leikstjóri og Bjarni Ómar Haraldsson tónlistarkennari var ráðinn tónlistarstjóri. Tókst samstarfið mjög vel og voru sýndar þrjár sýningar á Hólmavík og ein sýning í Króksfjarðarnesi. Voru allar sýningarnar sýndar fyrir fullu húsi. Tókst þetta í alla staði mjög vel og gekk samstarfið eins og í sögu. Voru alls 22 unglíngar sem komu að verkinu og voru 8 fullorðnir leikarar fyrir utan alla þá fjölmörgu sem komu að verkinu með vinnu á bakvið tjöldin.

Í desember stóð félagið fyrir Aðventukvöldi þar sem að félagar í leikfélaginu sáu um skemmtiatriði. Var lesin jólasaga, sagt frá jólasveinunum til forna, sungin jólalög og að endingu fékk fólk sér kaffi og piparkökur saman.

Aðalfundur félagsins var haldinn í janúar og var stjórnin endurkjörin og hélst hlutverkaskipanin óbreytt á milli ára.

Nú á vordögum fékkst síðan styrkur til að fara af stað með Þjóðsagnadagskrá í samvinnu við Félag eldri borgara. Því samhlíða verður farið af stað með búningahönnun einnig í samvinnu við Félag eldri borgara þar sem hannaðir og saumaðir verða búningar frá gamla tímanum. Eru þessi verkefni í startholunum og verða viðloðandi hjá okkur í allt sumar þar sem að atriði úr Þjóðsagnadagskránni verða sýnd á hinum ýmsu uppkomum á Ströndum.

Jóhanna Ása Einarsdóttir, formaður.



Rocky Horror



Dýrin í Hálsaskógi



Íslandsklukkan



Einu sinni var ... hjá LH

Leikfélag Húsavíkur

Íslandsklukkan

eftir Halldór Kiljan Laxness, leikstjóri Arnór Benónýsson.

Pátttakendur: 55 Sýningar: 9 Áhorfendur: 540

Einu sinni var ... hjá LH

eftir ýmsa höfunda, samantekt og leikstjórn Halla Rún Tryggvadóttir og Sigurður Hallmarsson.

Pátttakendur: 40 Sýningar: 5 Áhorfendur: 466

Skýrsla stjórnar:

Á haustdögum 2007 hófust æfingar á Íslandsklukkunni, eftir Halldór Laxness og var hún frumsýnd 17. nóvember. Fljótlega upp úr því var haldinn aðalfundur leikfélagsins að Höfða 24c. Þar urðu stjórnarskipti og byggist þessi skýrsla á því sem gert var þar á eftir. Bókaðir stjórnarfundir á tímabilinu eru fjórir og einnig hafa verið haldnir nokkrir „tölvu-fundir“ þar sem stjórnarmenn skiptast á skoðunum í tölvupóstum.

Stjórn

Formaður: Halla Rún Tryggvadóttir, varaformaður: Hjálmar Bogi Hafliðason, gjaldkeri: Hjálmar Ingimarsson, ritari: Porkell Björnsson, meðstjórnandi: Gunnþórunn Þórgrímsdóttir.

Starfsemi

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að halda utan um sýningar og kynningar á Íslandsklukkunni. Því miður var helsta verkefnið að aflýsa sýningum, ekki svo skemmtilegt upphaf hjá nýkjörinni stjórn. Og að lokum urðu sýningar á Íslandsklukkunni 9 talsins, sýnt var í nóvember og desember, síðustu sýningarnar voru á milli jóla og nýárs. Ekki þótti ástæða til að halda sýningum áfram á nýju ári.

Fljótlega á nýju ári var þó hafist handa við undirbúning á dagskrá úr verkum sem félagið hefur sett upp í gegnum tíðina. Eftir mikla undirbúningsvinnu var komið að því að auglýsa fyrsta samlestur. Þar mætti fjöldi fólks sem vildi ólmur starfa með, fólk á öllum aldri. Dagskráin hlaut nafnið Einu sinni var ... hjá LH og var það Halla Rún Tryggvadóttir sem hélt utan um dagskrána með Sigurði Hallmarsson sér við hlið. Aðeins voru fimm sýningar fyrirhugaðar og er skemmst frá því að segja að þessi dagskrá gerði stormandi lukku í bænum. Alls komu 466 manns að sjá og var gerður reglulega góður rómur að, bæði voru áhorfendur glaðir og ekki síður pátttakendur sem voru frá 12 ára og upp í átttrætt. Þarna var kynslóðabilið sannarlega brúað.

Höfði 24c

Halla Rún Tryggvadóttir, Gunnþórunn Þórgrímsdóttir og Ása Gísladóttir hafa ásamt öðrum mætt á Höfðann á laugardagsmorgnum til að flokka föt. Hefur sú vinna gengið vel og nú hafa þeir Sigurður Sigurðsson og Sveinbjörn Magnússon sett upp skóhillur á búningaloftinu og er næsta mál að flokka skó. Höfðinn og búningasafnið nýtist afar vel fyrir hinn almenna bæjarbúa, þar sem mikil ásókn er í að fá lánaða búninga eða fá þá keypta. Mikil eftirspurn hefur verið eftir fatnaði til kaups og gæti því farið svo að opnuð yrði hin sívinsæla Leikfélagsbúð fljótlega. Reyndar standa til breytingar þar, fyrirhugað er að koma upp vegg til að hólfa stóra rýmið aðeins niður. Verður vonandi farið í þá vinnu á komandi hausti.

Samkomuhúsið

Þegar ný stjórn tók við völdum var þegar búið að lána leikfélagi Framhaldsskólans á Húsavík, Píramusi og Þispu, Samkomuhúsið. Leikfélagið byrjaði þó sína vinnu við dagskrána á meðan Framhaldsskólinn var enn þarna og gekk það samstarf ljómandi vel. Og skildu ungmennin við húsið í ágætu ásigkomulagi. Fleiri hafa haft samband við stjórn varðandi lán á húsinu og höfum við tekið vel í það, en allir sem fá lánað húsið verða að skrifa undir ákveðinn samning þar sem misbrestur hefur orðið á frágangi og húsinu oft verið skilað án þess að það hafi verið þrifið. Allir hafa tekið því vel að gera slíka samninga og viljum við því halda því áfram.

Styrkir

Sótt var um styrk til Norðurlþings vegna uppfærslu dagskrárinnar og fékkst 100.000 kr. styrkur sem við kunnum sveitarfélaginu bestu þakkir fyrir. Einnig var sótt um til Pokasjóðs en þaðan fékkst ekki króna.

Halla Rún Tryggvadóttir, formaður.

Leikfélag Hveragerðis

Aladdín og konungur Þjófanna

leikgerð og leikstjórn Hafsteinn Þór Auðunsson.

Þátttakendur: 29

Sýningar: 15

Áhorfendur: 796

Skýrsla stjórnar:

Síðasti aðalfundur var haldinn þann 31. maí 2007 og var hann vel sóttur og skráðu sig margir nýir meðlimir í leikfélagið.

Starfið var rólegt yfir sumartímann. Viðhald sem átti að gera á húsinu var ekki gert. Á 17. júní voru 4 leikfélagar með atriði sem að fékk góðar undirtektir.

Við leigðum leikhúsið undir Veraldarvini um sumarið sem að voru að fegra bæinn og tóku þátt í Blómstrandi dögum, voru með götuleikhús, dans og músík.

Hafsteinn Þór Auðunsson gjaldkeri félagsins sat sveittur við allt sumarið að gera leikgerð úr Disney-teiknimyndinni af Aladdín. Í september var leiklistarnámskeið fyrir börn sem Hafsteinn hélt og í framhaldi að því hófust æfingar á leikritinu Aladdín í hans leikstjórn. Það tóku 25 krakkar þátt í sýningunni og síðan voru um 10 fullorðnir sem léku. Frumsýning var 12. janúar 2008 og vorum við með 15 sýningar og lauk sýningum í apríl.

Leikfélagið fjárfesti í ljósabúnaði, keypti ljósaborð og bætti við einum dimmer.

Jólasveinavertíðin var blómleg hjá leikfélaginu. Við kveiktum á jólatrénu fyrir Hveragerðisbæ, fórum í hús með jólapakka á aðfangadag og vorum á jólatrés kemmtun á dvalarheimilinu Ási.

Í sumar verðum við með leiklistarsmiðju í samvinnu við Vinnuskólann og með námskeið fyrir yngri krakka í ágúst sem munu troða upp á Blómstrandi dögum. Leikfélagið fékk 300.000 kr. styrk frá menningarráði Suðurlands í þetta verkefni.

Fyrirhugað er næsta haust að frumflytja verk eftir Jakob Hansen, Sindra Kárason og margnefndan Hafstein Þór Auðunsson.

Að lokum þakkir til allra sem lagt hafa leikfélaginu lið á liðnu leikári.

Hveragerði 4. júní 2008.
María Kristjánsdóttir, formaður.

Leikfélag Hörgdæla



Þátttakendur á dansnámskeiði

Aðalfundur Leikfélags Hörgdæla var haldinn 1. október á Melum þar sem eftirfarandi stjórn tók við: Stefanía E. Hallbjörnsdóttir formaður, Tryggvi Gunnarsson varaformaður, Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir ritari, Ásgeir Már Hauksson gjaldkeri og Bernharð Arnarson meðstjórnandi.

Hjá Leikfélagi Hörgdæla er hefð fyrir því að setja upp leikrit annað hvert ár, síðasta starfsár var því í rólegri kantinum þar sem „Síldin kemur og síldin fer“ var sett upp árið áður. Þrátt fyrir það sat félagið ekki auðum höndum.

Að venju var leikfélagið aðili að árshátíð félagasamtakanna í Möðruvallaklaustursprestakalli sem haldin var fyrsta vetrardag. Fulltrúar Leikfélagsins í árshátíðarnefndinni voru Bernharð Arnarson og Halla Halldórsdóttir.

Um miðjan nóvember fór 18 manna hópur í menningarreiðu til stórborgarinnar London þar sem m.a. var farið í leikhús, út að borða, kíkt á vaxmyndasafn og útsýnið skoðað úr London Eye. Helgin var hin besta skemmtun og voru allir þátttakendur sammála um að endurtaka leikinn sem fyrst.

Allt skipulag, pantanir og utnumhald hvað varðaði sameiginlegar athafnir hópsins var í höndum stjórnarinnar.

Eins og átta undanfarin ár sá leikfélagið um lestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa í Möðruvallakirkju í samráði við sóknarprestinn. Að þessu sinni var það Þórður V. Steindórsson sem sá um skipulagninguna fyrir hönd félagsins. Alls lásu 24 einstaklingar.

Leikfélagið tilnefndi fulltrúa (Ásgeir Mát) í dómnefnd Stóru upplestrarkeppinnar sem haldin var í Pelamerkurskóla í mars sl.

Á vordögum tók sóknarpresturinn á Möðruvöllum, Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, sig til og útbjó leikþátt í bundnu og óbundnu máli þar sem Stefán á Möðruvöllum gegndi lykilhlutverki. Verkið var svo leiklesíð í glæsilegu og nýuppgerðu Leikhúsi Möðruvalla á Sumardaginn fyrsta. Sjö félagar tóku þátt í lestrinum auk fimm félaga í kirkjukór Möðruvallaklausturskirkju ásamt fiðluleikara. Flutningur verksins tók tæpa klukkustund og var boðið upp á kaffi og meðlæti að sýningu lokinni. Saga Jónsdóttir hafði umsjón með verkinu.

Mældist þessi uppákoma vel fyrir og er von til þess að í framtíðinni geti frekara samstarf orðið á milli Amtmannssetursins, Leikfélags Hörgdæla og kirkjukórsins.

Í vor (31. mars til 5. maí) stóð leikfélagið fyrir dansnámskeiði þar sem Anna Breiðfjörð danskennari leiddi 22 pör í djæf, ræl og skottis. Aðsóknin varð meiri en búist hafði verið við og þurfti því að útvega annað húsnæði svo að pláss væri fyrir alla til að láta ljós sitt skína. Námskeiðið var því haldið í Hlíðarbæ í stað Mela. Kennnt var í 6 skipti í tveimur hópum (byrjendur og lengra komnir) og var sleginn botn í námskeiðið með sameiginlegu dansballi og hressingu í hléi.

Í maí 2008 sendi félagið tvo fulltrúa (Ástu Júlíu og Bernharð) fyrir sína hönd á aðalfund BÍL sem haldinn var í Skagafirði.

Einn félagi, Fanney Valsdóttir, komst að í leiklistarskóla BÍL á Húsabakka og stóð til að Leikfélagið greiddi skólvistina að fullu. Af persónulegum ástæðum gat hún ekki nýtt sér tækifærið að þessu sinni og er það miður. Leikfélag Hörgdæla mun halda sínu striki og hvetja félagi sína til að sækja um vist í skólanum.

Á starfsárinu voru haldnir sex formlegir stjórnarfundir en auk þess hafa mikil samskipti átt sér stað milli stjórnarmeðlima í síma og með tölvupósti.

Undanfarið hefur stjórnin lesið handrit af miklum móð og stendur til að ákveða stykki til uppsetningar fyrir næsta aðalfund. Saga Jónsdóttir hefur verið ráðin til að leikstýra þessari sýningu sem frumsýnd verður á nýju ári.

Þegar þetta er skrifað eru félagar í Leikfélagi Hörgdæla 74.

*Akureyri 31. ágúst 2008,
Stefanía E. Hallbjörnsdóttir, formaður.*



Bærinn breiðir úr sér

Leikfélag Keflavíkur

Allt í plati

höfundur og leikstjóri Þröstur Guðbjartsson.

Þátttakendur: 32

Sýningar: 12

Áhorfendur: 762

Bærinn breiðir úr sér

eftir Breiðbandið, leikstjóri Helga Braga Jónsdóttir.

Þátttakendur: 45

Sýningar: 18

Áhorfendur: 1.805



Bærinn breiðir úr sér



Bærinn breiðir úr sér

Leikfélag Kópavogs

Börn mánans

eftir Michael Weller, þýðandi Karl Ágúst Úlfsson, leikstjóri Sigurbór Albert Heimisson.

Pátttakendur: 18

Sýningar: 3

Áhorfendur: 85

Skýrsla stjórnar:

Nú leikárið er liðið í aldanna skaut, og aldrei það kemur til baka. Þetta leikár verður líklega í minnum haft fyrir tvennar sakir. Þetta árið, fimmtugasta og fyrsta starfsár leikfélagsins, var einungis ein frumsýning, Börn Mánans, sem unglingarnir okkar settu upp af miklum myndugleik. Hitt sem er markvert við þetta leikár er, að við eignuðumst loks okkar eigið leikhús. Leikhús Leikfélags Kópavogs við Funalind (í Funalind?).



Leikhússport

En ýmislegt markvert gerðist á þessu 51. leikári leikfélagsins;

Í BÍL-skólann fóru sjö LK-félagar á ýmis námskeið og þetta árið fara álíka margir.

Þann 20. júlí skrifaði Örn Alexandersson, gjaldkeri félagsins, undir kaupsamning á Funalind 2. Á undan því höfðum við í stjórn félagsins staðið í ströngum samningaviðræðum við eiganda Funalindarinnar og Kópavogsbæ svo að draumur okkar gæti orðið að veruleika. Við ásættumst um kaupverð (48 millur) og svo var samið og að lokum skrifað undir.

Á sama tíma voru ég og fleiri úr Leikfélagi Kópavogs í Suður-Kóreu þar sem við og Hugleikur sýndum Memento Mori í Changwuan, sem var að öllum líkindum lokasýning á því verki. Sú ferð var mjög eftirminnileg fyrir margar sakir. Það er heitt í Suður-Kóreu á þessum árstíma, Kóreubúar eru öðruvísi en við og líta á íslensk ungabörn sem einhverjar súperstjörnur. Allavega þá komumst við klakklaut heim, þó sumir þyrftu að skilja eftir hluta af farangri sínum vegna yfirvigtar.

Um leið og við fengum húsnæðið í hendurnar í ágúst var fenginn arkitekt til að vera okkur innan handar við hönnun og framkvæmd á breytingum sem voru óumflýjanlegar til að Funalindin yrði að leikhúsi. Arkitektinn er mörgum að góðu kunnur og er „gamall“ LK-félagi, Tólli að nafni. Hann teiknaði og teiknaði og við hin gerðum lítið annað fyrst um sinn en að rífa niður helming af millilofti og veggj og þvíumlíkt.

Í október fórum við af stað með spunahóp í umsjón undirritaðs sem hittist hér í húsinu einu sinni í viku. Á sama tíma fór unglingadeildin af stað undir handleiðslu Sigurbórs Alberts Heimissonar. Þau höfðu aðsetur í Smáraskóla fram að áramótum en komu síðan hingað í Funalindina þegar þau byrjuðu að æfa Börn Mánans. Pátttakendur á unglinganámskeiðinu voru mest 18 en fækkaði nokkuð þegar líða tók á námskeiðið og á endanum voru 14 sem tóku þátt í sýningunni. Sýningar á Börnum Mánans urðu þrjár og tókust þær ágætlega í höndum þessara ungu leikara.

En ég er kominn svolítið fram úr mér. Svo ég haldi aðeins áfram með leikárið þá var undirritaður rekstrar- og samstarfs-samningur við Kópavogsbæ þann 3. nóvember. Samningur þessi er mikil bót frá gamla samningnum því styrkur Kópavogsbæjar til leikfélagsins eykst til muna og uppfyllingarákvæði samningsins voru einfölduð. Síðan héldum við létt innflutningspartý hér í desember. Þar var haldin leikhússportkeppni og veglegar veitingar voru á boðstólum í litla leikhúsinu okkar sem ekki líktist beint leikhúsi á þeim tímapunkti.

Við fórum af stað með miklum hug og vonuðumst til að standa straum af kostnaði við breytingar á húsinu með styrkjum frá vinveittum aðilum hér í bæ, en þá skall allt í lás, allir fóru að halda að sér höndum í kreppunni og við þurftum að leita til bæjarins fyrir stuðning í leikhúsbýggingunni, Kópavogsbær hefur brugðist við og veitt okkur styrki sem gera okkur kleift að halda áfram uppbyggingunni. Einnig hefur Lista- og menningarráð stutt okkur dyggilega og meðal annars fengum við styrk til að rita sögu félagsins og réðum við Bjarna Guðmarsson til að stýra því verki.

Þetta leikár sem nú er lokið einkenndist af framkvæmdum. Ekki svo mikið af listrænum framkvæmdum því á þessu ári var einungis eitt leikrit frumflutt, en þó var byrjað að æfa upp næstu uppsetningu leikfélagsins, Skugga-Svein, sem verður opnunarýning í nýju leikhúsi félagsins sem þið eruð nú stödd í. Og ekki nóg með það, þar sem Bingó var valið sem framlag Íslands á leiklistarhátíð NEATA í Riga í Lettlandi og verður sýnt þar í byrjun ágúst.

Þann 5. júní 2008
Gísli Björn Heimisson, formaður.



Allt í plati

Leikfélag Mosfellssveitar

Allt í plati

eftir Pröst Guðbjartsson, leikstjórar Herdís Þorgeirsdóttir og Ólafur Haraldsson.

Þátttakendur: 9 Sýningar: 6 Áhorfendur: 410

Fjáröflun nunnanna II

höfundur María Guðmundsdóttir, leikstjóri Kjartan Þórarinnsson.

Þátttakendur: 24 Sýningar: 2 Áhorfendur: 115

Pegar Tröllli stal jólonum

leikgerð og leikstjórn Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir.

Þátttakendur: 32 Sýningar: 7 Áhorfendur: 470

Stelpuskógur

höfundar og leikstjórar Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir.

Þátttakendur: 25 Sýningar: 2 Áhorfendur: 160

Ofviðrið

eftir William Shakespeare, þýðandi Helgi Hálfðanarson. leikstjóri Ólafur S.K. Þorvaldz.

Þátttakendur: 24 Sýningar: 2 Áhorfendur: 142

Spunasöngleikurinn Ofviðrið

eftir leikhóp og leikstjóra Agnesi Wild og Sigrúnu Harðardóttur.

Þátttakendur: 20 Sýningar: 2 Áhorfendur: 135

Biddi í 60 ár

höfundur og leikstjóri Birgir Sigurðsson.

Þátttakendur: 17 Sýningar: 2 Áhorfendur: 190

Hverjum ætti að refsa?

höfundur og leikstjóri Agnes Wild.

Þátttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 140

Pennan dag

höfundur og leikstjóri Sigrún Harðardóttir.

Þátttakendur: 1 Sýningar: 1 Áhorfendur: 140

Ævintýri Sportálfisins

í leikgerð og leikstjórn leikhópsins.

Þátttakendur: 6 Sýningar: 2 Áhorfendur: 210

Leikfélag Ólafsvíkur

Allt í plati

eftir Pröst Guðbjartsson, leikstjóri Gunnsteinn Sigurðsson.

Þátttakendur: 20 Sýningar: 4 Áhorfendur: 453

Leikfélag Rangæinga

Sagan um Svein sáluga Sveinsson í Spjör og samsveitunga hans
höfundar Anna Kristín Kristjánsdóttir og Unnur Guttormsdóttir, leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.

Þátttakendur: 19 Sýningar: 8 Áhorfendur: 594

Gunnar á Hlíðarenda

eftir leikhópinn, leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.

Þátttakendur: 11 Sýningar: 1 Áhorfendur: 83

Gunnhildur og Glaðfaxi

höfundur Gudrun H. Söderholm, leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.

Þátttakendur: 13 Sýningar: 1 Áhorfendur: 94



Gunnar á Hlíðarenda

Skýrsla stjórnar:

Stjórnarfundir voru 5 á árinu auk óformlegra funda í tengslum við æfingar og sýningar. Ljósabúnaður félagsins er kominn nokkuð til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Sóttum við um styrk frá Héraðsnefnd til þessa verkefnis. Nefndin brást rausnarlega við þessari umsókn og veitt styrk að upphæð 1 milljón til verkefnisins, þannig að nú getur Leikfélag Rangæinga verið vel upplýst á næsta leikári. Einnig fengum við styrki frá Menningarráði Suðurlands og Ásahreppi. Rangárþing eystra lætur hins vegar félaginu í té aðstöðu í Njálsbúð fyrir starfsemina og auk þess eru önnur félagsheimili í sveitarfélaginu lánuð án endurgjalds til sýninga eða æfinga og er það ómetanlegur stuðningur.

Leikárið

Leikfélag Rangæinga hefur starfað af fullum krafti á liðnu leikári.

Leikritið Sagan um Svein sáluga Sveinsson í Spjör og samsveitunga hans var tekið til sýningar. Æfingar byrjuðu í byrjun október og var farið rólega af stað og æft tvisvar í viku. Í nóvember var farið í æfingaferð upp að Flúðum og gist þar í sumarbústað eina helgi. Æfingaaðstöðu fengum við í húsnæði Flúðasveppa. Þessi helgi skilaði miklu enda unnið af fullum krafti alla helgina. Æfingar héldu svo áfram fram í desember. Við frumsýndum svo í Hvoli á Hvolsvelli 26. janúar. Sýningar gengu vel og urðu 8 tal-sins og áhorfendur liðlega 600. Sýnt var í Hvoli, í Njálsbúð, Fossbúð á Skógum og á Kirkjubæjarkalustri. Alls tóku um 20 manns þátt í sýningunni. Leikstjóri var Margrét Tryggvadóttir.

Ungliðastarf

Haldin voru 2 leiklistarnámskeið fyrir börn á Hvolsvelli, eitt í september en þar tóku þátt 15 börn og annað í febrúar með 13 þátttakendum. Leiðbeinandi var Margrét Tryggvadóttir.

Tvær leiksýningar voru síðan haldnar með ungliðum Leikfélagsins. Önnur var í nóvember og var þar frumfluttur leikþáttur um Gunnar og Njál í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Seinni sýningin var svo á síðasta vetrardag í Hvolnum þar sem fluttir voru tveir leikþættir, Gunnhildur og Glaðfaxi og Fréttaviðtal. Húsfyllir var á báðum þessu sýningum. Auk þess tóku ungir leikarar á vegum leikfélagsins þátt í 17. júnihátíðahöldum á Hvolsvelli.

Hellu 5. júní 2008

Þorsteinn Ragnarsson, formaður.

Leikfélag Reyðarfjarðar**Pú ert í blóma lífsins fiflið þitt**

eftir Davíð Þór Jónsson og Unglingadeild Lf. Hafnarfjarðar, leikstjóri
Magnús J. Magnússon.

Þátttakendur: 40 Sýningar: 3 Áhorfendur: 230

Skýrsla stjórnar:

Starfsárið 2007–8 hjá Leikfélagi Reyðarfjarðar var rólegt framan af en eftir áramótin fórum við af stað með leikrit til að sýna og sanna að við værum ekki dauð úr öllum æðum.

Síðustu tvö ár hefur starfsemin legið niðri vegna manneklu til menningarlegrar þátttöku. Uppgangur í samfélaginu hvað varðar atvinnu hefur komið illa niður á starfsemi eins og leikfélaginu.



Pú ert í blóma lífsins fiflið þitt

Það var því ákveðið að bæta úr þessu og fá krakkana úr Grunnskóla Reyðarfjarðar til að setja upp sýningu með okkur. Samningar tókust á milli skólustjóra, krakka úr 8. 9. 10. bekk og leikfélagsins. Þar sem við vorum frekar sein af stað með þessa hugmynd þá var okkur þröngur stakkur búinn hvað tíma og sýningafjöldi varðar.

En allt fór vel og krakkarnir stóðu sig með þryði og sýndu mikinn áhuga og metnað, því við höfðum ekki nema þrjár vikur til æfinga.

Leikritið sem varð fyrir valinu var Pú ert í blóma lífsins fiflið þitt eftir Davíð Þór Jónsson og ungmennadeild Leikfélags Hafnarfjarðar. Leikstjóri var Magnús J. Magnússon. Sýningar urðu þrjár og allar fyrir fullu húsi. Frumsýning var 2 mars.

Guðmundur Y. Hraunfjörð, formaður.



Alína

Leikfélag Sauðárkróks

Alína

höfundur og leikstjóri Stefán Sturla Sigurjónsson.

Þátttakendur: 55

Sýningar: 11

Áhorfendur: 916

Viltu finna milljón?

höfundur Ray Cooney, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri Jón St. Kristjánsson.

Þátttakendur: 28

Sýningar: 11

Áhorfendur: 776

Skýrsla stjórnar:

Fyrsta verkefni okkar var uppákoma á 17. júní fyrir yngstu krakkana. Komu fram nokkrar figúrir í skrúðgöngunni.



Alína

Við fengum Stefán Sturla Sigurjónsson til að semja fyrir okkur barnaleikrit með tónlist eftir Valgeir Skagfjörð og kom Stefán í lok ágúst til að byrja æfingar. Leikstýrði Stefán Sturla okkur. Frumfluttum við barnaleikritið Alínu þann 20. október og seldum við einnig bókina Alínu. Síndum við 11 sýningar og áhorfendur voru 916. Mikil vinna fór fram við uppsetningu þessarar sýningar, afar mörg börn og unglingar tóku þátt í henni og mikla þolinmæði þurfti til að halda geðheilsunni þessar 8 vikur. Sýningin varð hin fallegasta og megum við vera afar stolt af kvekendinu.

Í desember sagði fyrverandi formaður Leikfélagsins af sér og kusum við Sigurveigu Dögg Þormóðsdóttur einróma til að taka við þeirri stöðu og Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir varð þar með gjaldkeri.

Þar sem að það eru 120 ár síðan að Leikfélag Sauðárkróks var stofnað ákvað stjórnin að halda nú einhvern veginn upp á þessi frábæru tímamót. Réðum við því Jón Ormar Ormsson til að sjóða saman söguýningu sem spannar leikrit þessara 120 ára þar sem áhersla verður lögð á íslensk leikrit og verður frumsýnt þann 16. nóvember 2008, á degi íslenskrar tungu.



Viltu finna milljón?

Fórum við þá í að lesa handrit til að setja upp í Sæluvíkunni og vorum búin að ákveða að setja upp Tvo tvöfalda en komumst að því fyrir einskæra tilviljun að Leikfélag Blönduóss var einmitt að fara að setja það upp. Þannig að ákveðið var að setja upp Viltu finna milljón? eftir Ray Coney í leikstjórn Jóns Stefáns Kristjánssonar. Frumsýndum við þann 27. apríl og síndum 11 sýningar, en því miður komu ekki nema 766 áhorfendur. En við megum vera afar stolt af þessari sýningu þó áhorfendur hefðu mátt vera fleiri.

Þann 1. maí fóru álfar og tröll úr barnaleikritinu Alínu út í Ljósheima og skemmtu á hátíðahöldum Verkalýðsfélaganna við mikinn fögnuð gesta.

Þann 2.–4. maí aðstoðaði Leikfélag Sauðárkróks við skipulagningu aðalfundar Bandalags íslenskra leikfélaga. Var hann haldinn á Bakkaflöt. Við fengum Mariu Grétu Ólafsdóttur til að vera fundarstjóra og stóð hún sig með mikilli þryði. Fengum við Kristján Björn Snorrason til að vera veislustjóra á hátíðarkvöldverðinum og kemst enginn með tærnar þar sem hann hafði hælana. Fengum við einnig Geirmund Valtýsson til að koma sem leynigest um kvöldið og sló það rækilega í gegn. Bandalagsþingið hófst í Bifröst með sýningunni Viltu finna milljón? og vakti það mikla lukku meðal fundargesta. Fengum við síðan afar flotta umsögn um leikritið Alínu frá Þjóðleikhússtjóra.

Eftir þetta stormasama en skemmtilega ár voru allir afar sáttir með framlag Leikfélagsins til menningarlífs Skagafjarðar og bíðum við bara spennt eftir því hvað næsta leikár hefur upp á að bjóða.

Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

Leikfélag Selfoss

Með táning í tölvunni

höfundur Ray Cooney, þýðandi og leikstjóri Jón St. Kristjánsson.

Þátttakendur: 13 Sýningar: 21 Áhorfendur: 1.100

List leikarans, fyrirlestur um leikræna tjáningu

höfundur Rowan Atkinson, þýðandi Guðfinna Gunnarsdóttir, leikhópurinn leikstýrði sér sjálfur.

Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60

Á bakvið tjöldin

eftir leikhópin í leikstjórn Hrafnhildar og Sigríðar Karlsdætra.

Þátttakendur: 8 Sýningar: 1 Áhorfendur: 60



Með táning í tölvunni

Skýrsla stjórnar:

Eftir aðalfund á liðnu ári hélt ný stjórn ótrauð áfram að undirbúa afmælisleikár og af nógu var að taka. Eitt af verkefnum hópsins sem ætlaði utan með Hnerrann í leikferð til Litháen um haustið var að taka þátt í hátíðinni Vorskipið kemur, en félagar klæddu sig upp sem kaupstaðafarar og örkuðu um stræti Eyrarbakka og Stokkseyyrar við góðar undirtektir. Einnig léku félagar Bónorðið í stásstofunni í Húsinu af sama tilefni.

Um sumarið fóru sjö félagar í Leiklistarskóla Bandalagsins til að nema og gekk vel. Einnig fór einn nemandi á förðunarnámskeið í skólum um haustið.

Eitt barnanámskeið var haldið í júlí í umsjá Írisar Árnýjar Magnúsdóttur og Gerðar Halldóru Sigurðardóttur, námskeiðið heppnaðist vel og var troðfullt og virðist ekkert lát vera á eftirspurn eftir námskeiðum sem þessum.

Þrjú ungmenni úr félaginu léku í heimildarmynd um Húsið á Eyrarbakka og voru félaginu til sóma. Tveir félagar fóru á NUTU-námskeið í Noregi um sumarið. Leikfélagið Sýnir fékk afnot af húsinu eina helgi í júlí fyrir æfingar. Leikritið Gillitrutt var flutt á afmælishátíð vegna 60 ára afmælis Selfoss. Opinn félagafundur var haldinn í byrjun september þar sem málefni vetrarins voru rædd.

Um haustið var byrjað snemma að undirbúa utanför til Rokiskis í Litháen á hátíðina Interrampa, en 15 manna hópur frá félaginu fór utan auk framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra leikfélaga, Vilborgu Valgarðsdóttur, sem var mikil skrautfjöldur í okkar hatt. Ferðin gekk mjög vel og var félögum og sýningunni mjög vel tekið. Hópurinn kom sæll og glaður heim, reynslunni ríkari og með þessa setningu: „You Icelandic people take theatre so seriously.“

Vel gekk að fjármagna ferðina og ber að þakka þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu okkur í þeim efnum sem og ættingjum og vinum sem studdu við bakið á hópnum í ferðinni. Í októberlok hófust svo æfingar á farsanum Með táning í tölvunni eftir Ray Cooney í þýðingu og leikstjórn Jóns Stefáns Kristjánssonar, en um frumflutning á Íslandi var að ræða. Frumsýnt var 11. janúar, í afmælisviku félagsins. Sýndar voru 21 sýning og lokað fyrir fullu húsi. Þess ber að geta að öll tæknivinna gekk einstaklega vel og allt skipulag kringum sýninguna var til fyrirmyndar, leikmyndin var einkar glæsileg og ljósa- og hljóðvinna var öll unnin af félögum sjálfum og mátti greinilega merkja þar árangur af ljósnámskeiði sem haldið var á síðasta leikári. Ber sérstaklega að þakka Svanhildi Karlsdóttur, yfir-ofur-framkvæmdastjóra og Ella Hafliðasyni tæknistjóra fyrir gott skipulag.

Félagar fluttu atriði úr Gullna hliðinu á 60 ára afmælishátíð Kvenfélags Selfoss og einnig sama atriði fyrir eldri borgara á Eyrarbakka. 6. apríl var haldið opið hús í tilefni af afmælinu, boðið var upp á vöffur og kaffi og gátu gestir og gangandi skoðað húsakynni og muni og myndir sem voru til sýnis. Er fyrirhugað að endurtaka leikinn á „Vor í Árborg“ 12. maí næstkomandi. Daginn fyrir frumsýningu kom út afmælisblað á vegum félagsins. Því var dreift um allt Suðurland og ætti því ekki að hafa farið framhjá neinum að við áttum 50 ára afmæli. Blaðið var sérstaklega styrkt af nýjum Menningarsjóði Suðurlands í fyrstu úthlutun úr sjóðnum í nóvember.

Nú erum við langt komin með að skanna inn myndir úr safni félagsins og var keyptur svokallaður flakkari sem geymir myndasafn félagsins og mun það koma sér einkar vel að geta varðveitt gögn um sögu félagsins á tölvutæku formi. Einnig stendur til að vefsíða félagsins líti dagsins ljós á vordögum, en vegna anna í vetur hefur ekki tekist að klára hana – lénið erum við þó búin að tryggja okkur og eigum við leikfélagsselfoss.is.

Einnig var skipt um skilti á húsinu okkar í tilefni af afmælisári. Svo var áhorfendasalur málaður sem og hluti af kjallaranum. Undirbúningur vegna afmælisvöráshátíðar stendur yfir um þessar mundir og er allt útlit fyrir að mikið verði ansi skemmtilegt hjá okkur 17. maí. Hátíðin verður með óhefðbundnara sniði en venja er og hefst með móttöku hér í leikhúsinu, en þaðan færast svo leikar yfir í Tryggvaskála.

Formaður var boðaður á fund með ráðgjöfum sem skrifa eiga skýrslu um úttekt á þörf fyrir menningarhúsnæði í Árborg. Vonandi kemur eitthvað gott út úr því fyrir okkur, en bæjarstjóri Árborgar hefur lýst því yfir að niðurstaða um hvert skuli stefna í þessum málaflokki muni vonandi liggja fyrir á þessu ári.

Framundan eru skemmtileg verkefni, þessi stjórn er stolt af síðasta ári og þykir vel hafa tekist að halda afmæli félagsins og félaginu sjálfu á lofti. Félagið er ekkert án félaganna sjálfra og að sjálfsgöðu þeirra áhorfenda sem hingað sækja. Við þökkum fyrir árið. Leikum núna og á morgun og hinn og hinn.

Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður.

Leikfélag Seyðisfjarðar

Kallarðu þetta leikrit?

höfundur Ágúst T. Magnússon, leikstjóri Snorri Emilsson.

Þátttakendur: 25

Sýningar: 4

Áhorfendur: 226

Leikfélag Siglufjarðar

Tveggja þjónn

höfundur Carlo Goldoni, þýðandi Sveinbjörn Jónsson, leikstjóri Elfar Logi Hannesson.

Þátttakendur: 12

Sýningar: 8

Áhorfendur: 350

Skýrsla stjórnar:

Rólegt var framan af en svo kom að því að við fórum aftur í samvinnu með Umf. Glóa og héldum 17. júní hátíðlegan.

Einnig sendum við fjórar figúrur á sumarhátíð leikskólans eins og síðastliðin ár.



Allra meina bót

Í byrjun janúar hófust æfingar á leikritinu Tveggja þjónn í leikstjórn Elfars

Loga Hannessonar. Hér var á ferðinni bráðfjörugur ítalskur leikur sem fjallar um þjóninn Eldibrand sem lendir í því að þurfa að þjóna tveimur herrum samtímis. Leikarar voru 12 talsins en fjöldi manns lagði leikfélaginu lið við þessa uppsetningu. Leikfélagið fékk til liðs við sig unglinga í leiklistarvali í 9. bekk Grunnskólans og stóðu þau sig fádæma vel. Mikill áhugi var hjá krökkunum en þau léku, sáu um tæknimál og aðstoðuðu við æfingar. Eiga þau mikið hrós skilið fyrir elju og dugnað.

Við fórum í leikferð og skelltum okkur loksins í austurbæinn (Ólafsfjörð) og sýndum tvær sýningar þar.

Þá er það ekki meir í bili ...

Víðekka Arnardóttir, formaður.



Mómó eða skritin saga um tímaþjófana

Leikfélag Ölfuss

Mómó eða skritin saga um tímaþjófana

höfundur Michael Ende, leikgerð Kolbrún Halldórsdóttir, leikstjóri Hrund Ólafsdóttir.

Þátttakendur: 24

Sýningar: 4

Áhorfendur: 165

Álfur í Þorlákshöfn

samið og leikstýrt af leikhópnum.

Þátttakendur: 8

Sýningar: 3

Áhorfendur: 400

Skýrsla stjórnar:

Við fórum inn í þetta leikár með það að leiðarljósi að setja upp barnaleikrit og í samráði við leikstjórnann, Hrund Ólafsdóttur, tókum við þá djörfu ákvörðun að setja upp lítt þekkt verk; Mómó eða skritin saga um tímaþjófana og barnið sem frelsaði tímann úr klóm þeirra eftir þýska rithöfundinn Michael Ende.

Sunnudaginn 28. október buðum við öllum Ölfusbúum frá 9 ára aldri að taka þátt í leiklistarnámskeiði undir stjórn Hrundar Ólafsdóttur en því miður verður að segjast að þátttaka var heldur dræm. Við létum þó ekki deigan síga og hófum æfingar á Mómó um miðjan nóvember, tókum hlé í desember en byrjuðum aftur af fullum krafti í janúar. Tuttugu og þrjár einstaklingar komu að sýningunni og þar af voru níu börn en aðalhlutverkið var einmitt í höndum ellefu ára gamallar stúlku. Þar sem fáir karlmenn voru á lausu innan félagsins brugðum við á það ráð að fá að láni tvo vaska sveina frá Leikfélagi Selfoss og óhætt er að segja að sú samvinna hafi verið ánægjuleg. Frumsýnt var við góðan orðstír 5. apríl, sýningar voru fjórar en því miður var aðsókn ekki eins góð og við hefðum kosið.

Leikfélag Ölfuss hafði milligöngu um að fá Grýlu og jólasveina til að skemmta við tendrun jólatrés í desember og tveir þessara óknyttastráka litu svo við á jólatrés-skemmtun yngsta stigs í Grunnskóla Þorlákshafnar.

Þetta ár gerðumst við aðilar að þorablótsnefnd og settum saman revíuna „Álfur í Þorlákshöfn“ sem var sýnd fyrir fullu húsi á þorablóti Ölfusinga 2. febrúar. Vakti revían svo mikla lukku að við vorum beðin að sýna hana aftur á árhátíð Félags eldri borgara 1. mars og enn einu sinni á skemmtikvöldi í lok maí, eftir það var tekin ákvörðun um að láta staðar numið og einbeita sér að nýjum verkefnum. Þau létu alls ekki bíða eftir sér, Leikfélagið sá um veislustjórn á sjómannadagsballi 31. maí og sýndi þar frumsaminn skemmtipátt við frábærar undirtektir allra sem sáu.

Nokkrir félagar LÖ brugðu sér í gerfi trúða og töframanna þann 17. júní og skemmtu börnum á öllum aldri. Í lok júní fórum við svo af stað með Listasmiðju fyrir börn 6 ára og eldri í samvinnu við Sveitarfélagið Ölfuss og tónlistarkennara. Haldin voru tvö fimm daga námskeið og voru þau vel sótt. Að námskeiðum loknum settu börnin svo upp leiksýningar byggðar á íslenskum þjóðsögum.

Það er óhætt að segja að Leikfélag Ölfuss hafi stimplað sig rækilega inn í vitund sveitunga sinna þetta árið og við horfum spennt til næsta leikárs þar sem stefnan er að sjálfsgöðu tekin á enn frekari afrek á leiksviðinu.

Árný Leifsdóttir og Magnþóra Kristjánsdóttir.

Leikfélagið Grímnir

Oliver

höfundur Lionel Bart, þýðandi Flosi Ólafsson, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Þátttakendur: 73 Sýningar: 10 Áhorfendur: 630

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur var haldinn 16. september í húsnæði félagsins að Silfurgötu 7. 12 manns mættu en félagsmenn eru alls 49.

Formaður, Þorgrímur Vilbergsson, setti fund og bauð alla velkomna. Þorgrímur var kosinn fundarstjóri og fundarritari var kosin Ingveldur Eypórsdóttir.

Þorgrímur las skýrslu stjórnar. Ingveldur las skýrslu gjaldkera og lagði fram ársreikninga. Engar umræður eða athugasemdir komu við skýrslur þessar.

Guðmundur Bragi las skýrslu sína sem gagnrýnanda, var það um seinkun á aðalfundi og boðun hans og einnig húsnæðisvandi okkar þar sem við erum bundin velvilja eigenda Hótel Stykkishólms. Vegna breytinga á hótelinu urðum við að sleppa síðustu 2 sýningum sem áætlaðar voru vegna framkvæmda. Stjórnin varð að þrifa milli sýninga, taka sýningu niður, hreinsa hótelið eftir árhátíðir og setja svo sýninguna upp aftur. Þannig greiddum við húsaleiguna!

Fyrsta mál á dagskrá var kosning nýs formans og ritara þar sem Þorgrímur vannur á Egilsstöðum og Margrét ritari gaf ekki kost á sér. Varaformaðurinn Einar Strand gat ekki tekið við svo úr var að Anna Sigríður Guðmundsdóttir tók við formannsstarfinu og Fanný Lilja Hermundardóttir sem meðstjórnandi.

Stjórn Grímnis leikárið 2007–2008:

Anna Sigríður Guðmundsdóttir formaður, Einar Þór Strand varaformaður, Ingveldur Eypórsdóttir gjaldkeri, Halldóra B. Ragnarsdóttir ritari, Fanný Lilja Hermundardóttir meðstjórnandi, Mattías Arnar Þorgrímsson varamaður og Kristján Hildibrandsson varamaður.

Ákveðið var að hafa árgjaldið hið sama og í fyrra eða 1.000 kr.

Ákveðið var að taka söngleikinn Oliver til sýninga á 40 ára afmælisárinu. Gengið var til samninga við Guðjón Sigvaldason leikstjóra.

Almennur fundur var haldinn 17. september og voru margir af yngri kynslóðinni áhugasamir. Guðjón ákvað að skipta hópnum upp í eldri og yngri. Æfingar gengu vel og vel gekk að raða í hlutverk. Guðjón var naskur að sjá hver passaði í hvaða hlutverk.



Oliver!

Hafa þurft fyrir því að fá eldra fólk til starfa, gömlu kempurnar gáfu sig þó og tóku þátt. Einungis 5 eldri félagar gáfu sig í þetta þannig að ákveðið var að manna nokkur hlutverk með fólk á aldrinum 20–30 ára. Allt fór vel að lokum. Leikmyndin var okkur dýr. Við áttum efni/fleka frá Fiðlaranum en þeir höfðu verið geymdir í lélegu húsnæði og voru úrskurðaði skemmdir af raka. Því varð að fjárfesta í nýju timbri og flekum sem fyrr segir. Músík og leikmynd voru gerðar af leikurum þó hjálp fengist hjá fagfólki. Útsetning tónlistar var í höndum Kjartans Guðmundssonar og sá hann einnig um gerð DVD-myndar af uppsetningunni. Haldin var fundur með foreldrum barnanna og þau beðin að vera baksviðs til að aðstoða börnin við að skipta um búninga og baka eða mæta með eitthvað matarkyns. Allir tóku því vel og fannst gaman að fá að kynna leikhúslífinu. Sýningar byrjuðu kl. 20.00 en börnin mættu 18.00 í förðun og upphitun þannig að tíminn var drjúgur og alltaf hægt að borða eitthvað spennandi og nýtt þótt eldabuskurnar okkar sæju um mat fyrir alla. Einnig voru börnin að gera heimalærdóminn. Listinn yfir leikmuni var langur en einhvern veginn gekk vel að fá lánað eða við keyptum það sem vantaði. Eiga margir þakkir skildar fyrir það.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir, formaður.

Leikfélagið Hallvarður súgandi

Galdrakarlinn í Oz

höfundur L. Frank Baum, þýðandi Karl Ágúst Úlfsson, leikstjórar Rúnar Guðbrandsson og Birna Hafstein.

Þátttakendur: 50

Sýningar: 4

Áhorfendur: 248

Skrið á frumsýningardag:

Bölvun eða röð tilviljana?

Ófarir hafa elt þá sem starfa við leiksýninguna Galdrakarlinn í Oz hjá Leikfélaginu Hallvarði súganda. Það sem af er komið æfingum hafa sjö þurft að leita sér lækninga og á síðustu æfingu fyrir generalprufu tókst þrem leikurum að slasa sig á fótum og eru tveir leikarar í burðarhlutverkum haltir.



Galdrakarlinn í Oz

Ekki er vitað til þess að bölvun hvíli yfir verkinu en marga er farið að gruna að svo sé. Þetta er farið að minna á ónefnda Shakespeare-verkið sem ekki má nefna, um skoska konunginn.

Rúnar Guðbrandsson leikstjóri segist aldrei á sínum ferli hafa lent í öðru eins.

Guðjón Davíð Karlsson setti upp Galdrakarlinn í Oz í Brekkuskóla á Akureyri nú á vordögum. Nokkur slys urðu á fólki, meðal annars sneri ein leikkonan sig illa á fæti. Í ferlinu komu oft upp einkennileg tæknivandræði sem ekki fannst skýring á; tæki virkuðu ekki þegar æfingar voru í gangi en virkuðu þegar þeim lauk.

Á lokasýningu hvarf tæknimaður sporlaust og fannst aftur sporlaust skömmu síðar á öðrum stað.

Elfar Logi Hannesson hefur ekki heyrt neitt um bölvun varðandi þetta verk þó alkunna sé að bölvun fylgi mörgum leikverkum. Vestfirðir eru mikið galdrasvæði svo það er ekki ólíklegt að fornir kraftar hafi sýnt þessu verki áhuga.

Dr. Jón Viðar Jónsson segir að hann þekki ekki til þess að bölvun fylgi þessu verki en vekur athygli á að varasamt sé að vinna með galdra í leikhúsi því þá geti vaknað öfl sem erfitt er að hafa stjórn á.

Dr. Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur tekur undir með Jóni Viðari og segir að alltaf sé hættulegt að fást við hluti sem maður þekki ekki vel til og bætir við að þekkt sé að bölvun fylgi leikritinu Galdralofti líkt og ónefnda leikritinu eftir Shakespeare. Þess má líka geta að Karl Ágúst Úlfsson, sem þýðir verkið, er magnaður höfundur og gæti því hafa laumað inn launrúnum, vitandi eða óafvitandi. Hún bætir við að þegar hún var að vinna að doktorsritgerð sinni um galdra hafi óskýrð óhöpp átt sér stað í tölvu hennar, handrit og heilir kaflar glatast.

Karl Ágúst Úlfsson tjáir sig ekki um launrúnirnar en segir að líkt sé með þessu leikriti og ónefnda Shakespeareleikritinu að þar séu nornir á ferð og gætu því verið einhver tengsl á milli. Hann þekkir til þess að óhöpp hafi elt þá sem setja upp ónefnda verkið bæði hérlendis og erlendis, sama sé hægt að segja um Galdraloft meðal annars datt húsvörður niður stiga í miðri galdrapulu í því verki og mikið neyðaróp heyrðist út í sal.

Þrátt fyrir þetta gengur allt samkvæmt áætlun og má búast við því að sýningin verði stórskemmtileg og áhorfendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að óhöppin elti þá.

Unnar Reynisson

Leikfélagið M.a.s.

Ísland ögrum skorið

eftir leikhópin og leikstjórnann Ingólf Niels.

Pátttakendur: 11

Sýningar: 3

Áhorfendur: 250

Leikfélagið Peðið

Krepera

höfundur Jón Benjamín Einarsson, leikstjórar Björn Gunnlaugsson, Lísa Pálsdóttir og Vilhjálmur Hjálmarsson.

Pátttakendur: 11

Sýningar: 3

Áhorfendur: 250

Tröllapera

höfundur Jón Benjamín Einarsson, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Pátttakendur: 10

Sýningar: 6

Áhorfendur: 500

Slýrsla stjórnar:

Leikárið hefur verið viðburðarríkt hjá Peðinu, sem endranær. Enn og aftur tókst okkur að setja upp 2 sýningar á okkar litla sýningarstað Grand rokki.

Á Menningarhátíð staðarins, sem haldin var að venju fyrstu helgina í júní 2007, frumsýndum við 2 einpáttunga eftir Jón Benjamín Einarsson með stuttu millispili eftir hann, til að tengja sýninguna saman, þessa uppakomu kölluðum við Kreperu.

Við breyttum útaf venjunni og ákváðum að sýna eitt dramatískt verk, sem fjallaði um einelti og morð, þetta var í fyrsta sinn sem við gerðum þetta, því drama er erfiðara til sýninga á bar, en söng- og gleðileikir hafa verið í fyrirrúmi hjá félaginu fram til þessa. Hinn einpáttungurinn var hins vegar í þeim anda, og mikið hlegið. Segja má að við höfum komist að þeirri niðurstöðu að léttleikinn henti betur í Barleikhúsi, en tilraunin var góð, og góð reynsla fyrir leikarana.

Í desember síðastliðnum sýndum við Tröllaperu eftir Jón Benjamín

Einarsson með tónlist eftir Björgúlf Egilsson og segja má að þeir félagar séu orðnir eins konar hirðskáld leikfélagsins. Tröllapera var mjög viðamikil sýning, með stórríki leikmynd eftir Eggert Ketilsson sem smíðuð var yfir barinn á efri hæð Grand rokks.

En Tröllapera fjallaði um Grýlu, Leppalúða og nokkur börn þeirra og gerist í veislu þann 11. desember eða daginn fyrir ferð fyrsta jólasveinsins til byggða. Þessir þekktu Íslendingar voru settir í „white trash“ búning og var mikill ruslalarýður í þessari framsetningu, en auðvitað í góðlátlegu gríni svo sýningin hentaði vel eldri börnum og fullorðnum.

Það er mesta furða hvernig gengur með þetta litla leikfélag, sem strafraekt hefur verið á bar frá upphafi. Ein lítil hugmynd sem kviknaði 2005, hefur orðið að 6 uppsetningum, og engan bilbug að finna á meðlimum félagsins. Á síðasta aðalfundi hætti ég sem formaður félgsins og Elín Hilmarsdóttir tók við því starfi, en hún hafði verið varaformaður, og skipt var út í stjórninni.

Ég er langt frá því hætt í félaginu, þrátt fyrir þetta, því á síðustu Menningarhátíð, sem er nýafstaðin leikstýrði ég nýjustu uppsetningu Peðsins ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni og lék einnig í þeirri uppsetningu, sem enn er á fjöllum Grand Rokks, hér er átt við Skeifu Ingibjargar eftir Benóný Ægisson og bjóðum við hann velkominn í flóruna.

Lísa Pálsdóttir, fyrrverandi formaður.



Tröllapera, höfundar og leikstjóri.



Tröllapera



Vakandi manns draumur

Leikfélagið Sýnir

Vakandi manns draumur

eftir leikhópin, leikstjórar Hrund Ólafsdóttir og Hörður Skúli Danielsson.

Þátttakendur: 16

Sýningar: 5

Áhorfendur: 150

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2007–2008 byrjaði ekki vel fyrir Sýni. Ekki náðist að mynda stjórn fyrr en í Bandalagsskólanum í júní og var það einungis bráðabirgðastjórn, enda ekki kosin löglega – eða kosin yfir höfuð.

Nýja stjórnin tók þó strax til starfa og ákveðið var að unnið yrði með álfasögur úr þjóðsögunum okkar og að leikstjórum innan félagsins yrði leyft að spreyta sig hver á sinni sögu. Tveir leikstjórar þáðu það, þau Hrund Ólafsdóttir og Hörður Skúli Danielsson. Æfingar hófust um það bil viku eftir að Bandalagsskólinn kláraðist og því var þetta kærkomið tækifæri, fyrir þá sem vildu halda áfram að vinna, til að leiklistast eftir skólann.

Alls voru ellefu leikarar sem tóku þátt í uppsetningunni, fimm undir stjórn Hrundar, þau Sigurjón Jónsson, Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Rósa Björg Ásgeirsdóttir, Guðrún Sóley Sigurðardóttir og Sveinn Óskar Ásbjörnsson og fimm hjá Herði, þau Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Hera Guðbrandsdóttir, Stefán Bjarnason, Elfa Dröfn Stefánsdóttir og Karl Már Lárusson auk þess sem einn leikari, Víðir Örn Jóakimsson, sá um að tengja sögurnar tvær saman.

Sögurnar tvær voru unnar á mjög ólíkan hátt og urðu að eiginlegum andstæðum sem samt voru tengdar í gegnum álfaheiminn. Sýningin hlaut heitið *Vakandi manns draumur* út frá einni álfasögu í safninu en einnig báru sögurnar hvor fyrir sig sín eigin nöfn; „Og hefi ég þann sopa sætastan sopið“ og Hamar.

Tónlist skipaði stóran sess í sögunum og var Helga Ragnarsdóttir tónsmíðanemi fengin til að búa til hljóðmynd og semja stef sem nýttust sögunum. Tónlistin var svo flutt á allskonar hljóðfæri af leikurunum en einnig spiluðu Sigrún Gyða Sveinsdóttir og Helga sjálf undir.

Á æfingatímabilinu var farið í æfingabúðir á Selfoss þar sem leikfélag staðarins hleypti okkur inn í sitt hús og þökkum við kærlega fyrir það. Þar var æft allan laugardaginn, lyft sér upp um kvöldið, og unnið á sunnudeginu líka fram að brottför. Félagið hefur áður farið í æfingaferðir sem þessa og er ótrúlegt hvað þær skila miklu og þjappa hópnum enn frekar saman.

Frumnýting var svo miðvikudaginn 1. ágúst í Öskjuhlíðinni. Sýningin tókst einkar vel og allt small saman á rétta tímanum. Svo var öllu pakkað niður og haldið á Akureyri yfir verslunarmannahelgina þar sem verkið var sýnt auk þess sem félagið sá um að skemmta krökkunum í Brekkunni á sunnudagskvöldinu. Þar mætti Rauðhetta á svæðið ásamt fríðu föruneyti og ævintýri hennar rakin á nýjan, Sýniskan hátt.

Tvær sýningar voru í viðbót í Öskjuhlíðinni og svo var haldið af stað til Dalvíkur, en Sýnir er fastur gestur á Fiskideginum mikla. Þar var skemmt gestum og gangandi með götuleikhúsi og trúðum auk þess sem *Vakandi manns draumur* var svo sýnt í Hánefsstaðarreit rétt fyrir utan bæinn. Sú sýning var lokasýning sumarsins.

En þar með var ekki öllu lokið í starfi leikársins. Þegar boð barst um að taka þátt í Mörgu smáu í Borgarleikhúsinu fannst okkur gráupplagt að senda sögurnar tvær inn hvor í sínu lagi. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna þurfti að þjálfa inn tvo nýja leikara, Sigríði Birnu Valsdóttur sem móðurina í „Og hefi ég þann sopa sætastan sopið“ og Jennýju Láru Arnórsdóttur sem Álfhuldu í Hamri. Báðar sögurnar skiluðu sér vel þrátt fyrir að vera færðar inn fyrir dyrnar.

Í vetur byrjaði stjórn svo fljótlega að ræða um næsta verkefni sem er vel á veg komið og vissulega mikill munur að hafa meiri tíma til að vinna í hlutunum og velta fyrir sér möguleikum. Aðalfundur var svo haldinn 27. apríl þar sem ný stjórn var formlega kosin.

Jenný Lára Arnórsdóttir, formaður.

Leikhópurinn Lopi

Jólagjafalistinn

höfundur og leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Pátttakendur: 22

Sýningar: 3

Áhorfendur: 310

Skýrsla stjórnar:

Starfsemi Leikhópsins Lopa var með hefðbundnum hætti þetta leikárið. Þó hófst starfsemin ekki fyrr en um miðjan október sem er mánuði seinna en vanalega. Starfsemin hófst með fundi. Á fundinn mættu margir áhugasamir einstaklingar og var strax hafist handa við haustverkefnið.

Ákveðið var að semja leikrit frá grunni. Vegna ýmissa erfiðleika þá tókst ekki að frumsýna fyrr en í desember. Samin var sýningin Jólagjafalistinn og var því desembermánuður ekkert mjög slæmur sýningartími. Sýningar voru í Mánagarði og urðu 3 talsins þar sem jólin voru mjög nálægt og margt í gangi.

Mikil gróska var í leiklistinni á vormánuðum þannig að vorsýning Lopa komst ekki að. Það gengur bara betur næst. Leikarar Leikhópsins Lopa voru virkir og ákafir allt leikárið og nú er unnið að verkefni fyrir Humarhátíðina og kannski aðrar uppákomur.

Magnús J. Magnússon, formaður.

Leikklúbburinn Krafla

Skýrsla stjórnar:

Héðan úr Hrísey er frekar lítið að fréttu en samt alltaf eitthvað. Síðasta starfsár var fremur rólegt hjá Kröflu. Ekkert verk var sett upp en hugað var að húsi sem félagið gírnist mjög. Þannig er mál að nýlega fengu íbúar Hríseyjar afhent afar glæsilegt fjölnota íþróttahús. Þar með losnaði verulega um húsnæði sem heitir Sæborg en þar hafa sýningar verið settar upp, fjöldi dansleikja verið haldin, kennd leikfimi á frumstæðan hátt, fyrirlestrar verið fluttir, tónleikar haldnir o.s.frv. Með tilkomu nýja hússins er það von okkar í Kröflu að við í félaginu fáum húsið til leiksýninga og leikklúbbsstarfa. Nú á næstu dögum munum við boða til framhaldsaðalfundar og óska þar eftir stuðningi félagsmanna við verkefnið. Í kjölfar hans munum við hafa samband við Akureyrarbæ sem á húsið í dag. Hugsanlegt er að starfsárið í ár hefjist á barna- og unglínganámsskeiði, og svo reikna ég með að við munum demba okkur í að setja eitt verk upp eftir áramót. En nánar um allt slíkt eftir aðalfundinn.



Sæborg

Hjórdís Ýrr Skúladóttir, formaður.

Leiklistarfélag Seltjarnarness

Predikun/Sundlaug

höfundur og leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Pátttakendur: 32

Sýningar: 1

Áhorfendur: 250

Gróttudagur

höfundur Jóhanna Ástvaldsdóttir, leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Pátttakendur: 12

Sýningar: 2

Áhorfendur: 1.000

Skýrsla stjórnar:

Í lok leikárs 2005–2006 hófum við undirbúning að uppákomum sem frumsýndar voru á Menningadögum Seltjarnarness 9.–10. júní. Hristi þetta hópinn saman eftir viðburðalítinn vetur. Vegna smæðar leikhópsins fengum við leikfélaga úr Snúð og Snældu til að koma og taka þátt í uppsetningunum með okkur. Þetta var ótrúlega skemmtilegur undirbúningstími og sýningar tókust með miklum ágætum, var það rómur manna að vel hefði tekist til.



Uppákoma í sundlauginni

Uppákomur voru á 3 stöðum, Gjörningur í Sundlaug Seltjarnarness með tónlist, dansi og flippi...!. Í samvinnu við Sr. Örnú Grétarsdóttur lékum við Predikun í Menningarmessu, við tónverk samið af Guðna Franzsynni sérstaklega fyrir þetta leikverk. Yfir 30 manns tóku þátt á aldrinum 2. mán. til rúmlega 80 ára. Einnig lögðum við leið okkar til eldri borgara og vorum þar með ljóðalestur, þar sem þema okkar var vorið, kammersveitin DNA lék nokkur lög, vakti þetta mikla gleði hjá eldri kynslóð Seltirninga.

Lítið gerðist hjá félagsmönnum þar til í apríl 2008, þá var sú ákvörðun tekin að koma með stuttan leikþátt í samvinnu við Fræðasetrið í Gróttu, Á Gróttudegi. 12 manns tóku þátt í þeirri útsýningu, sem var fræðsla um sögu Gróttu þar sem skemmtilegar uppákomur fléttuðust inn í efnið. Vorum við beðin um að endurtaka þetta á sumardaginn fyrsta úti í Gróttu.

Allar okkar uppsetningar á liðnu leikári hafa verið unnar undir öruggri og góðri handleiðslu Bjarna Ingvarssonar leikstjóra. Við erum fámennt félag en höfum gætt þess að gleymast ekki hjá bæjarfélaginu. Þrátt fyrir stuttar uppákomur krefst þetta mikillar vinnu af félagsmönnum vegna smæðar okkar en áhugi er mikill fyrir því að halda uppi leikstarfsemi á Nesinu. Félagsmenn eru nú að safna orku og peningum, stefnum að uppsetningu leikverks í vetur.

Jóhanna Ástvaldsdóttir, gjaldkeri.

Litli leikklúbburinn, Ísafirði

Skugga Sveinn

höfundur Matthías Jochumsson, leikstjóri Hrafnhildur Hafberg.

Þátttakendur: 25

Sýningar: 7

Áhorfendur: 611



Skugga Sveinn

Snúður og Snælda, Reykjavík

Flutningarnir

höfundur og leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Þátttakendur: 16

Sýningar: 11

Áhorfendur: 710



Flutningarnir

Sólheimaleikhúsið

Dýrin í Hálsaskógi

höfundur Torbjörn Egner, þýðandi Hulda Valtýsdóttir, leikstjóri Þórný Jakobsdóttir.

Þátttakendur: 53

Sýningar: 6

Áhorfendur: 970

Stúdentaleikhúsið

Lífið liggur við

höfundur og leikstjóri Hlín Agnarsdóttir.
Þátttakendur: 16 Sýningar: 11 Áhorfendur: 750

Drottinn blessi blokkina

eftir leikhópin, leikstjórar Jóhanna F. Sæmundsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson.
Þátttakendur: 17 Sýningar: 12 Áhorfendur: 360

Skýrsla stjórnar:

Stjórn haustannar: Atli Sigurjónsson formaður og ritari, Ágústa Ósk Backman varaformaður og gjaldkeri, Haraldur Ágústsson skemmtanastjóri.

Stjórn vorannar: Atli Sigurjónsson formaður, Ágústa Ósk Backman varaformaður og ritari, Hulda Lovísa Ámundadóttir gjaldkeri, Haraldur Ágústsson skemmtanastjóri.

Veturinn 2007–8 setti Stúdentaleikhúsið upp tvær sýningar eins og vaninn er á hverju leikári. Sýningarnar voru Lífið liggur við og Drottinn blessi blokkina. Eins og venjulega var auglýst eftir þáttakendum á vef Háskóla Íslands og fyrsti fundur haustannar var boðaður þann 10. september. Öflug mæting var á fundinn, eða um 50 manns. Meirihlutinn hafði áhuga á að leika í sýningunni en örfáir voru þó áhugasamir um að vinna baksviðs eða við tónlist. Í kjölfarið hófst námskeið þar sem Hlín leikstjóri skoðaði hópinn og lét hann gera ýmsar æfingar og verkefni.

Fljótlega heltist úr hópnum þegar fólk gerði sér grein fyrir hversu mikil vinna þetta yrði og á endanum voru rúmlega 20 eða svo sem kláruðu námskeiðið. Tíu leikarar, 6 kvk. og 4 kk., fengu síðan hlutverk auk þess sem nokkrum var boðið að vera aðstoðarmanneskjur.

Æfingar byrjuðu í stofum í háskólanum en síðan fékk Stúdentaleikhúsið Norræna húsið til afnota fyrir æfingar og til þess að sýna í. Verkið Lífið liggur við var frumsýnt þann 29. október í Norræna húsinu fyrir fullu húsi, eða um 60 manns, og var sýnt alls 11 sinnum.

Í upphafi vorannar barst stjórninni liðsauki. Erfiðlega hafði gengið að fá fólk í stjórnina og voru aðeins þrír í henni fyrir áramót. Hulda Lovísa Ámundadóttir, sem var sýningarstjóri í Lífið liggur við, gekk síðan í stjórnina eftir áramót og tók við stöðu gjaldkera og stóð sig með þryði í þeirri stöðu.

Vorönnin hófst síðan með kynningarfundi þann 17. janúar og mættu um 40 manns á fundinn. Æfingar hófust fljótlega eftir það og stóð námskeið yfir í eina viku þar sem leikstjórnir Jóhanna og Sveinn létu krakkana prufa ýmsar leiðir til að finna út hvar hæfileikar fólks lægju. Á endanum voru 16 manns valdir í hópinn, 9 kvk. og 7 kk., auk þess sem 2 strákar buðust til að sjá um tónlistina.

Stúdentaleikhúsið lenti síðan í veseni þar sem háskólinn byrjaði allt í einu að rukka fyrir að fá að æfa þar og náðist ekki að leysa úr því leiðindamáli. Upphófst mikil leit að húsnæði til að æfa og sýna í og eftir nokkuð strit fékk Stúdentaleikhúsið afnot af rými á Skúlagötu 26. Rýmið reyndist fínt til æfinga en var síðan óhentugt til sýninga og varð því að finna annan stað. Bent var á sal í húsnæði Fjöltæknskólans og fékk Stúdentaleikhúsið að æfa og sýna þar, enda reyndist það vera fyrirtaks rými.

Æfingar stóðu yfir í 2 mánuði og var farið í ýmsar áttir þar sem þetta var spunasýning og ákvörðun tekin um að byrja með hér um bil ekki neitt, sýningin átti að fæðast með hópnum. Mikil vinna var á bak við leikritið og ekki gátu allir höndlað þessa strembnu æfingalotu og á endanum dattu 4 leikarar úr hópnum, einn þeirra var þó á endanum með sem sýningarstjóri leikrítisins. Leikritið hlaut á endanum titilinn Drottinn blessi blokkina og var frumsýnt þann 9. apríl fyrir fullu húsi, eða um 50 manns. Sýnt var 12 sinnum í allt.

Lífið liggur við

Lífið liggur við er nýtt leikrit eftir Hlín Agnarsdóttur sem hún leikstýrði sjálf. En í raun er leikritið samt ekki nýtt þar sem Hlín skrifaði fyrsta uppkastið árið 1996 en það var aldrei sett upp þannig að það lá í skúffu í áratug eða svo. Svo fann hún það aftur og datt í hug að prófa að setja það upp með Stúdentaleikhúsinu.



Lífið liggur við



Drottinn blessi blokkina

Leikritið fjallar um fyrirtæki sem heitir Mannleg Samskipti Group sem sérhæfir sig í mannlegum samskiptum. Það gerist á fundum hjá fyrirtækinu og fljótlega kemur í ljós að fólk sem starfar við að kenna öðrum mannleg samskipti er kolmögulegt í þeim sjálf! Fundirnir fara út í ekki neitt og engin niðurstaða næst. Einkalíf starfsmanna flækist fyrir í sífellu. Yfirmaður fyrirtækisins heldur síðan veislu fyrir starfsmenn sína og þar kemur ýmislegt í ljós. Þetta leikrit fjallar á áleitinn og skemmtilegan máta um breyskleika mannverunnar og er um leið ádeila á íslenskt samfélag þar sem enginn hefur tíma fyrir neitt nema sjálfan sig.

Einn af leikhópnum, Hafliði Arnar Hafliðason, var fenginn til að semja tónlist fyrir sýninguna. Tónlistin var spiluð á milli atriða og myndaði sterkar tengingar milli þeirra og spilaði Hafliði hana alla á fiðlu. Arnar Ingvarsson hannaði ljósinn og stóð sig með þrýði. Norræna húsið reyndist mjög hentugt rými til að sýna leikritið í. Salurinn sem sýnt var í var mátulega stór og hentaði vel sem skrifstofa. Áhorfendur sátu í kringum sviðið og leikararnir gátu komið inn úr öllum hliðum. Aðeins komust 60 manns fyrir í sæti en það þýddi að það var oftast uppselt eða næstum uppselt og í heildina komu 450 manns á sýningu og virtust allir mjög ánægðir með niðurstöðuna. Sem fyrr var lítið um fé til að auglýsa leikritið almennilega en þó fékk það einhverja umfjöllun í blöðunum. Að mestu var þó treyst á orðspor áhorfenda til að fá fólk á sýninguna og gekk það eftir enda hefur það verið venjan hjá Stúdentaleikhúsinu. Orðið á götunni er besta hugsanlega auglýsing sem hægt er að fá. Sýningin var um 85 mínútur að lengd.

Drottinn blessi blokkina

Drottinn blessi blokkina var spunasýning og byrjaði hópurinn með næstum ekkert í höndunum. Leikstjórnarnir Sveinn og Jóhanna (Svenni og Jósa) voru með ákveðna grind í huga sem leikararnir áttu síðan að fylla upp í með eigin hugmyndum og óskum. Farið af var stað með eitt töfraorð sem hugmyndir áttu að spretta upp frá: Töfraraunsæi. Upp frá því spruttu samræður um hvað töfraraunsæi væri og hvað einkenndi það og síðan voru búin til spunaatriði út frá þeim hugmyndum sem spruttu fram úr þeim samræðum. Á endanum kom lykilhugmyndin úr einum spuna: Skuggi sem lifnar við og sleppur frá eiganda sínum. Síðan var sú hugmynd tekin í ýmsar áttir. Á endanum varð til sýning sem var um leið þroskasaga skugga sem losnar frá eiganda sínum og verður að manni og um leið var þeirri sögu skeytt saman við sögu um íbúa í blokk einni. Allir leikararnir fengu karakter sem var búinn til úr þeirra eigin hugmyndum og mótaði síðan hver sinn karakter sjálfur. Karakterarnir höfðu því hver sína litlu sögu og var sagan um skuggann síðan ramminn utan um þær. Seint á æfingatímabilinu var síðan loksins sæst á titil: Drottinn blessi blokkina.

Erfiðlega gekk að fá húsnæði fyrir sýninguna sem var á lausu, ekki of dýrt og hentugt fyrir leikrit af þessu tagi. Nokkurt flakk var á hópnum en hann endaði í Fjöltækniskólanum sem reyndist vera frábært húsnæði fyrir sýninguna. Rýmið var mjög svo óvenjulegt sem var tilvalið fyrir sýninguna, enda var hún einnig mjög svo óvenjuleg, og sagan var að hluta til sniðin í kringum rýmið. Þeir félagar Arnar Þór Sigurjónsson og Oddur Ingi Þórsson frá Keflavík voru fengnir til að búa til og flytja tónlistina og stóðu sig með þrýði, tónlist þeirra fangaði anda sýningarinnar á mjög skemmtilegan og eftirminnilegan máta. Arnar Ingvarsson hannaði ljósinn, hans þriðja sýning í röð með Stúdentaleikhúsinu, og gerði það sem áður mjög vel. Sætarými reyndist ekki ýkja mikið en hægt var að koma fyrir um 45 manns í salnum. Uppselt var á frumsýninguna en síðan datt aðsóknin niður en var fljót að ná sér á strik eftir að orðsporið komst á kreik og var uppselt eða næstum uppselt á flestar af seinni sýningunum. Í allt sáu um 360 manns hana. Sýningin var almennt talin mjög góð af áhorfendum og var auk þess valin ein af athyglisverðari sýningum ársins í valinu um athyglisverðustu áhugaleiksýninguna. Stúdentaleikhúsið getur því ekki verið annað en stolt af þessu stykki sínu. Sýningin var um 75 mínútur að lengd.

Samantekt

Stúdentaleikhúsið getur ekki verið annað en sátt við leikárið 2007–8. Sýningarnar voru gjörólíkar, bæði hvað efni þeirra varðar og líka hvernig þær urðu til. Önnur er gerð eftir handriti og að mörgu leyti hefðbundið leikrit þótt uppsetningin hafi verið óhefðbundin að mörgu leyti, en hin er unnin út frá spuna og uppsetningin að mörgu leyti mjög svo óhefðbundin þótt hún hafi líka einhver einkenni hefðbundins leikhúss. Aðsókn á báðar sýningar var góð og áhorfendur ánægðir. Það sem kannski helst sameinar þessar tvær sýningar er að þær fjölluðu báðar um mannlegt eðli og margbreytilega mannsins og mannglegra samskipta.

Atli Sigurjónsson, formaður.



Leynimelur 13

Umf. Biskupstungna, leikdeild

Leynimelur 13

höfundur Þrúdrangur, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson.

Þátttakendur: 13

Sýningar: 12

Áhorfendur: 975

Umf. Efling, leikdeild

Par sem Djöflaeyjan rís

eftir Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson, leikstjóri Hörður Benónýsson.

Pátttakendur: 36 Sýningar: 14 Áhorfendur: 938

Skýrsla stjórnar:

Ný leiknefnd kom saman til fyrsta fundar 11. júní 2007 á Narfastöðum. Leiknefndarmenn voru Hörður Benónýsson á Hömrum formaður, Unnsteinn Ingason á Narfastöðum og Þorgrímur Danielsson á Grenjaðarstað. Leiknefnd fundaði síðan eftir því sem þurfa þótti á starfsárinu.

Eitt leiklistarnámskeið var haldið á árinu undir stjórn Maríu Sigurðardóttur.

Eftir að leiknefnd hafði kynnt sér allmörg leikverk var ákveðið að taka til sýninga Par sem Djöflaeyjan rís eftir Einar Kárason í leikgerð Einars Kárasonar og Ragnars Kjartanssonar. Leikstjóri var ráðinn Hörður Benónýsson. Lét Hörður þá af formennsku og setu í leiknefnd en Þorgrímur Danielsson tók við formennsku og Þorgerður Sigurgeirsdóttir á Völlum kom inn í leiknefnd í stað Harðar.

Æfingar á Djöflaeyjunni hófust 17. janúar. Frumsýnt var 5. apríl á Breiðumýri. Alls voru sýningar 14. Sýningin hlaut lofsamlega dóma og uppselt var á margar sýningar.

Þorgrímur Danielsson, formaður.



Par sem Djöflaeyjan rís

Umf. Íslendingur, leikdeild

Skýrsla stjórnar:

Í apríl stóð leikdeildin fyrir söngvarakeppni í Brún í Bæjarsveit sem kölluð var Sex Traktor 2007. Keppendur voru 11, hljómsveit hússins lék undir og 3 dómaraar dæmdu söng og sviðsframkomu keppenda en áhorfendur kusu þegar dómnefnd hafði valið 3 keppendur í úrslit. Húsfyllir var í Brún og eins og Borgarfjarðarædöl síðustu ár reyndist þessi keppni ágætis fjáröflun fyrir Ungmennafélagið.

Formaður leikdeildar fór ásamt formanni Íslendinga á fund Steinars í Fossatúni í lok sumars en hann hefur áhuga á að halda stóran leikjadag sumarið 2008. Hann sýndi okkur það sem er í boði í Fossatúni og við ákváðum að fara ásamt öðrum úr stjórn og nefndum Íslendinga og læra almennilega leikina til að hjálpa honum að skipuleggja og framkvæma leikjadaginn. Ekkert varð úr þessari framkvæmd.

Ungmennafélagið sér um Jónsmessuhátíð á Mannamótsflöt og er það alltaf gaman, farið í leiki, grillaðar pylsur og kveiktur varðeldur, teknir eru inn nýir félagar á hátíðinni og þeim afhent trjáplanta.

Það stóð til að halda Barna- og unglingaædöl í apríl, auglýstar voru áheyrnarprufur en aðeins einn mætti þannig að ekkert varð af keppninni.

Ekki var sett upp leikrit sl. ár en það er gert annað hvert ár.

Elísabet Axelsdóttir, formaður.

Umf. Reykdæla

Þið munið hann Jörund

eftir Jónas Árnason, leikstjóri Guðmundir Ingi Þorvaldsson.

Pátttakendur: 38 Sýningar: 14 Áhorfendur: 1.300



Þið munið hann Jörund

Leiklistarhátíð IATA 2007

Ferðasaga Hugleiks og Leikfélags Kópavogs á leiklistarhátíð IATA í Masan í S-Kóreu, ágúst 2007. Sagan er unnin uppúr blogg dagbók á hugleikur.is og frétt á leiklist.is af Vilborgu Valgarðsdóttur.

Annað hvert ár heldur Alþjóðasamband áhugaleikhúsa (IATA/AITA) leiklistarhátíð samhliða aðalfundi hreyfingarinnar. Árið 2007 var hátíðin haldin í borginni Masan í Suður-Kóreu.

Í annað skiptið í röð á Bandalag íslenskra leikfélaga sýningu á þessari hátíð, en íslenskir leikhópar hafa annars verið sjaldséðir á leiklistarhátíðum IATA/AITA. Í þetta skipti var það samstarfsverkefni Hugleiks og Leikfélags Kópavogs, Memento Mori, sem var sýnt á hátíðinni fimmtudaginn 2. ágúst 2007.

Einnig fór framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga, Vilborg Valgarðsdóttir, á ráðstefnu IATA/AITA og fundi Norður-Evrópska áhugaleikhúsráðsins (NEATA) sem haldnir voru á meðan á hátíðinni stóð.

Memento mori var frumsýnt í Hjáleigunni, húsnæði Leikfélags Kópavogs, í nóvember árið 2004, en hefur síðan verið sýnd á leiklistarhátíðinni Leikum núna á Akureyri

2005 og á leiklistarhátíð NEATA í Færeyjum sumarið 2006. Höfundur verksins er Hrefna Friðriksdóttir og leikstóri er Ágústa Skúladóttir.

Í sýningunni leika átta leikarar. Smávægilegar manna-breytingar hefur þurft að gera þar sem ekki hafa allir komist í ferðirnar með hópnum, en nú eru leikarar: Björn Thorarensen, Bylgja Ægisdóttir, Einar Þór Einarsson, Gísli Björn Heimisson, Helgi Róbert Þórisson, Hrefna Friðriksdóttir, Huld Óskarsdóttir, Júlía Hannam og Sigurður H. Pálsson. Alls var það 16 manna hópur sem fór til Kóreu.

Það er ekkert smávegis þekvirki að koma svo stórum hópi með leikmynd og öllu sem tilheyrir hálfra leið í kringum hnöttinn. En bæði Hugleikur og Leikfélag Kópavogs hafa á undanförunum árum verið dugleg við að sækja hátíðir erlendis og eru því í góðri þjálfun við slíkt.

Hópurinn lagði af stað úr landi miðvikudaginn 25. júlí, en hátíðin hófst föstudaginn 27.



Standandi frá vinstri: Hrefna Friðriksdóttir, Hörður Sigurðarson, Einar Þór Einarsson, Siggadís Benediktsdóttir, Júlía Hannam, Bylgja Ægisdóttir, Erika, Gísli Björn Heimisson, Ágústa Skúladóttir, Sigurður Pálsson, Ashley, Helgi Róbert Þórisson og Arnar Ingvarsson. Sitjandi fyrir framan: Sigurður H. Jónsson, Huld Óskarsdóttir og Álfheiður Sigurðardóttir.

24.7. 2007

Smá forskot á bloggsæluna. Nú stendur lokaundirbúningur sem hæst:

- Misvel þefjandi búningum troðið í töskur, og kannski nokkrum stuttermabolum líka. Ekki gleyma tannburstanum, það er óvíst að svoleiðis fáist í Kóreu.
- Sníktur lakkris og geisladiskar til gjafa.
- Köttum komið í pössun hjá öðrum kattvænum áhugaleikurum.
- Reynt að festa í minni kóreanska frasa. „Takk.“ „Góðan dag.“ „Ég vil hundasteikina mína medium rare.“
- Stungið niður þeim aukaefnum sem hverjum og einum þykja nauðsynleg: ofnæmistöflur, magastillandi, og ekki síst „stoppillurnar.“ Eins gott það séu ekki lyfjapróf á svona hátíðum.
- Rennt í gegnum texta í huganum, þó maður viti að maður kann hann alveg.
- Hlakkað til næstum sólarhrings ferðalags, og svo alls hins sem á eftir kemur.

Fokkatúl!

Sigurður H. Pálsson

25.7. 2007

Ég mætti í seinna lagi út á völl en þetta gekk nú vonum frammar. Flugferðir voru ágætar, þótt langar væru. Fundum Sigga, Huld og Álfheiði í Frankfurt, og héldum sem leið lá til Peking.

Í fluginu til Peking fór Hugleikur svo í annað sinn yfir Volgu. Og svo yfir Ob. Og Jenisej. Í Peking tók við hin mesta skrif-finnsla bara til að komast í aðra vél, áfram til Pusan. Ein ábending fyrir þá sem ætla í flug með Air China; Ef boðið er uppá val milli kínversks og vestræns morgunmatar – veljið vestrænt!

Þetta telst nú með innihaldslausari færslum, enda var þessi dagur 9 klukkutímum styttri en venjulegir dagar. Þegar miðnætti brast á vorum við ekki einu sinni komin til Peking, vorum einhvers staðar yfir Síberíu, þannig að ég er þegar farinn að syndga og á að hleypa næsta bloggara að. Yfir til þín, Bylgja!

Sigurður H. Pálsson

26.7 2007

Takk Siggí ... jæja loksins vorum við komin á leiðarenda. Ég man ekkert rosalega mikið eftir flugvellinum í Pusan ef ég á að segja eins og er, enda búin með nokkrar róandi í þessu flugferðamaraþoni, en ég man að við vorum mjög glöð að sjá allan farangurinn koma eftir færibandinu þar sem við höfðum ekki séð hann síðan í Keflavík og voru nokkur tækifæri fyrir eins og einn kassa eða eina tösku að tynast á leiðinni. Uppí rútu og frá Pusan til Masan og á heimavistina með farangurinn. Okkur til mikillar brennslugleði þá er aðkeyrslan að heimavistinni svo brött að rútan treysti sér ekki alla leið upp þannig að við sjáum fram á að labba upp þessa brekku nokkuð oft á komandi dögum og komum því heim „spikk and span“ og stinnari – og sjálfsagt stirðari en nokkru sinni áður. :) Svo skelltum við okkur ásamt fararstjórunum í smá gönguferð um borgina, skruppum í bankann og ... nei bíddu, það er ekki alveg hægt að segja „skreppa í bankann“ því það ætlaði ekki að ganga upp fyrr en gellan í bankanum breytti eitthvað hraðbanka-apparatinu að við gátum tekið út won ... alveg fullt ... og þar sem 1000 won eru ca. 60 kr. þá vorum við með haug af seðlum. :) Allir klárlega orðnir sjúkir í eitthvað rennandi og var rölt út um allt að finna pöbb sem við gætum sest inná og fengið okkur eins og einn kaldan – en nei, það gekk ekki alveg upp heldur – stelpurnar, fararstjórnarnir, leituðu út um allt að

stað fyrir okkur en allt var lokað, allir að fá sér miðdagslúr. Þá skelltum við okkur bara í Lotte Mart (stórmarkað) og keyptum okkur bjór og snakk og fórum mað það uppá heimavistina í Kwongnam University. Fórum svo með rútu á staðinn þar sem við borðum kvöld- og hádegismat. Fott hlaðborð, allskonar gómsætir réttir eins og kimchi, sem er þjóðarréttur hér í Kóreu, kryddað grænmeti, VEL kryddad grænmeti, rosa sterkt, og betra að blanda smá hrísgrjónum saman við til að finna bragð af restinni af matnum. Eftir matinn var farið aftur uppá heimavist og bara farið að sofa þótt klukkan væri ekki nema 21 að staðartíma (en um hádegi heima) enda búin að vaka nánast í tvo sólarhringa.

Bylgja Ægisdóttir

28.7. 2007

Við eyddum deginum í að skoða markaði og verslanir, fundum góð kaffihús og bakari sem var ekki sjálfgefið þótt McDonaldis-merkið blasti við alls staðar.

Eftir hádegismatinn átti að fara með okkur á fiskmarkaðinn en við strækuðum og heimtuðum að fara á Burim-markaðinn þar sem við ágirntumst kóreanska búninga eins og sviarnir og þjóðverjarnir sýndu okkur í hádeginu. Eftir þessa ferð er alveg ljóst að sett verður upp einhverskonar sýning þar sem þessir búningar koma við sögu. Hugsanlega verður einn karakterinn grænhærður, ég segi ekki meir. Við vorum orðin ansi bjórþyrst eftir alla peningaspanderinguna, það er að segja allir nema við Addi, sakleysingjarnir. Sú barferð er eitt af ævintýrunum hér því það tók til dæmis klukkutíma að fá fyrstu afgangið! Þjónarnir komu fjórum sinnum og skrifuðu niður pöntunina fyrir 16 manns, þrjár mismunandi bjórtegundir og svo frv. en loksins þegar bjórinn kom var sama tegundin handa öllum en þeir höfðu dúllað sér við að binda litlar servéttur utan um stúta til að við myndum ekki meiða litlu puttana á skráftappanum. :) Alveg makalaust skemmtilegt. Ískaffið mitt smakkaðist einstaklega vel eftir klukkutíma biðina. Eftir kvöldmatinn var haldið heim á leið og síðan stofnaður hátíðarklúbbur hið snarasta fyrir utan framdyrnar að heimavistinni því það hefur alveg klinkað hjá skipuleggjendum, eins og margt annað, að hugsa fyrir svoleiðis. Það væri of langt mál að segja frá hvaða vesen varð vegna þess að þýsku og makedónsku sýningarnar eru á sama tíma og opnunaráttíðin á morgun og við viljum endilega sjá sýningar en ekki hlusta á einhverjar ræður. En málið var leyst og Huld segir ykkur frá því á morgun.

Að lokum vil ég segja að ég vildi ekki skipta á kóreönsku hita- og svitasumri og okkar sumri eins og það var í sumar. Okkar heima var miklu meira æði fyrir mig og marga fleiri.

Að loknum lokum; mottó Kóreufara er: Haba gaman saman Masan! Liba líbinu!

Ástarkveðjur til allra heima. Við getum ekki notað símana okkar hérna og þess vegna ekkert hringt.

Júlía Hannam

28.7. 2007

Það hafði verið svo mikið fjör á morskítóbarnum kvöldið áður að mitt herbergi fór ekki á fætur fyrr en liðið var undir hádegi. Púha, hvað þetta var heitur dagur; sól, rakamolla og 35° C. Í morgun-/hádegismat var skellt sér með rútu á veitingastaðinn sem býður okkur hlaðborð dagsins öll hádegi og kvöld. Veit ekki hvort það var chilli-þangið, þang-grjónin, sushíð, þang-núðlusúpan eða hinir 200 bleiku brúðarstólar í salnum sem gerðu það að verkum að þetta var mín síðasta máltíð á staðnum. Þetta var bara ekki að gera sig á fastandi maga. Eftir matinn röltum við með Ashley og Eriku (leiðsögumennirnir okkar) í Hagkaupsmallið þar sem reynt var að eyða peningum. Þar voru verslaðir ódýrir æpodar, barnaföt og allskonar drasl. Mín fjölskylda náði reyndar ekki að eyða neinu þar sem við stóðum föst fyrir þvögu af Kóreubúum sem dáðust að Álfheiði.

Hér í borg eru einhverjar þúsundir sem eiga orðið myndir í finu 3ju kynslóðar farsímunum sínum af litla hvíta barninu með kringlóttu augun. Þarna voru fullorðnar konur farnar að gráta og lamast í hnjúnum af væmni og potuðu svo í kinnarnar á henni, klöppuðu tánun, lyftu upp höndunum o'so videre.



Álfheiður í fanginu á kóreönskum aðdáanda

Úr mollinu var rölt yfir á Ólympíska sviðið þar sem Svíarnir vinir okkar léku sínar listir. Sýninguna sá ég ekki nema hálfu því ég þurfti að sinna þörfum Álfins, en hún ku víst hafa verið mjög góð (sýningin altso). Þá var komið að hinni próblematísku skiptingu á hópnum. 5 fóru í tveggja tíma ferð til að sjá Makedónana sem þau sögðu vera frábæra. 5 aðrir urðu eftir og sáu Þjóðverjana sem voru líka sagðir frábærir. Við 5 sem eftir voru, litla fjölskyldan og formennirnir, fóruðum okkur á Opening Ceremony. Fyrir utan Gyllta leikhúsið hófst trommu-dans u.þ.b. 20 gamalmenna í trúðabúningum og með klappstýrudúská á hausnum. Þau voru alveg yndislega skemmtileg, með margar skritnar trommur og misgóð í að halda takti. Það vakti athygli okkar að helmingur þeirra bar þjóðlega leikfimi-skó með uppbrettri tá og hinn helmingurinn hlaupaskó!?



Opnunaratriði fyrir framan Gyllta leikhúsið

Inni hófst svo gríðarlegt ræðufargan þar sem hver kínakallinn stóð upp á fætur öðrum til að halda langar og leiðinlegar kóreanskar ræður og láta enn fleiri kínakalla standa upp í salnum og láta klappa fyrir þeim. Kynnirinn var frægur kóreanskur leikari sem fyrirmennin voru víst ákaflega hrifin af ef marka má túlkinn, sem gat ómögulega talað ensku svo við skildum sama sem ekkert af því sem fram fór fyrsta klukku-tímann. Loks kom að skemmtiatriðunum sem voru Kóreukonu-dans, Kóreukalla-ástarúett, Kóreukalla-trommu- og hattadans og svo „leik“sýning. Þessi sýning var víst útdráttur úr heilli sýningu sem er seinna á dagskrá. En VÁ! Aldrei hefur fleiri hitaeningum verið brennt á sviði. Þarna voru 20 algerlega frábærir unglings-dansarar að dansa ástarsögu. Þetta var algjör orkubomba: gleðibankabúningar í svörtu, hvítu (já það var sko blacklight) og silfruðu, brjálæðislega hávær teknótón-list sem gekk allan tímann og svo unglingskak. Þetta var tæknilega frábær sýning, alls ekki leiksýning þó, og mikið þótti mér erfitt að sitja þarna og finnast ég vera að horfa á unglingsaklám – svo mikið var skakið og lítil fötin. En það sem kætti okkur enn meira voru áhorfendurnir. Þarna voru öskrandi unglingsstúlkur og smástelpur sem dýrkuðu töffarana á sviðinu. Þær görguðu meira en við á Helga Róbert í Elvis-hlutverkinu. Ég held ég hafi grátið úr hlátri.

Eftir showið var svo mikil reikistefna um það hvert ætti að fara með okkur í mat en loks komust Ashley og Erika að því að við ættum að mæta í Opening Festival Dinner á Savoy Hotel. Við mættum þangað í okkar sveittu hlýrabolum og fengum höfðinglegar móttökur. Te að hætti heimamanna, glæsilegt 2000 rétta hlaðborð, eftirréttir, kaffi, vín og gos. Namm. Það var tvennt sem stóð upp úr kvöldinu. Annað var fiðlu- og flautu-teknónúmerið sem var skrúfað upp í 11. Hitt var Sang Yong Lee, forseti bandalagsins hér (eða e-ð) sem gekk um og heilsaði upp á hvert borð með kameru-mann með sér sem tók still-myndir af honum með hverju borði á stóra sjónvarpstöku-vél. Algjör kóngur.

Pegar heim var komið lenti Ágústa í kakkalakkastriði við kakkalacka á stærð við skjaldböku. Ég var eina manneskjan sem missti af atriðinu en það mun hafa tekið á taugar og því lyktaði þannig að Addi og Júlía náðu að koma kvikindinu (sem þau gátu ekki drepið fyrir mjög svo þykkri skelinni) í handklæði og senda kóreanskann vin okkar með það út úr byggingunni til lífláts. Hann stökk með hann á veitingastað frænda síns í næsta nágrenni. Aftur var svo sest á moskítóbarinn, í þetta sinn fengu Álfheiður og Saga, jafnaldra hennar frá Svíþjóð, að halda pajama-party á meðan svo við skemmtum okkur fram á nótt með Svíunum.

Huld Óskarsdóttir

29.7. 2007

Jæja, þá er að rekja atburði þessa fjórða sýningadags. Við Siggadís fórum allt of snemma á fætur, enda höfðum við ekki legið í ötlæði alla nóttina eins og hefð hefur komist á innan hópsins. Fórum í morgunmat og hlökkuðum mikið til að fá franskar og muffins eins og okkur hafði verið boðið uppá í morgunmat daginn áður. Okkur að óvörum var nú boðið uppá blómkálssúpu og pulsu með sinnepi, ekki síður „skettlet“ það.

Röltum svo með Júlíu í „gegt æslett“ bakaríi sem hafði uppgötvast daginn áður og hámuðum í okkur sætabrauð og kaffi áður en næsta verslunarferð tók við í Lotte Mart. Svo var étið meira.

En, nóg um mat. Næsta verk var að skella á kóræfingu til að undirbúa kvöldið, en við höfðum nefnilega skellt upp auglýsingu kvöldið áður um að við ætluðum að bjóða öllum uppá

„taste of Iceland“ þá um kvöldið og því ekki seinna vænna að byrja að kyrja Hver á sér fegra, Krummi svaf í klettagjá, Undir bláum sólar sali og Barbie Girl.

Þetta virtist ætla að virka þannig að nú var hlaupið á fyrstu sýningu daxins:

Il Folle frá Ítalíu

Þar voru 3 leikarar í svörtum fötum sem hreyfðu sig á mjög artí hátt og einn í viðbót í hvítum sem kveinaði og barmaði sér á meðan. Ég skildi ekki skít í neinu og bölvaði mikið að hafa ekki náð að lesa synopsisinn fyrir sýninguna. Las hann eftir á og varð ennþá meira ringlaður fyrir vikið. Hef ekki enn þann dag í dag náð að berja fram neitt sem líkist fotti hvað þessa sýningu varðar. En, af því að næsta sýning byrjaði á slaginu sem þessari sleppti, þá reyndum við nokkur að laumast út þegar ca. 10 mínútur voru eftir af þessari, nema hvað að brosandí Kóreumaður þverneitaði að hleypa okkur út. Þessi sýning tók sem betur fer enda fljótlega og hlupum við og Hörður og Hrefna og Júlía og Gísli úti brjáluðustu rigningu í heimi til að komast á næstu sýningu í næsta leikhúsi. Blaut inn að beini skrónguðumst við inn í MBC til að sjá:

Sa. Choom frá Kóreu

Þetta reyndist vera unglíngarúnið sem Huld talaði um, nema núna í fullri lengd. Guð minn góður. Ég hef engan smekk fyrir danssýningum og þetta var mikil slík. Mér fannst sýningin sjálf leiðinleg, en að horfa á áhorfendur var alger upplifun. Skrækirnir og öskrin sem unglíngarnir og liðið rak upp af minnsta tilefni (og oft engu) voru súrrealísk. Svo sanngirni sé gætt verð ég að nefna að dansarnir voru mjög góðir þann-eigin og hefðu allir átt fullt erindi í að leika í „Breakdance 2“.

Eftir þessa sýningu fannst okkur nauðsynlegt að fara og kaupa okkur þurr föt og brugðum okkur inni slíka búð og brúkuðum við Sigga lyftuna þar sem skiptiklefa. Spennandi að sjá hvort við næðum að klæða okkur úr og í aftur á milli hæða og viti menn það hafðist, sem betur fer, þar sem regla númer 7 fyrir gesti er að „make sure no shameful things happen when outside“. Svo, éta meiri kóreanskan mat (sem er allur farinn að bragðast eins) og svo að sjá:

Danced Poems frá Danmörku

Danskt. Dansleikhús. 'nuff said.

Í þráðbeinu framhaldi var setið sem fastast því þá hófst sýning sem ég var persónulega soldið spenntur fyrir:

Myanmar Marionette Performance frá ... well, Myanmar betur þekkt sem Burma

Hræðilegt hræðilegt og ömurlegt í alla alla staði. Sýning sem manni finnst maður hafa slitið stólunum í húsinu að ástæðulausu og skilur mann eftir orðlausan. Í stuttu máli voru þarna 2 konur með fáránlega sitt hár og einn kall með eitthvað í ætt við túrban á hausnum með strengjabrúður sem þau kipptu í, upp og niður og hægri og vinstri. Engin sjáanleg tækni (enda flæktust strengirnir oft), engin saga (enda voru öll 'sketchin' kynnt sem dansar) og tónlist sem gat drepit hest undir öllu saman. Maður ætti kannski bara að vorkenna fólki sem elst upp við svona lagaða menningu.

Jæja, þá var sýningum dagsins lokið og við bússuðum okkur uppá dorm að setja upp partýið sem við höfðum auglýst. Nema hvað að skipuleggjendur hátíðarinnar höfðu tekið auglýsinguna niður til að auglýsa bjórkvöld fyrir þær þjóðir sem misstu af receptioninni daginn áður. Ef enginn skyldi hafa minnst á það fyrr, þá er engin festival-klúbbur og því

var stéttin fyrir utan dormið orðin að slíkum af því að þar var einn stóll. Núna höfðu skipuleggjendur í undirbúningnum fyrir bjórkvöldið bætt við 2 borðum og 3 stólum í viðbót og álteppi á stéttina til að sitja á. Þetta þjóðnýttum við hið snarasta og upstage-uðum partýið þeirra með okkar og, eins og alltaf, slógum í gegn með brennivíni og lakkris og miklum söng og gleði.



Íslenskt góðgæti

Þegar partýið var komið vel í gang byrjuðu Kóreumenn að segja okkur brosandí að núna væri partýið búið og allir þyrftu að fara inn og hætta hávaða (þetta er jú háskóladorm og próf daginn eftir) sem við harðneituðum að gera og skelfing áttu þeir erfitt með að skilja það. Þannig fór að partýið breyttist í fjölþjóðlega óhlýðnisamkomu sem mótmælti hástöfum vanefndum stjórnvalda sem höfðu frá fyrsta degi lofað okkur klúbb og bar en gert ekkert í málunum. Málamiðlunin varð sú að reykingar voru leyfðar á öllum stöðum í húsinu (voru hvergi leyfðar áður) og mesti hávaðinn fluttur inn í hús, en minni hávaði hafður úti. Stóð þetta teiti enn þegar undirritaður sofnaði og enn þegar undirritaður vaknaði daginn eftir.

Skáll!

Einar Þór Einarsson

30.7. 2007

Að afloknu íslensku teiti á moskítóbarnum rann upp dagur hinna miklu búferlaflutninga. Eftir 4 nætur á heimavistinni átti að flytja á hótél og eyða þar síðustu 5 nóttunum. Það var þó með blendnum huga, því það þýddi að við vorum ekki lengur í samneyti með okkar ágætu vinum í hinum leikhópnum og þá sérstaklega þeim sænska og litháiska. Loforðin gengu þó á milli um að við myndum halda sambandi og hittast þegar færi gæfust.

Íslenski gleðskapurinn sem tókst stórvel, hafði teygst sig fram undir morgun hjá sumum og dæmi um að tveir hafi mæst á salerninu, annar á leið á fætur en hinn í háttinn.

Um ellefuleytið var hinsvegar allsherjarræs því menn þyrftu að taka saman föggur sínar til að vera tilbúnir þegar langferðabifreið kæmi klukkan tólf að flytja hópinn á hótél. Það hafðist nokkurn veginn þótt ferðatöskunum hefði nú fjölgað nokkuð síðan lagt var af stað frá Fróni og innihaldið aukist að sama skapi. Hótelið reyndist hið ágætasta en eitthvað stóð það í hópnum að fyrir utan 3 herbergi var aðeins boðið upp á tvíbreið rúm. Það leystist þó að lokum og almennt var fólk fegið að fá meira rými fyrir sig og sitt hafurtask og skárrí beð

en höfðu kojurnar sem voru á heimavistinni. Eftir innskráningu var haldið út til að snæða og nú virtust allir búnir að fá nóg af kóreönskum mat í bili og endaði hálfur hópurinn á McDonalds og hinn á Pizza Hut. Undirritaður rúllaði ásamt fleirum út af Pizza Hut eftir að hafa „óverðsáð“ á pizzu með ostafyllingu og pepperóní. Nýja hverfið var kannað en þegar hallaði undir kvöld voru loksins leiksýningar á boðstólum. Undirritaður fór á sýningu Tékkka sem nefndist Groteska. Þar var boðið upp á þöglumynda-minni þar sem allar slapstick-klisjurnar voru blóðmjólkaðar. Ágætlega gert og sumt mjög vel. Sýningin fór reyndar misvel í Íslendingana en sá er hér skrifar skemmti sér ágætlega.

Eftir sýningu var haldið sem leið lá upp á heimavist því Litháarnir höfðu boðið í teiti. Buðu þeir upp á þjóðlega rétti eins og pylsu og ost og að sjálfsögðu hinn görotta drykk Starka. Enginn annar en Sang-young Lee, forseti kóreska leiklistarsambandsins og framkvæmdastjóri hátíðarinnar var mættur á staðinn.



Hr. Sang-young Lee

Eins og fram hefur komið annarsstaðar hefur fátt eitt staðist í skipulagi hátíðarinnar og Lee auðvitað ábyrgur fyrir því en vinurinn lét eins og bjargvættur mannkyns og skipaði sínu fólki fyrir til hægri og vinstri og færði gleðskapinn úr stað. Ekki var það þó innandyra heldur var eitt af bílastæðum háskólans tekið eignarnámi um stund og sett þar upp borð og hengdir upp borðar. Einhver stóisk ró hefur færst yfir mannskapinn og uppákomur sem þessar vekja ekki lengur furðu heldur koma út einhverskonar mæðubrosi á andlit manna. Óhætt er að segja að þetta land og fólk sem þar býr er afar ólíkt öllu öðru sem við höfum kynnst. Hvernig sem allt fer má fullyrða að þetta ferðalag verður öllum sem það fóru ógleymanlegt.

Hörður Sigurðarson

31.7. 2007

Dagurinn byrjaði heldur snemma, eða um hálfniú en þá var klukkan um hálf tólf á miðnætti heima á Fróni. Morgunmaturinn á hótelinu okkar er mjög western, kornfleks, steikt egg, ristað brauð og litlar beikonræmur. Fallega útskornir ávextir skreyta svo diskinn, appelsínusafi til hliðar, vatn og ágætis mjólk. Að morgunverði loknum er svo boðið upp á kaffilíki, sem er oftast volgt. Mr. Bragakaffi hefur greinilega ekki haft viðkomu hér á víðreisni sinni um heiminn. / Eftir morgunmat tókum við

taxa niður á Burim-markað, en ákveðið var að njóta frelsisins þennan dag og kemma markaðinn enn betur. Leigubíllarnir eru hræðdýrir hér, en það kostar um 2–5000 kw. að komast á milli staða (milli 2–5 dollarar) og er það okkur ráðgáta hvernig leigubílstjórar fara að því að eiga salt í grautinn, eða núðlu í vatnið. Við vorum sett út á ákveðnum gatnamótum, en þar var greinilega fiskihlutinn af markaðnum og þar var sko boðið upp á undarlega fiska og allskonar skrytið sem við kunnum oft lítil skil á. Lifandi álar í böllum, þurrkaðir froskar, riskaskelfiskur í tönkum og ég veit ekki hvað og hvað ... og lyktin maður! Í 30 stiga hitamollu magnast hún gífurlega upp og það blandað saman við rakann gæti fengið harðasta Ísfirðing til að roðna. Við ákváðum að splitta hópnum upp og fara hvert í sína áttina en hittast á veitingastaðnum sem Júlía talaði um. Við Eins komum þangað á undan öllum öðrum, enda ekki mikið verslunarfólk ... gátum þó fjárfest í rakvélarblöðum á helmingi lægra verði en heima og keypti ég mér einnota rakvélar ... var farin að halda að kóreubúum yxi ekki hár undir höndum, enda sést enginn með skegg eða konur með loðna leggi ... en hvergi gat ég fundið neinar rakvélar. Ég spurði Ashlee (önnur leiðsögumanna okkar) hvernig standi á því að enginn karlmaður sé með skegg þá svaraði hún því til að allir vildu vera snyrtilegir og því rökuðu sig allir ... og þá meina ég allir ... það sést ekki einu sinni smá yfirvaraskegg á þeim sem vilja vera öðruvísi, enda vill greinilega enginn vera öðruvísi. Hvað um það, við Eins komum á veitingastaðinn á undan öllum öðrum og þönduðum okkur kjúklingasalát og kók, en þjónninn kom að vörmu spori með eitthvað allt, allt annað.

Eftir hádegismat, þar sem allir fengu loks sitt og enginn þurfti að bíða óvenju lengi, þá var gerð önnur atлага að markaðnum en við áttum svo sem frjálstan dag alveg til kvöldmatar en þá var Galadinner á vegum hátíðarinnar.

Rúturnar komu að sækja okkur því dinnerinn er í Changwan, eða næsta bæ. Þessi Galadinner reyndist svo vera GaGaLa-dinner! Þarna var boðið upp á fordrykki, gin, tonik eða hvað menn vildu í sig láta og finir þjónar á hverju strái. Dinnerinn hófst á ræðum og klappi fyrir allskona körlum sem gáfu hátíðinni aur, þ.á.m. forstjóri verslunarkeðju einnar og fleiri kóreukarla sem ég kann engin skil á. Boðið var upp á margra metra langt hlaðborð sem svipaði til þess sem var á opunarhátíðinni, kolkrabbar í allskonar útfærslum, steikt kál vaðandi í tjilly, núðluréttir, sushi og svo mætti lengi, lengi telja ... ég hafði ákveðið að vera „viltt á því“ þetta kvöld og prufa eitthvað nýtt – enda hafði enginn fengið í magann eftir fyrra hlaðborðið. Ég endaði á að setja tvo framandi rétti á diskinn minn, sem mér fannst vera vondir og endaði í djúpstektum kjúkling ... eða ég held það hafi verið kjúklingur ... er a.m.k. ennþá á lífi :-). Ekki gott fyrir ófríska pikkí konu að fara á svona hlaðborð en maður náði að éta mettu sína á endanum. Þegar ræðuhöldum og almennum rassakossum lauk tóku við „Dynamic Korean performances“ en ég hafði hlakkað mikið til að sjá það, enda punguðum við út 50.000 vonum fyrir dinnerinn (og ekki var ég að borga fyrir matinn ...). Á svið sté saxafónleikari einn ágætur sem tók nokkra slagara og í kjölfarið á honum fylgdi stúlka ein sem söng Whitney Houston rosalega vel, svo vel að Bobby Brown sjálfur hefði orðið snortinn! I will always love you hjómaði ógurlega hátt, svo hátt að Álfheiður greyið fór að hágráta, líklega af innlifun. / Þegar því var lokið sté sjálfur Sang-young Lee á svið og hélt tölu og tilkynnti að hátíðinni hefði borist fjárframlag frá vini okkar að upphæð 180.000 dollarar ... „so drink all you can tonight my friends!“ Lét svo þess getið í endann að „partyíð“ væri búið eftir 20 mínútur! Þá var klukkan rúmlega níu ... ekki annað hægt að segja um Kóreubúa en að þeir kunna sko vel að halda Party með stóru Þjéi ... Gaman væri að bjóða Mr. Lee á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og sýna honum sanna



Uppstilling fyrir hópmyndatöku

merkingu orðisins Partý. Áður en dinnernum lauk var tími fyrir hópmyndatöku sem endaði á að allir sungu „Sang-young Lee“ hástöfum eins og sönnum þegnum þessa ríkis sæmir. Yfirgaf ég þá salinn, enda var rjóminn farinn að vella um allt og maður hreinlega rann til í rassakossunum. Við drifum okkur upp í minibus og á hótelið, en Álfheiður mótmælti hástöfum enda vissi hún vel að partýið var ekkert búið svona snemma. Við sungum Sofðu unga ástin mín fyrir hana og sofnaði hún eftir 4 erindi, þessi elska :-). Við ákváðum að fá okkur einn nightcap saman í morgunverðarsalnum, þar sem við gátum verið út af fyrir okkur og spjallað án þess að trufla aðra hótalgesti. Sumir í hópnum höfðu mælt sér mót við Sviana á stað sem hét Arabian nights og skemmtu sér vel þar fram á nótt í karioky og kenndu innfæddum að dansa eins og vindurinn. Þau höfðu þar sérherbergi til að stunda sinn söng og gátu sameinað salernisferðir og söng, því það voru sér klefar til að kasta af sér í hverjum bás og náði víst snúran alveg inn á klósett. Þegar þau stigu þess á milli á dansgólfið þá hreinlega tæmdist það, enda höfðu Kóreubúar líklegast aldrei séð svona aðfarir á dansgólfunu, klöppuðu og horfðu hugfangnir á á meðan Íslendingar og Svíar hristu á sér skankana sem vitlausir væru. Aðdáunin skein víst í hverju auga á meðan aðrir skeindu sér á meðan gaulað var. Undirrituð var hinsvegar farin í langferð inn í draumaheiminn og missti því af þessari heljarinnar skemmtun og hefur aðeins orð viðstaddra fyrir fjörinu ... sel það ekki dýrara en ég keypti ...

*Biðjum agalega vel að heilsa heim!
Siggadís,
Sigríður Hafdís Benediktsdóttir*

1.8. 2007

Jæja. Heitt, heitt, heitt og sveitt í S-Kóreu – og hvað annað er títt þennan miðvikudaginn 1. ágúst?

Af leiklistarhátíðinni er það helst að fréttu að það eru engar leiksýningar fyrr en um kvöldið – af hverju? Enginn veit nema óútskýranleg öfl og S-Kóreumenn og þeir vita það eiginlega ekki – eða kannski ekki og þó kannski, en samt varla nema þeir spyrji einhvern sem veit eitthvað kannski en þó varla ... hljómar bara svei mér þá eins leikrit eftir mig ... en þó ekki ... nema kannski ...

Íslendingar aldeilis hressir og sprækir upp eins kækir eld-snemma dags, ákveðnir í að fara til Busan – næststærstu borgar S-Kóreu sem rúmar einhverjar nokkrar milljónir manna. Okkar einkasjálfbóðaliðar sváfu yfir sig af því að nokkrir úr hópnum ásamt Svíum höfðu haldið þeim uppi á næturklúbbi fram eftir nóttu – svona er þetta – en einhvern veginn,

eftir mátulegan misskilning skröltum við af stað – meira að segja ásamt nokkrum Svíum. Busan blasti við úr fjarlægð ... Breiðholt hvað!? Þau settlegu sambýlishús sem við Íslendingar þekkjum eru ekki fjölbýlishús. Hér eru BLOKKIR með BLOKKUM við BLOKKIR. Háar, mjóar og ma-ha-ha-argar.

Ferðinni var heitið á Hae-undae ströndina sem er sú stærsta og tilkomumesta í allri S-Kóreu. Eftir talsvert ferðalag í ýmsum farartækum var komið á leiðarenda.

Og ég vona svo sannarlega að þetta sé stærsta strönd landsins. Gersamlega óviðjafnanlegt! Eins og segir í ferðahandbókinni minni – fullkominn staður fyrir þig, þína fjölskyldu og 500.000 af þínum félögum í fullu fjöri!! Þarna voru svo sennilega samankomnir fleiri en samanlagðir Íslendingar hvar sem þeir fyrirfinnast í heiminum. Mílu-langar breiður af sólhlífum, svo þétt raðað að engin sól komst á þær raðir Kóreubúa sem dreifðu sér um sandinn. Þeir sem ekki sátu brugðu um sig miklum og breiðum sólgulum sundkútum og hlupu skríkjandi út í sjó. Kóreubúar af öllum stærðum og gerðum og aldri og klæðaburði fleygðu sér með kútana sína í hafið og hlógu eins og hýenur. Í stuttum og síðum buxum, bolum og peysum, sanddölum eða sundfötum með hatta eða ekki – allir hlógu. Ég hef komið til nokkurra landa og á fleiri en eina strönd – en aldrei hef ég séð jafnmikið af fólki á jafnstuttum tíma jafnþétt skemmta sér jafnvel! Svona á að gera þetta.

Eftir að við höfðum gapað, hlegið, blotnað og myndað fylli okkar var rölt um. Margarita og markaður – fer vel saman. Og hvernig hljóma eftirréttirnir Brownie Bottom Pie og Death by



Frá ströndinni í Busan



Júlía, Vilborg og Hrefna gæða sér á kældum drykkjum



Kóranskt góðmeti – þurrkaðir froskar

Chocolotae? Sumir fóru á sædýrasafn en aðrir mynduðu eitthvað af þeim fjölmörgu sædýrum sem seld eru lifandi og dauð á götum úti. Ágætis ferð.

Heimferðin tók drjúga stund og hópurinn skipti sér á tvær sýningar. Sumir þóttust ætla að ná þeirri norsku á réttum tíma en aðrir þeirri slóvensku aðeins of seint. Allir urðu á endanum seinir en náðu þó leikhúsi. Ég sá þá norsku, sú sama og var í Færeyjum og alveg þess virði að sjá aftur. Í fyrsta sinn sem ég segi það um norska leiksýningu. Helvíti góðir strákarnir, fínt handrit og flottur leikur. Þeir höfðu stillt þannig upp í leikhúsinu að áhorfendur sátu nokkuð nálægt þeim sitthvoru megin. Það var dásamlegt að horfa á kóreönsku unglíngana á fremsta bekk – elsku litlu dúkkudúllurnar missa sig alveg þegar við þessi evrópsku celebs koma of nærri – það er flissað og skolfið og farið hjá sér.

Eftir sýningu var hist á hóteli. Nokkrir skelltu sér út í pizzu – mjög skemmtileg afgreiðsla – þar sem hljóp um allt ákveðið í að allt ætti að koma „verlí kúrikúrlí“ (very quickly – fyrir ykkur sem ekki talið kór-ensk-önsku). Barbara Smith kom í heim-sókn en ég ætla ekki að lýsa henni frekar að svo stöddu og byð góða nótt.

*Haffa kaman – liffa lifinu – saman – Masan!
Hrefna Friðriksdóttir*

2.8. 2007

Jæja þá er stóri dagurinn runninn upp. Memento Mori í Changwon 2.8.2007, stundin sem heimsbyggðin hefur beðið eftir.

Dagurinn hófst þannig að Ágústa, Hrefna, Hörður, Addi og Bjössu mættu í leikhúsið kl. 9.00 til að píska áfram kóreanska tæknimenn og sjá til þess að leikmynd og búningar virkuðu sem skyldi. Rétt fyrir hádegisdag mætti svo afgangurinn af hópnum í langferðabifreið í boði Mr. Lee. Næstu klukkutímar snérust að mestu leiti um tvennt út frá mínum áhuga-áhuga-leikara augum:

1. Að töfra fram snilld leikaranna og fá tæknimenn til að hitta með ljós og hljóð á rétta staði og augnablik sem reyndist auðvelt. Mikilvæg hjálpartæki í þessum efnum voru headset-græja Ágústu, sem fékk reyndustu flugumferðarstjóra til að

bráðna, og einn starfsmaður leikhússins sem really talaði og heyrði ensku. Á ákveðnum tímamarki þóttist Ágústa komast með tærnar þar sem sýningarstjórar þjóðleikhúsins hafa hælana.

2. Vangaveltur um hvort burðarþol búninga stæðist magakveisur og niðurgang. Fyrirbyggjandi aðgerðir fólust m.a. í því að borða ekkert sem gæti komið óhörnuðum vestrænum maga á óvart. Þar kom „Paris Baguette“, baguette og Pepsi sterkt inn.

Þegar spennustigið var við að ná hámarki ákváðu undirritaður og Álfheiður að freista gæfunnar í nærliggjandi verslunarmiðstöð í von um annars vegar að verða klipin(n) og dáð(ur) og hinsvegar að fjárfesta í myndavél. Til að gera langa sögu stutta tókust okkur ætlunarverkin fullkomlega. Þegar við snérum aftur í leikhúsið tók við raunverulegur mannlegur harmleikur. Glæpur hafði verið framinn. Rán!!! Júlía hafði gert út af örkinni til að kaupa eftir-sýningar-skálar-drykki og uppgötvaði við kassann að hún var fullkomlega won-laús. 100.000 won voru horfin úr veskinu. Hmmm ...

Fljótlega féll grunur á alla úr leikhópnum eins og Agötu Kristí sæmir, en auðvitað var það skúringakonan sem var sek, eða hvað? Leikhússtjórinn mætti á svæðið og tók málið mjög nærri sér en neitaði þó að reka eða húðstrýkja skúringakonuna grunuðu.

Þegar hér var komið sögu var of stutt í sýningu til að við gætum rannsakaða málið nánar og því látið niður falla en býður hinsvegar upp á frábært tækifæri fyrir frjó höfuð til að rita leikverk.

Nú tók við lokaundirbúningurinn: Síðasta klósettferðin, búningurinn og smink með góðri aðstoð frá Siggú Dís.



Íslenski hópurinn á sviðinu í sýningarlok



Aðdáendur sátu fyrir íslensku leikurunum og tóku myndir

Sýningin

Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að sjá u.þ.b. 75% sýningarinnar. Mr. Lee mætti ekki. Frammistaða hópsins var ljómandi. Heimamenn gleymdu svolítið að hlæja og bregðast við á réttum augnablikum en frændur okkar reyndu að bæta fyrir það. Kærar þakkir til þeirra. Almennt held ég að allir hafi farið nokkuð sáttir af sviði og úr sal þar sem báðir hópar renndu nokkuð blint í hafið. Eftir sýninguna var boðið upp á „fótó opportjúniti“ þar sem kóreanskar unglingsstúlkur mynduðu nýjustu heiturnar sínar grimmt með 3. kynslóðar símunum.

Þar sem samgöngur hafa spilað stóra rullu í lífi okkar hér eystra er ekki hægt að sleppa þeim úr þessum pistli. Í gærkvöldi var tekin ákvörðun á nokkuð heitum fundi um að reyna að negla niður samgönguáætlun frá Tjáván heim á hótél þar sem fyrri samgönguáætlanir höfðu sjaldnast ræst. Okkar yndislegu Asley & Erica höfðu lagt fyrir þá spurningu hvort við vildum koma í bleikustóla-þang-chilli-sesamolú-salinn í mat fyrir eða eftir sýninguna. Erfið spurning ... Lendingin varð svo rúta beint eftir sýningu og taxi þaðan á Moskítóbarinn skömmu síðar þar sem planað var NEATA-partí, samsagt þanglaust kvöld. Hljómar einfalt ekki satt? „Mííí Hjúmaaa nigga.“ Einum og hálfum tíma eftir sýningu enduðum við í mínibúss (sem vissi ekkert alltaf hvert hann var að fara og reyndi m.a. að keyra Siggudís niður) og leigubílum heim á hótél þar sem auðvitað beið okkar, já nema hvað, rúta á Moskító.

Lærdómurinn: Sama hvað þér dettur í hug að plana í Kóreu, þú endar alltaf með aaaaðeins annað plan.

Eftirköstin: Hópurinn tók rútu upp brekkuna miklu á áður nefndan bar. Undirritaður sinnti hinsvegar föðurlegum skyldum sínum á sama tíma (og slátraði nokkrum feitum moskító-flugum á sama tíma). Af hátiðahöldum ber helst að nefna samkvæmt orðrómi:

- Mr. Lee mætti og flutti huggulegt útipartí í 6000 manna háskólamatsal þar sem ekki mátti reykja.
- NEATA-partíið breyttist skjótt í þjóðhátíð Bangladess og Spánar.
- Helgi Róbert lét heimasæturnar taka númer svo hann gæti þeytt þeim öllum um dansgólfið.

Sigurður Högni Jónsson

4.8. 2007

Ég byrjaði daginn á því að fara í Dunkin' Donuts og fá mér morgunverð. Á leiðinni heim þá leit ég inn í grímubúð og keypti um 20 grímur, ég var greinilega orðinn smitaður af kaupgleði samferðamanna minna. Síðan hitti ég nokkra úr hópnum og við skelltum okkur í Hi-Mart til að ... já, versla smá. Við leituðum logandi ljósi að vasaúvarpi fyrir pabba hennar Ágústu, en það fannst ekki frekar en fyrri daginn. Við héldum eftir þetta niður aðalgötuna og litum við í grímubúðinni, aftur. Í þetta skiptið keypti ég bara eina trúðaregnhlíf, sem ég veit ekkert hvað hefur orðið af núna. Langaði svolítið til að kaupa 100 glowsticks, en hætti við, hvað í ósköpunum ætti ég svosem að gera við 100 glowsticks? En þeir voru ódýrir, það vantaði ekki.

Eftir að fólk hafði keypt nægju sína af grímum þá héldum við aftur inn á Dunkin' Donuts, nammí namm. Ég veit ekki hvernig aðrar Dunkin' Donuts búðir eru annarsstaðar í heiminum en hrísgrjóna kleinhringirnir í Dunkin' Donuts í Suður-Kóreu eru nú ekkert sérstakir. Þegar hinir í hópnum voru búnir að snæða kleinhringina sína þá skiptum við liði, allir að versla. Versla, versla, versla. Ég, aftur á móti, fór upp á hótél og gerði mig kláran fyrir Kínaför og pakkaði því sem ég gat, komst að því

að ég þyrfti eiginlega að kaupa aðra ferðatösku. Þá mundi ég eftir því að á NEATA-kvöldinu þá var okkur afhentur forláta skjöldur með þökkum fyrir komuna til Suður-Kóreu, svaðalega flottur, og auðvitað gleymdi ég honum þar, bara var alveg stolið úr mér að ég hefði tekið við honum, veit ekki af hverju. Allavega, þá hringdi ég í Eriku, annan af guidenum okkar, og hún létti áhyggjunum af mér og sagði mér að hún myndi koma með skjöldinn seinna. Ok, sumir af hópnum voru farnir í Home Plus, þ.a. ég skellti mér þangað, sagði einhver versla? Ég verslaði mér ferðatösku fyrir allt draslið sem ég var búinn að vera að kaupa. Síðan upp á hótél og þar voru guidearnir okkar og skjöldurinn var kominn ofan í tösku hjá Sigga P. Gott mál.



Hótelstjórinn kominn í farangursmálin

Nú var kominn tími til að kveðja þetta aðsetur okkar og var allur farangurinn ferjaður út á götu. Eigandi Arirang-hótelsins stóð og horfði á þetta farangursfjall og bauðst til að keyra hluta af því út á flugvöll, sá greinilega fram á að þetta myndi ekki einu sinni komast í risarútna sem við fengum til að keyra okkur. Við stigum upp í Airport Limousine-rútuna og þvílíkur munaður! Flottasta rúta sem ég hef komið í, geðveikt þægileg sæti, algjör Saga Class hvað?



Kveðjustund á flugvöllinum

Við lögðum í hann og kvöddum Barböru Smith með virktum, skildum hana eina eftir í Masan. Þegar komið var á Busan flugvöll tók það heljarinnar tíma að merkja og tékka inn farangur og ferðafólk þar sem hóparnir voru þrír sem voru að fara: Huld/Siggi/Álfheiður til Köben, Hörður/Hrefna/Siggi P. til Íslands og afgangur til Peking. Við skiptum kössunum niður á hópana, einhver lagði til (Bjössu) að þeim yrði bara fargað. Ekki M&M kössunum! Guðlast!

Þegar við vorum loks búin að tékka inn, þá komum við okkur fyrir og hópurinn tvístraðist til að ... versla, ég var skilinn einn eftir til að passa farangur, búhú. Ég var að vona að ég gæti nú allavega eytt þessum 20.000 wonum sem ég átti eftir. Aðrir í hópnum voru orðnir nokkuð won-litlir og sumir alveg won-lausir. Ég var ennþá won-góður.

Rétt áður en farið var út í flugvél tókst loks að smala öllum saman þ.a. hægt væri að afhenda gjöf til BÍL. Nokkrum dögum áður höfðu Gísli, Helgi, Addi, Siggi P., Bjösssi og Bylgja látið taka fjölskyldumynd af sér í neðanjarðarmarkaðnum og fengið hana innrammaða. Vibba lofaði að hún yrði hengd upp á áberandi stað á skrifstofu BÍL, farið endilega og skoðið hvernig Kóreumenn fótósjöppa Íslendinga.

Á slaginu 19.45 að búsónskum tíma var tekið á loft, flugið var tíðindalaust og klukkan 20.45 að Pekingskum tíma lentum við á Peking-flugvelli. Eftir flugvallarútuferð og nokkur tollhlið þá skildust leiðir með hópnum. Allir voru voða leiðir yfir að þurfa að kveðjast og við tókum ekki gleði okkar fyrr en hóparnir hittust aftur aðeins innar í flugstöðinni.



Spennandi flugvélamatur

Inni í flugstöðinni þá reyndum við að fá upplýsingar um hvernig við kæmumst á Harmony Hotel, þetta leit út fyrir að taka reiðinnar tíma, þ.a. ég og Addi fórum að pissa. Á leiðinni tilbaka heyrðum við ógurleg hróp og pikuskraeki og rétt framhjá okkur labbaði Babyface (kínverskur rappari) ásamt lífvörðum sínum, löggúhóp og 100 skríkjandi smástelpum með hvítar og bláar blöðrur. Við fórum í örstutt Hacky-Sack áður en haldið var út til að ná í leigubíl.

Þegar við vorum komin út þar sem við héldum að við gætum tekið leigubíla, þá var enga leigubíla að sjá. Í stað þess þá komumst við í kast við taxamafiuna í Peking. Einn gaur kom og þeir bauð okkur taxa, við sáum engan taxa nálægt þ.a. við vorum ekki mjög jákvæð í hans garð, en þá kom annar vinur hans og buðu okkur 3 taxa á 300 yuan hvern, tekur 1 tíma og 20 mínútur á Harmony Hotel sögðu þeir. Eftir mikla rökstóla þá ákváðum við að slá til, þá drógu þeir okkur af stað að lyftum og niður á -3. hæð. Okkur fór nú ekki að lítast á blikuna. Þar niðri voru engir taxar, aðeins ómerktir bílar og það voru komnir 3 bílar þar með mis-skuggalegum fýrum sem voru að reyna að troða töskunum í bílana. Þá var okkur nóg boðið og við ákváðum að hætta við. Náðum í allar töskurnar úr bílunum og komum okkur tilbaka upp á jarðhæð en ekki fyrr en ég borgaði þeim 100 yuan fyrir óþægindin sem við/þeir urðu fyrir við að bjóða okkur far. Þegar við komum upp á 1. hæð þá var allt morandi í leigubílum og aftur byrjuðu samningaviðræður. Þetta endaði á að verða 4 bílar sem hver

kostaði 120 yuan og við tók 40 mínútna akstur á Harmony Hotel. Frábært hótél með öryggisverði sem hafa það að atvinnu að drepa moskítóflugur. Herbergin eru stór og góð, við Helgi fáum núna sitt hvort rúmið.

Við fórum síðan út að borða. Áður en lagt var af stað stukkum við Addi inn á Harmony Sauna sem er við hliðina á hótelinu, við lofuðum að koma aftur seinna. Þetta var nuddstofa og við fengum melónusneiðar að gjöf. Við fundum núðlustað eftir stutt labb, gaman að snæða hjá Mr. Lee, Bjösssi var nú ekkert sérlega ánægður með soðna beikonið sem hann fékk og aðrir voru svona misánægðir með matinn sem borinn var fram. Undir borðum fóru fram miklar rökræður um virði yuans og líklega er 1 yuan = 7,5 ísl. krónur.

Við lukum kvöldinu með því að fara í nudd, ég og Addi tókum medical massage sem kostaði 98 yuan sem heitir reyndar rimnibi í Kína, eða 98 RMB og Bjösssi og Bylgja fengu sér svæðanudd fyrir 68 RMB. Það voru allir mjög ánægðir með nuddið, en mér hætti að lítast á blikuna þegar nuddarinn (kvenmaður) bað mig að fara úr buxunum og ég held að Adda, sem lá á bekk við hliðina á mér, hafi einnig verið svolítið brugðið. Síðan var innanlærið á mér nuddað af krafti .. think unsexy thoughts, think unsexy thoughts. En þetta var frábært nudd og Addi fékk sér annað eins daginn eftir.

Hvað ætli Peking beri í skauti sér? Ég kemst að því á morgun.

Gísli Björn Heimisson

5.8. 2007

Sunnudagsmorguninn fimmti rann upp, bjartur og fag..., hmmm, nei annars, hann var ekkert svo bjartur ... og ekkert svo fagur heldur, bara endalaus þoka og mistur – eða þykkt mengunarský sem virðist hanga eilíflega yfir þessari borg. En það skipti engu máli, hingað vorum við komin, í land keisaranna, land Maós, land múrsins mikla, land ævintýranna og drekanna. Beijing. Peking. Kína. Maður þurfti aðeins að klípa sig í handlegginn – var þetta virkilega að gerast?

Og þá voru eftir átta ... hópurinn farinn að þynnast aðeins, sumir farnir heim, aðrir eitthvert annað. Hér vorum við Ágústa, Bylgja, Vibba, Júlía, Helgi, Gísli, Addi og ég. Snæddum ágætis morgunverð á Harmony Hotel og spennan lá í loftinu, von var á leiðsögumanni sem ætlaði að fara með okkur að skoða Kínamúrinn. Hann skilaði sér stundvíslega við annan mann, reyndist heita Tonk(e) (sem þýðir vist „eiginkona“) og þeir voru með þennan fína mínibúss, sem rúmaði okkur öll ágætlega. Um niuleytið var lagt af stað og Tonk byrjaði að fræða okkur um sögu Kína fyrr og nú, og þó það væri afar athyglisvert allt saman byrjuðu augnlokin fljótlega að síga, og undir lokin voru það bara Ágústa sem hlustaði (kannski af einskærri kurteisí) og undirritaður (kannski vegna þess að Tonk sat við hliðina á mér og virtist halda að hægra eyrað á mér væri hljóðneminn).

Eftir u.þ.b. klukkustundarakstur var stoppað við minjagripaverksmiðju nokkra, þar sem nokkrar Kínakonur og -kallar sátu sveitt við að búa til listmuni úr „cloisonnier“ og jaðe, við vægast sagt misjafnar aðstæður. Þetta var allt voða fróðlegt og gaman að sjá og síðan vorum við leidd eins og sauðir til slátrunar inn í risavaxna ríkisrekna minjagripa- skástrík listmunaverslun (að mati undirritaðs um 5.000 fm verslunarrými) og vorum við einu sjáanlegu viðskiptavinirnir þar. Parna var að sjálfsgöðu mikið keypt, enda Kínakonurnar afar séðar í sölu-mennskunni, vinsælastir voru Kínadrekarnir. Snæddum afar ljúffengan hádegismat, eftir að hafa sætt færís á að hlaupta yfir þjóðveginn til að komast á restórantinn. Svo var aftur hlaupið



Stórbrotin náttúruvegurð á múrnum mikla í Kína

yfir veginn og aðeins meira keypt. Það var komið vel fram yfir hádegi þegar við loksins komum að múrnum, og þar vantaði svosem ekki minjagripasalana. En við héldum aftur af okkur og stefndum ótrauð að klánum sem flytja skyldi okkur upp á fjallið þar sem múrinn var. Sölufolkíð vissi alveg hvað klukkan sló og úr öllum áttum hljómaði „Jú komm bah! Æ límembe jú! Jú límembe mí? Jú bæ!“

Það vottaði aðeins fyrir lofthræðslu hjá sumum í klánum á leiðinni upp, en hinir göptu af gleði og spenningi. Og maður lifandi. Hingað vorum við komin upp á Kínamúrinn mikla, eitt af undrum veraldar sem teygir sig 6.000 km frá vestri til austurs. Ólýsanleg upplifun. Þarna sprönguðum við fram og til baka og reyndum að setja okkur í spor varðmannanna sem áttu víst heldur ömurlega vist þarna, jafnt í steikjandi sumarhita sem fimbulfrosti og mannhæðardjúpum snjó. Þarna hlykkjast múrinn ofan á fjallahryggjunum, að því er virðist úti óendanleikann, en hann hvarf reyndar fljótlega úti mistrið þennan dag. Stærstur hluti hópsins ákvað að stefna á gula sólhlíf sem var rétt greinanleg í fjarskanum, og þegar þangað var loks komið beið þar Kínakall sem brosti út að eyrum svo skein í báðar tennurnar og sagði „kól vote“ og við glöddumst mjög. Meðan við svöluðum okkur á „kól vote“ kom undursamlega fagurt fiðrildi aðvífandi og tyllti sér efst á fánastöngina með íslenska fánanum sem Addi hafði borið alla þessa leið, og við urðum svo snortin af þessu að við brustum í söng og sungum Lofsönginn eftir Matta Joch og Sveinba Sveinb. við mikla gleði viðstaddra sem voru fjórir, að Kínakallinum meðtöldum. Hlutum dynjandi lófaklapp að launum, frá öllum þessum fjórum. Hátíðleg stund.

Það urðu að sjálfsgöðu fagnaðarfundir þegar við komum aftur niður af fjallinu, og gleði sölufolksins var fólksvalaus þegar það sá okkur þreytt og sveitt draga upp veskin og byrja að kaupa og kaupa. Og kaupa. En Tonk var tekinn að ókyrrast mjög, og það var kannski eins gott, því það virtust engin takmörk vera fyrir kaupgetu íslensku ferðalanganna, frekar en venjulega.

Stefnan tekin aftur á Beijing og hótelið, og á heimleið kíkt aðeins inn í silkifabricku eina mikla, og það var ekki að spyrja

að því, eftir að hafa leitt okkur í allan sannleik um silkiframleiðsluna (sem er reyndar alveg ótrúlega heillandi fyrirbæri), vísuðu þeir okkur inn um dyr einar þar sem var til sölu silki-varningur af öllu hugsanlegu tagi, og spurningin var ekki sú hvort við ætluðum að kaupa eitthvað, heldur hve mikið. Og við keyptum mikið. Mjög mikið. Silkisængur og silkisængurver, silkiteppi, silkiskyrtur, silkikjóra, silkijakka, silkinærbuxur, silkisokka ... Þeir kunna þetta alveg Kínverjarnir.

Upp á hótél í mjög snöggt það, svo Peking-óperan. Höfðum pantað bestu sætin, og það var sko ekkert slor. Sátum þar eins og hefðarfólk kringum borð og úðuðum í okkur alls konar dísætu góðgæti, hnetum og ferskjum og öllu skolað niður með tei. Það var ekki mikið sungið í þessari óperu, en hún var samt mikið sjónarspil, einhverskonar sambland af látbragðsleik, dansi og fimleikum með hljóðfæraundirleik. Skemmtum okkur konunglega þar. Að því loknu var brunað beint á veitingastað sem Tonk hafði fundið fyrir okkur og þar voru bornar á borð þrjár heilar Peking-endur, sem voru svosem ágætar, en hálfgerð vonbrigði fyrir flesta, ekki síst fyrir hið fátæklega meðlæti. Fréttum seinna að þetta áttu að heita bestu Peking-endur sem hægt er að fá hér í borg. Kvöddum Tonk með tárur, enda hafði hann staðið sig með mikilli þryði og átt sinn þátt í gera þennan dag svo ógleymanlegan.

Langur og viðburðaríkur dagur að kveldi kominn, og við vorum öll þreytt en sæl þegar við rúlluðum inn á hótél undir miðnættið. Einhverjir fóru beint að sofa, einhverjir settust á hótélbarinn, en fjögur okkar, Bylgja, Addi, Gísli og ég kíktum inn á nuddstofuna „Harmony Sauna“ sem er við hliðina á hótelinu. Bylgja, af sinni alkunnu gjafmildi, bauð mér í fótanudd sem var æðisgengið en strákarnir tóku líkamsnudd. Leiddum getum að því hvort einhver önnur starfsemi en nudd ætti sér stað þarna, en við þeim vangaveltum fékkst ekkert svar. Við Ágústa sátum loks fram á miðja nótt uppá herbergi ásamt Helga Róbert, spjölluðum saman, sötruðum bjór, reyktum, skoðuðum myndir og umpökkuðum farangrinum, þar eð við myndum þurfa að tékka okkur út morguninn eftir.

Fundir NEATA & IATA í Masan og Changwon í Suður-Kóreu dagana 28.–31.07. 2007.

Vilborg Valgarðsdóttir fór sem fulltrúi Bandalagsins til S-Kóreu og sótti fundi alþjóða áhugaleikhússamtakanna IATA ásamt fundum norður-evrópsku samtakanna NEATA sem haldnir voru samhliða leiklistarhátíðinni. Skýrsla hennar fer hér á eftir.

NEATA-fulltrúafundur, settur kl. 10.00 þann 28. júlí.

Mættir:

Danmörk 5, Noregur 3, Færeyjar 1, Ísland 1, Eistland 1, Litháen 2, Finland 1 og gestur frá Lingen-sentrinu í Þýskalandi.

Svíar mættu ekki því þeir voru að undirbúa sýninguna sína sem var á dagskrá sama kvöld.

Fundarstjóri Hilmar Joensen frá Færeyjum, varaforseti NEATA, ritari Kristian Hald Jensen frá Danmörku.

Eftir hefðbundin fundarstörf (samþykkt dagskrár og eldri fundargerða) beindist umræðan að yfirstandandi leiklistarhátíð IATA.

Mikil óánægja er með uppröðun sýninga á dagskránni, en ógerlegt er að ná nema einni sýningu á dag virka daga þar sem allar þrjár sýningar dagsins byrja á sama tíma eða kl. 19.30. Og fyrir þá sem sitja fundi IATA og taka þátt í opunar- og lokaatriðum hátíðarinnar koma a.m.k. 2 dagar þar sem ekki er nein sýning í boði. Meira framboð er á sýningum um helgar.

Merja Laaksovirta frá Finnlandi, varaforseti IATA, reyndi að skýra málið. Hún sagði að Kóreumenn væru í raun með þrjá hluti í gangi á sama tíma:

1. Innlenda hátíð með 40 sýningum
2. IATA-hátíðina, en þeir buðu stjórn IATA að senda eins margar sýningar og vildu koma, þær eru 24.
3. Svo bjóða Kóreumenn sjálfir „vinþjóðum“ sínum að senda fullt af sýningum, Merja hafði ekki tölu á þeim.

Þannig að fókusinn á IATA-hátíðina er ekki í forgangi (og bara varla finnanlegur) heldur er öllu hrært saman og aðalatriðið fyrir Kóreumenn virðist vera að selja heimamönnum aðgöngu-miða á sem flestar sýninganna.

Gagnrýni á sýningar IATA-hátíðarinnar er engin. Því hafði verið lofað en ekkert virtist ætla að verða um efndir.

Hátíðaklúbbur er enginn. Honum hafði verið lofað og vonir standa til að hann opni í kvöld (28. júlí).

Merja segir að hér séu allir á sama báti varðandi heimamenn, hraði snigilsins gildir og fá plön standast. Heimamenn brosa og hneygja sig, segja já við öllu sem maður biður um en svíkja allt jafnóðum.

Norðmenn ætla að bjóða til IATA-hátíðar í Tromsø árið 2011 en hún verður í Mónakó 2009.



Hilmar Joensen, Færeyjum, fráfarandi varaforseti NEATA og Danute Vaigauskaitė, Litháen, fráfarandi forseti.

Fulltrúi NEATA í stjórn IATA kosinn, en Hilding frá Svíþjóð lætur af störfum á þessu þingi. Steinar Arnesen frá Noregi er einn í framboði og samþykktur samhliða.

Rætt um NEATA-hátíðina í Lettlandi 2008. Lettar eiga ekki fulltrúa á fundinum og því ekki hægt að fá stöðuna á fjármögnun og öðrum undirbúningi.

Of seint er orðið að sækja um Evrópustyrk fyrir þá hátíð samhliða annarri starfsemi NEATA, en ákveðið er að sækja um hann fyrir starfseminna frá 2008 til 2011.

Þar myndu eftirtalin atriðið m.a. vera í umsókninni:

IATA-hátíð Mónakó 2009
NEATA-hátíð á Íslandi 2010
IATA-hátíð í Noregi 2011
og önnur minni verkefni sem koma væntanlega fram í fundargerð Kristians.

Halla hafði tilnefnt mig í nefnd sem vinni að þessu máli. Sú nefnd mun hittast í Kaupmannahöfn fyrst í september, eftir fund Dana með sínum menntamálaráðherra þann 29. ágúst. Svo heppilega vill til að ég verð þá stödd í sumarfrí í Danmörku og mun því geta sótt þessa fundi án mikils kostnaðar fyrir Bandalagið.

Fyrir þessa fundi þarf ég að afla eins mikilla upplýsinga og ég get um framkvæmd og kostnað við hátíðina á Íslandi 2010.

Fundi slitið kl. 12.00



Nýtt fólk til forystu; Kristiina Oomer Eistlandi, Line Hauger og Kristian Hald Jensen, bæði frá Danmörku

NEATA-stjórnarfundur, settur kl. 12.30 þann 28. júlí.

Danute Vaigauskaite frá Litháen hefur verið forseti NEATA frá 2001. Hún lætur af störfum á þessu þingi. Í hennar stað er kosin Line Hauger frá Danmörku (dóttir Thomasar Hauger sem „allir“ þekkja).

Line lýsir markmiðum sýnum og væntingum um framtíð NEATA, hún segist staðfastlega ætla að vinna að því að NEATA verði hér eftir sem hingað til starfsamasta svæðið innan IATA.

Hilmar Joensen hefur gegnt stöðu varaforseta. Hann lætur líka af störfum á þessu þingi. Í hans stað er kosin Kristiina Oomer frá Eistlandi.

Thomas Hauger hefur verið ritari NEATA frá stofnun 1998. Hann hættir núna. Danir bjóða fram sinn nýja framkvæmdastjóra, Kristian Hald Jensen, sem nýjan ritara. Samþykkt samhljóða.

Ferðasjóður forseta NEATA var stofnaður fyrir nokkrum árum. Hann hefur staðið straum af ferðakostnaði forseta en Danute fékk ekki fjárframlög frá sínu landi til að fara á ýmsar hátíðir og fundi sem henni var boðið á sem forseta NEATA.

Line Hauger segist ekki muni nota fé úr sjóðnum, sem er reyndar tómur núna, en samþykkt er að öll aðildarlöndin, sem geta, borgi að hámarki 500 evrur árlega í sjóðinn til að tryggja að fjárskortur geti ekki verið ástæða þess að fólk bjóði sig ekki fram til þessa embættis. Danir munu halda utan um sjóðinn eins og hingað til.

Danute þakkar samvinnuna og segist þakklát fyrir hve henni hafi verið vel tekið og vel við hana stutt í starfi forseta NEATA. Hún segir það áfram sitt markmið að vinna að samvinnu milli NEATA-landanna og þakkar sér ýmislegt sem í gangi hefur verið, nú síðast væntanlega leiklistarhátíð í Litháen með þátttöku Íslendinga (Leikfélag Selfoss og Hörður Sigurðarson leikstjóri), Hollendinga og Norðmanna. En þátttöku þessara landa má rekja til heimboðs fulltrúa frá þessum löndum í desember í fyrra á aðal-leiklistarhátíðina þeirra í Shiauliai, en þar vorum við Guðrún Halla fyrir Íslands hönd.

Danute voru þokkuð vel unnin störf og klappað lengi fyrir henni. Hún fór auðvitað að gráta smá.

Line og Kristiinu óskað heilla í starfi og fundi slitið kl. 13.00.

28th AITA/IATA World Congress haldið í Masan og Changwon í S-Kóreu.

Sett 29. júlí kl. 10.00.

1. Opunarhátíðin stóð í klukkutíma en þar voru flutt þjóðleg atriði af fólki í þjóðbúningum, s.s. hljóðfærsláttur og dans. Herra Sang-young Lee, forseti IATA-skrifstofunnar í S-Kóreu hélt opunnarræðu og þakkaði samstarfsmönnum sínum, styrktaraðilum og ýmsum hefðarmönnum sem viðstaddir voru (þetta voru allt karlmenn, engin einasta kona).

2. Þegar formlegri opnun lauk var þingið sett af forseta IATA, Leonardo Tromp frá Aruba. Hann taldi upp þá fyrrverandi stjórnarmenn sem dáið hafa milli þinga, þar á meðal er Bandaríkjamadur, Mort Clark að nafni. Hann ferðaðist ævinlega á eigin kostnað með ca. tvær auka ferðatöskur fullar af smágjöfum handa samstarfsfólki sínu. Ég hitti hann einu sinni, hann gaf mér penna með mynd af sér sem því miður er nú glataður. En Sigrún Valbergsdóttir á eflaust marga gripi sem hann gaukaði að henni en þau voru samtíða í stjórn IATA.

3. Fundarstjóri var samþykktur Ross Rowland frá USA. Hann er alveg dásamlegur maður og frábær fundarstjóri, svo skýr og skýrmæltur að ekkert fór á milli mála.

4. Atkvæðateljara kosnir Kristiina Oomer, Line Hauger og Josef Hollos frá Austurríki.

5.–6. Staðfest hverjir hefðu atkvæði og hve mörg, atkvæðaspjöldum dreift.

7. Króatía fékk full réttindi og þar með 6 atkvæði á þessu þingi, Slóvenía fær svokallaða byrjunar-aðild og 2 atkvæði.

8.–11. Venjubundin aðalfundarstörf.

12. Skýrslur stjórnar og nefnda.

13. Skýrslur svæðissambandanna og evrópuskrifstofunnar í Lingen.

Þar var m.a. minnst á fyrirhugaða ráðstefnu um samvinnu kynslóðanna sem halda á í Lingen í október. Ég hef það sterklega á tilfinningunni að við Íslendingar höfum einhverju að miðla í því sambandi og vona að einhver héðan sækir ráðstefnuna. Við höfum frest til ca. 15. september til að tilkynna þátttöku.



Íslenska „svæðið“ á þinginu



Paddy O'Dwyer frá Írlandi, forseti IATA, Merja Laaksovirta frá Finnlandi, varaforseti. Á milli þeirra stendur Helle Hauger frá Danmörku

15. Gjaldkeri IATA, Rob van Genechten frá Belgíu, skýrir reikninga síðustu tveggja ára. Staðan er viðunnandi á meðan styrkirnir frá Norðurlöndunum lækka ekki en þeir eru um 50% af tekjum IATA.

16. Tvær tillögur að lagabreytingum lágu fyrir fundinum:

- a) Svokallaður President Elect megi sitja alla stjórnarfundum þessi tvö ár áður en hann tekur formlega við embætti – samþykkt samhljóða.
- b) Sami President Elect hafi atkvæðisrétt á sömu fundum – fellt.

Fundi frestað kl. 13.30

Fundur aftur settur kl. 10.00 þann 30. júlí.

17. Skipt í umræðuhópa:

- a) Litræn þróun og vinna nefndar sem nefnist Artistic Committee
- b) Málefni barna og unglunga og vinna nefndar um þau málefni
- c) Réttindi meðlima sem hafa svokallaðan Associate Status

18. Skýrslur hópa:

- a) Roger Ellis frá USA, formaður listrænu nefndarinnar flutti niðurstöður umræðna í hópi a. Hópurinn hafði m.a. fjallað um nýtt plagg sem inniheldur reglur um hvernig halda skuli alþjóðlegar leiklistarhátíðir IATA þegar þær eru ekki í Mónakó. Þar kemur t.d. skýrt fram að hátíðarklúbbur er algjört forgangsatriði (en þennan dag, þann 30. júlí, var ekki enn búið að opna hátíðarklúbb. Leikhóparnir höfðu sjálfir fundið leið til að safnast saman og „mingla“ en það var utandyra og ekki hægt að setjast niður). Gagnrýni er líka talin nauðsynlegur hluti af svona hátíð (hún var ekki fyrir hendi í Kóreu). Hópurinn kom með hugmynd um að nefndin (Artistic Committee) sæi um að fá gagnrýnendur í stað þess að fela það hátíðahöldurum. Nefndin skuli einnig í framtíðinni hafa hönd í bagga með hvernig sýningum er raðað á dagskrá hátíðanna. Nefndin skuli hvetja NC (national centers) til að velja/finna sýningar á hátíðir IATA sem eru sérstakar á einhvern hátt og reyna að tryggja háan standard á alþjóðlegan mælikvarða. Hópurinn kom með hugmynd að einni sameiginlegri sýningu sem búin væri til að staðnum á hverri hátíð með þátttakendum frá sem flestum þátttökulöndum.

Spennandi þótti hópnum að prufa einhvern tímamót að hafa eitt þema og velja inn sýningar eftir því.

- b) Kevin Dorset frá Bretlandi flutti skýrslu hóps b um vinnu með börnum og unglingum. Hópurinn lagði áherslu á að hvert og eitt leikfélag gæfi svona vinnu pláss á dagskránni hjá sér og það alla að hafa í huga að heimur barnsins líður oft ekki á sama hraða og heimur okkar hinna fullorðna. Kevin kynnti ýmsar hugmyndir sem gagnast gætu þeim sem vilja hefja þessa vinnu heima í héraði.

c) Steinar Arnesen flutti niðurstöður hóps c.

Ég var í þessum vinnuhópi og varð margt fróðari um þá valdabaráttu sem við er að eiga innan IATA. Fyrir stjórn liggur beiðni frá 5 svokölluðum Associate Members (einstaklingar sem hafa ekki atkvæðisrétt en greiða árgjald) um að þeim verði veittur atkvæðisréttur á einhvern máta. Stjórn hafði lofað að þetta yrði rætt á þessu þingi. Þar sem hvergi er minnst á þessa einstaklinga, hvorki í stjórnarskrá eða lögum IATA, þá þarf fyrst að gera stöðu þeirra löglega með því að bæta þeim inn.

Ákveðið að benda þeim á að ef föðurland viðkomandi er aðili að IATA með full réttindi á það 6 atkvæði sem auðveldlega má deila meðal þeirra sem áhuga hafa á málefnum IATA hverju sinni. Í áframhaldandi umræðum í hópnum kom fram að oft er um að ræða einstaklinga sem af einhverjum persónulegum ástæðum kjósa að vinna ekki með eða fyrir það batterí sem fer með aðildina að IATA.

Tvær tillögur að lausn lágu fyrir hópnum, sú fyrri frá fyrrverandi forseta, Jacques Lemarie og hin frá Thomasi Hauger (einnig fyrrverandi forseti).

Báðar tillögurnar ganga útá að atkvæðisréttur til þessara einstaklinga, hvort sem er saman eða til hvers og eins, sé ekki skynsamleg aðgerð. Hópurinn var sammála þessari niðurstöðu.

19. Open forum

Kynning á kóreönsku, kínversku og japönsku leikhúsi. Aðferðir, hefðir, grímur og tákn.

Fundi frestað kl. 17.00.

Fundur aftur settur kl. 10.00 þann 31. júlí.

20. Leonardo Tromp flutti kveðjuræðu og tíundaði hvað áunnist hefði í hans forsetatíð. Taldi hann það að fá spænsku viðurkennda sem þriðja opinbera tungumálið innan IATA það sem mestu máli skipti til að auka skilning og samvinnu þjóðanna innan IATA. Þetta var samþykkt í Halifax 2003 og kom til framkvæmda í Mónakó 2005. Ýmislegt fleira taldi hann upp og þakkaði svo samstarfsmönnum og konum gegnum tíðina.

21. Kosningar í stjórn IATA:

Embætti varaforseta og embætti enskumælandi ritara voru laus.

Frambjóðendur:

til varaforseta – Merja Laaksovirta frá Finnlandi
enskumælandi ritari – Anne Gilmore frá Bretlandi

22. Kosningar

Merja (endur)kosin varaforseti með öllum greiddum atkvæðum (165)
Anne kosin enskumælandi ritari með öllum greiddum atkvæðum (165)



Kevin Dorset frá Bretlandi, Josef Hollos frá Austurríki og Norbert Radermacher, Pýskalandi



Irena Maciuleviciene og Danute Vaigauskaite frá Litháen

23. Tilnefndir nýir fulltrúar í stjórn frá svæðissamböndunum: Steinar Arnesen frá NEATA og Josef Hollos frá CEC (Mið-Evrópu)

24. Paddy O'Dwyer frá Írlandi, forseti IATA, flytur stefnuræðu sína. Hann kvíðir ekki embættisstörfum með allt það góða fólk með sér sem situr í stjórn IATA. Hann segist ekki lengur sem lamb í túni en gamlir sauðir geti ýmsu áorkað með þolinmæðina að vopni. Hann hlakkar til starfans og biður alla vel að lífa.

25. Fjárhagsáætlun fyrir 2007–2009 lögð fram og samþykkt.

26. Tillaga stjórnar um aðildargjöld er sú að þau verði óbreytt eða 625, 250 og 25 evrur, eftir aðildarvægi. Samþykkt.

27. Tillaga stjórnar um aðildargjöld fyrir einstaklinga, óbreytt frá síðustu árum eða 100 evrur.

28. Alla Zorina frá Rússlandi gefur skýrslu um væntanlega Alþjóðlega leiklistarhátíð barna sem halda á í Moskvu 2008.

29. Sagt frá því að næsta IATA-hátíð verði í Mónakó 2009.

30. Næsta þing og hátíð þar á eftir (2011). Steinar Arnesen býður fram Tromsö í Noregi.

31. Þingslit
Forseti slítur þingi og þakkar fráfarandi forseta, L. Tromp, Aled Ryes-Jones fráfarandi enskumælandi ritara, Mary Pears fráfarandi fulltrúa frá CEC og öllu starfsfólki og tulkum fundarins. Þakkar okkur hinum góða fundarsetu og kveður.

Fundi slitið kl. 13.00

Hátíðin og viðburðir utan funda:

Kóreumönnum virðist margt betur gefið en skipulags- hæfileikar, eða svo getur maður ályktað af framkvæmd þessarar hátíðar. Upplýsingastreymið var ekkert og sjaldan hægt að fá að vita hvað var næst á dagskránni utan áður auglýstra funda og leiksýninga. En heimamönnum virtist mjög í mun að hafa alla erlenda gesti undir eftirliti mestan part sólarhringsins. Íslenski leikhópurinn var stundum að springa af þirringi yfir að fá ekki að ráða sér sjálfur. Honum voru skaffaðir tveir leiðsögumenn strax við komuna sem fylgdu þeim hvert fótmál allan tímann. Auðvitað var ómetanlegt að hafa þá en fyrr má nú fyrrvera.

Eins og áður hefur komið fram var alveg óþolandi hvað maður gat séð lítið af leiksýningum. Ég sá 6 sýningar; frá Danmörku, Myanmar (Burma), Pakistan, Slóvakíu, Finnlandi og Íslandi (auðvitað). Til samanburðar má nefna að í Mónakó 2005 sá ég 23 leiksýningar. En kóreanskir áhorfendur komu mjög á óvart, þeir keyptu sig inn á allar sýningar og vorum við útlendingarnir harla ósýnilegir í svartkollahafinu.

Eins var óþolandi að hafa ekki hátíðarklúbb.

Ég var sett, ein kvenkyns þingfulltrúa, á hótél með japönsku fulltrúunum, 6 karla liði sem ávarpaði mig hvorki né leit í áttina til mín. Aldrei hef ég áður fundið fyrir því hvernig það er að vera „óæðri“. Þetta hótél var töluvert langt í burtu frá hinum hótélum hátíðarinnar en fólk bjó mjög dreift.

Flestir þingfulltrúar bjuggu á hóteli sem var með skemmtistað á 13. hæð og fór ég þangað tvisvar til að hitta þá, en margir sem ég þekkti héldu sig þar á kvöldin. Önnur kvöld fór ég á sýningar með íslenska leikhópnum og fór svo með þeim til þeirra gististaða. Þau voru fyrstu 4 næturnar á heimavist í boði hátíðarinnar en eftir það á hóteli, um hálf tíma labb frá mínu.

Ég var viðstödd opunarhátíð og lokahóf (það var mjög athyglisvert). Mér var boðið til hádegisverðar síðasta daginn með háaðlinum innan IATA, (veit ekkert af hverju en ég sat á gólfinu og borðaði hráan fisk í tvo klukkutíma) og mér lánaðist að eyða þremur dögum eða dagpörtum með leikhópnum okkar íslenska og leiðsögumönnum þeirra. Fyrsta daginn fóru þær með okkur á markað, annan daginn fórum við í skoðunarferð til Busan, borgar í um 1 klst. akstursfjarlægð frá Masan og síðasta daginn var ég með þeim í leikhúsinu mestan part sýningardagsins. Sýningin þeirra, Memento mori, var vel sótt og mjög vel fagnað.

Okkur var keyrt á fundi og leiksýningar, ekki var vinsælt að vera einn að röltu um eða fara í búðir. Ævinlega þegar það gerðist rakst ég „óvart“ á einhvern leiðsögu- eða starfsmann hátíðarinnar sem ávarpaði mig og spurði hvort ég vildi ekki fylgd heim á hótél. Skondið.

GSM-símarnir okkar virkuðu ekki og erfitt var að finna hraðbanka sem viðurkendi kortin okkar.

Það kom margt spánskt fyrir sjónir í Kóreu, snobbið er ótrúlegt, karlremba er landlæg og er t.d. ekki við hæfi að gefa börnum brjóst á almannaþæri. Það var ein 6 mánaða með í ferðinni, Álfheiður, dóttir Huldar Óskarsdóttur leik-konu. Það var verið að þukrast við að gefa henni meðan við slógum skjaldborg um þær mæðgur. Dálítið fyndið á okkar mælikvarða. En barnið vakti þvilíka athygli heimamanna að foreldrarnir þurftu stundum hreinlega að flýja með hana þegar atgangurinn var sem mestur (sjá mynd á bls. 76).



Svona 20 hæða blokkir voru alls staðar, frekar svona ómanneskjulegur byggingarstíll

Það er ótrúleg lífsreynsla að koma til Asíu þar sem allt er einhvern veginn á skjön við það sem maður er vanur. Það var ekki mjög auðvelt að rata þar sem allflest skilti og götumerkingar voru á kóreönsku. Það var eiginlega ekki fyrr en síðustu dagana sem Masan fór að „meika einhvern sans“ fyrir mér.

Kóreumenn brosa alltaf hringinn og hneigja sig en forðast snertingar (s.s. handabönd) eins og pestina.

Ég var svo lánsöm að fá að ferðast með íslenska leikhópnum þessa löngu ferð yfir hálfan hnöttinn. Flogið var frá Keflavík til Frankfurt, þaðan til Beijing í Kína og að lokum til Busan í S-Kóreu. Ferðalagið tók um sólarhring, þar af um 16 klst. á flugi. Tvo síðustu dagana fyrir heimferð stoppuðum við í Beijing í Kína og það verð ég að segja að aldrei hefði ég trúað hversu miklu er hægt að afkasta á svona stuttum tíma. Það sem við gerðum meðal annars:

Lentum um kl. 22.00 að staðartíma. Vorum 8 saman í hóp og tókst næstum að láta óprúttna Kínverja plata okkur uppí ómerkta leigubíla. Hættum við á síðustu stundu þegar farið hafði verið með okkur niður á -3. hæð í bílarkjallara á flugvellinginum. Náðum í merktu bíla sem skiluðu okkur á hótelið fyrir þriðjung af verðinu sem glæponarnir höfðu sett upp.

Gengum á Kínamúrinn! Þvílík upplifun!

Heimsóttum handverksverksmiðju þar sem búnir voru til vasar og aðrir skrautmunir skv. aldagamalli hefð. Einhver af kínversku keisurunum hafði verið mjög geðvondur og í frekjuköstinum tók hann ævinlega einhvern skrautmun úr postulíni og þrumaði í gólfið svo allt fór í þúsund mola. Kínamenn urðu þá að leggja hausinn í bleyti og finna upp aðferð til að framleiða skrautmuni sem líktust postulíni en voru óbrjótandi. Þeir fundu út að hægt var að gera þá úr kopar og brenna litina í munstrin í brennsluofnum. Ótrúlega mikil vinna liggur að baki hvers grips og þeir eru hver öðrum fegurri.

Eins var okkur sýnt þarna hvernig þeir vinna skartgrip og ýmislegt annað fallett úr jade.

Heimsóttum silkiverksmiðju og fræddumst um allt ferlið við vinnslu á silki frá því að þúpur silkiormsins eru tíndar á akrinum þar til búið er að sauma úr silkinu dýrindis fatnað og sængurföt.

Fórum á sýningu í Peking-óperunni. Það var æðislegt!

Borðuðum önd á ekta Peking-andar veitingahúsi. Mér fannst það ekki allveg eins æðislegt (bragðið ekki eins gott og ég hafði vonað) en gaman að hafa prófað. Þar er hver önd skorin við borð kunnans í yfir 30 bita skv. gamalli hefð.

Fórum í 300 ára gamalt apótek og fengum fyrirlestur um kínverskar lækningar ásamt því að lækna skoðuðu allan hópinn og greindu hvað amaði að hverjum. Fengum herðanudd á staðnum.

Fórum á Torg hins himneska friðar. Ólýsanlegt!

Skoðuðum Forboðnu borgina. Það tók okkur þrjá klukkutíma að fara inn að framan og út að aftan. Ótrúlega stórt svæði og gaman að koma þarna.

Sumir fóru á Kung-Fu sýningu. Heilluðust upp úr skónum.

Allir versluðu dálítið mikið.

Fórum í nudd á nuddstofu við hliðina á hótelinu sem líktist helst subbulegu vændishúsi. Fótanuddið var frábært rétt fyrir heimferðina en lagt var af stað á flugvöllinn um kl. 22.00. og lent í Keflavík um kl. 16.00 næsta dag (staðartímar, en tíamunur milli Beijing og Keflavíkur er 8 klst.)

Vilborg Valgarðsdóttir

Leikið í Litháen

Leikfélag Selfoss brá á haustdögum undir sig betri fætinum og fór með sýninguna Hnerrinn, eftir Anton Chekov á leiklistarhátíð í Rokiskis í Litháen. Formaður félagsins, Guðfinna Gunnarsdóttir, var í leikhópnum og ritaði ferðasögu sem hér er birt með góðfúslegu leyfi Suðurgluggans.



Efsta röð frá vinstri; Einar Þorgeirsson, Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson, Ingvar Brynjólfsson, Kristján Eldjárn Þorgeirsson, Hörður Sigurðarson. Miðröð frá vinstri; Svanhildur Karlsdóttir, Eyjólfur Pálmarsson, Stefán Ólafsson, Íris Árný Magnúsdóttir, Benedikt Axelsson, Hrefna Friðriksdóttir. Neðsta röð frá vinstri; Gerður Sigurðardóttir, Sigrún Sighvatsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir og Friðjón Elli Hafliðason.

Félagar úr Leikfélagi Selfoss eru nýkomnir heim úr leikferð til Litháen þar sem hópurinn tók þátt í leiklistarhátíðinni Interrampa 2007 með sýninguna Hnerrinn eftir Anton Chekov. Ferðin tókst í alla staði vel og var hópnum einkar vel tekið. Er þetta fyrsta leikferð félagsins í 23 ár, en síðast fór Leikfélagið á viðlíka hátíð sem haldin var á Írlandi.

Förinni var heitið til bæjarins Rokiskis, bæjar á stærð við Árborg sem liggur norðarlega í Litháen nálægt landamærum Lettlands. Rokiskis er rómaður mjólkurframleiðslubær og ostarnir sem þar eru framleiddir eru víðfrægir og voru bæjarbúar mjög hissa og ánægðir að heyra að í heimabæ íslenska hópsins væri einnig viðamikil framleiðsla á mjólkurafurðum.

Hópurinn tékkaði sig og sitt hafurtask eldsnemma inn til þess að tryggja nú að allt kæmist með, en í farangrinum leyndust ýmsir undarlegir leikhúsmunir eins og gardínustangir, niðursagaður hestvagn, uppstoppuð rjúpa og tvær leikfangaskammbyssur. Skammbyssurnar atarna urðu til þess að framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga, Vilborg Valgarðsdóttir, var kallaður upp og hún látin mæta til öryggisgæslunnar þar sem taskan með byssunum góðu

var óvart tékkuð inn á hennar nafni. Gerður Sigurðardóttir, stjórnariði, reddaði málinu með blíðmælgí sinni og náði að sannfæra öryggisverði um að byssurnar væru ekki á leiðinni til útlanda til vafasamra verka. Ferðin út gekk að öðru leyti vel, millilent var í Kaupmannahöfn og þaðan flogið til Vilnius, höfuðborgar Litháen. Þar beið okkar hópur af leikurum frá Rússlandi og Hollandi sem voru samferða okkur í rútu til Rokiskis. Eftir að hafa setið í aldagamalli rútu í rúma þrjá tíma var loksins komið á áfangastað og tekið vel á móti hópnum.

Hátíðin var sett daginn eftir, en áður en hún hófst, var farið í skoðunarferð með hópinn um bæinn og skoðað athyglisvert safn um svæðið sem sett hefur verið upp í höll greifa nokkurs sem hét Jonas, en ansi margir karlmenn í Litháen eru nefndir Jonas. Greifi þessi átti landið þar sem Rokiskis stendur í dag og andspænis höllinni skoðuðum við fallega kirkju sem stendur í miðjum bænum. Einnig fengum við að skoða sviðið þar sem við áttum að sýna og reyndist það vera risastórt, alvöru svið á stærð við sviðið í fráfarandi, fyrirhuguðum, fyrrverandi menningarsal Hótel Selfoss. Sviti spratt fram á ennum manna og hófust að sjálfsgöðu miklar spekulásjónir um hvernig við gætum gert okkur breiðari og stærri á alla kanta til að koma

vel út á stærra sviði. Það varð svo seinni tíma vandamál, þar sem við áttum að sýna á hádegi á sunnudegi og fengum ekki aðgang að sviðinu fyrr en seint á laugardagskvöldi.

Leikstjórinn Hörður Sigurðarson, áður nefnd Vilborg og Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður leikfélagsins, fóru í sérstaka móttöku hjá bæjarstjóra Rokiskis og voru leyst þaðan út með gjöfum og notaði formaðurinn tækifærið og afhenti bæjarstjóranum myndabók um Ísland.

Stressi var ýtt til hliðar og einbeitti fólk sér að því að skoða hvað aðrir hópar hefðu fram að færa. Dagskráin var þétt og tíminn leið hratt. Til viðbótar við að horfa á sýningar frá Litháen, Eistlandi, Rússlandi, Lettlandi og Hollandi, sá hver hópur um svokölluð workshop, þar sem leikhóparnir kynntu sína starfsemi og töluðu um verkefni sín. Einnig fóru fram umræður um allar sýningararnar þar sem sérfræðingar ræddu um hvernig til hefði tekist.

Á kvöldin var boðið upp á samveru með ýmsum uppákomum frá heimamönnum, eitt kvöldið sungu þjóðdansarar og dönsuðu og nörruðu alla í dans með sér sem var einkar skemmtilegt. Annað kvöld var tískusýning frá hönnuðum af svæðinu, sem vakti mikla eftirtekt og lokakvöldið hófst með formlegri lokahátíð með tilheyrandi ræðuhöldum og klappi. Eftir það var hátíðarlokum fagnað mikið og lengi og kom í ljós að Rússar og Íslendingar virtust eiga skap saman og sátu saman og sungu til skiptis rússnesk og íslensk þjóðlög og vísur. Ekki virtist tungumálið skipta máli í þeim samskiptum.

Kvöldið fyrir sýningu fengum við salinn afhentan til uppsetningar og tók tæknilið til óspilltra málanna að laga ljós og græja leiktjöld. Finna þurfti allskonar húsgögn til að nota í sýningunni og stússast mikið. Tækniliðið fékk því lítinn nætursvefn og var að alla nóttina. Svo var tæknirensli eldsnemma um morguninn, enda flókin sýning með mikið af skiptingum sem þurftu að ganga upp. Hálf tíma fyrir sýningu var allt klárt, leika-

rar smelltu sér í búninga og drógu andann djúpt.

Sýningin gekk frábærlega vel og fékk mjög finar viðtökur. Í umræðum eftir sýninguna var allri umgjörð hrósað mikið og mikið talað um hversu vel okkur hefði tekist til að endurspegla hinn sanna Chekovska anda. Þó svo að fólk hefði ekki skilið eitt aukatekið orð í leikritinu, þá virtist sem sögurnar hafi skilað sér og vorum við mjög ánægð með það. Það sem jók enn meira á ánægju okkar var að rússarnir voru hæstánægðir með sýninguna og nálguðust formann félagsins sérstaklega til að þakka fyrir sig og sögðu að Chekov væri þeim sérstaklega hjartfólgin höfundur og ekki á allra færi að túlka hann, en okkur hefði tekist það vel. Rússarnir vildu einnig bjóða okkur að koma með sýninguna til Rússlands, en það á allt eftir að koma í ljós.

Við önduðum léttar, skelltum okkur í mat, enginn tími til að hvíla sig og fórum svo að horfa á fleiri sýningar. Telst okkur til að alls höfum við séð níu sýningar í það heila, allar sýningar fyrir utan okkar eigin að sjálfsgöðu. Þær voru misjafnar eins og þær voru margar, en ótrúlega magnað að upplifa það að horfa á sýningu á framandi tungumáli og skilja alveg hvað verið var að segja. Leikhúsið virkar bara þannig.

Eftir að hafa kvatt leiðsögumenn og umsjónarmenn með kostum og vilyrðum og viljayfirlýsingum um áframhald á samskiptum og góðum kynnum, var hópnun rúllað upp í rútu og förinni heitið til höfuðstaðarins Vlníus þar sem hópurinn notaði tækifærið og hvíldi lúin bein og tók út spennufall eftir helgina.

Við í Leikfélagi Selfoss viljum þakka öllum þeim sem veittu ferðinni brautargengi með ómetanlegum stuðningi og lítum björtum augum til frekari menningarsamskipta heima og heiman. Leikum núna!

Guðfinna Gunnarsdóttir

Myndir úr sýningunni



Danir í heimsókn hjá Leikfélagi Húsavíkur

Í október sl. kom danskt vinaleikfélag, Bagsværd Amatør Scene í heimsókn til Leikfélags Húsavíkur. Bagsværd Amatør Scene og Leikfélag Húsavíkur hafa verið vinaleikfélög til margra ára og heimsótt hvort annað í gegnum árin.



Halla Rún Tryggvadóttir

Í ár kom BAS með sýninguna Jøklen Brænder sem byggir á íslenskri þjóðsögu en handritið skrifaði Grete Thorulf. Anne Bille leikstýrði sýningunni, en hún er meðlimur í Bagsværd Amatør Scene.

Danirnir komu til Húsavíkur á laugardegi og strax á sunnudeginum var hafist handa við að koma sér fyrir í Hvalasafninu, en Samkomuhúsið okkar á Húsavík var upptekið vegna æfinga leikfélagsins á Íslanskluðum Halldórs Laxness. Reyndist Hvalasafnið einkar gott leikhús. Margar hendur unnu auðvelt verk, allir hjálpuðust að við að koma upp leikmynd og ljósum í þessu annars litla rými, það tókst og sýningarnar urðu tvær.

Sýningin var afar vel gerð hjá Dönunum. Leikritið byggir eins og áður sagði á íslenskri þjóðsögu og fjallar um Sigríði Eyjafjallasól og hvernig hún er neydd til að giftast Kára, en hann og hans fjölskylda voru hreppt í álög. Þau urðu afar ljótar manneskjur, bæði í útliti og persónuleika. Eins og allar góðar þjóðsögur þá endar þetta allt vel. Sigríður og Kári giftast, Sigríður er hans þriðja eiginkona, en hinar tvær drap hann. Og á brúðkaupsnóttina svarar hún spurningum hans á þá leið að hann og fjölskylda hans falla úr álögnum og þau Sigríður og Kári verða hamingjusöm til æviloka.

Já þetta var flott leikhús. Leikarar stóðu sig allir með stakri þrýði og töluðu eins skýrt og Dönur er unnt. Ljós og hljóð leika stórt hlutverk í sýningunni og tókst það afar vel þrátt fyrir lítið rými og ólíkt því sem þau áttu að venjast heiman frá sér. Einnig var talsvert um tónlist í sýningunni, hún var vel samin af einum félagi í leikfélaginu, Lars Thomsen.

Heimsóknin tókst í alla staði afar vel og rifjuðu „gamli“ félagar upp gömul kynni og þeir nýju eignuðust nýja vini. Vonandi helst þetta samband áfram um ókomin ár.

Halla Rún Tryggvadóttir

Myndir úr sýningunni



Hugleikur í Västerås

Í lok apríl var Hugleik boðið með leikritið *Útsýni* eftir Júlíu Hannam á leiklistarhátíð í Västerås í Svíþjóð. Útsýni var eina erlenda sýningin á hátíðinni sem að öðru leiti var al-sænsk.



Frá vinstri; Sigurður Pálsson, Rúnar Lund, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Þráinn Sigvaldason, Guðrún Eysteinsdóttir og Hjalti St. Kristjánsson

Leikstjórar Útsýnis voru Rúnar Lund og Silja Björk Huldudóttir. Silja hafði ekki tók á að koma með okkur en við förum sjö í ferðina. Fjórir leikarar, þau Guðrún Eysteinsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Sigurður H. Pálsson og Þráinn Sigvaldason og svo Rúnar leikstjóri, Hjalti Stefán Kristjánsson ljósagúrú og undirrituð.

Svæðið sem við vorum á er mjög skemmtilegt, afmarkað af hringvegi og þurftum við aldrei að fara neitt út fyrir þann hring. Við vorum sem sagt þarna eins og blómi í eggi.

Hótelíð okkar var í 10 mínútna göngufæri frá leikhúsunum þar sem allar sýningar voru sýndar og á gönguleiðunum voru bæði skemmtileg kaffihús með frábæru kaffi, allar tegundir matsölustaða og síðast en ekki síst H&M, sem allir áttu nokkur viðskipti við eins og Íslendinga er síður. Skemmtilegt listasafn var líka beint á móti aðalleikhúsinu og veðrið fint allan tímann.

Við sýndum í aðalleikhúsi Västerås sem er mjög skemmtilegt leikhús með stóru sviði og öll aðstaða bæði fyrir framan og á bak við tjöldin var til fyrirmyndar, allt svo hreint og fínt og flott aðstaða fyrir leikara. Mér varð hugsað til okkar ágæta Þjóðleikhúss sem ég er ekki alveg ókunnug.

Við þurftum að aðlaga sýninguna aðeins að þessu nýja rými og ég verð að segja að það tókst mjög vel. Rúnar var á snillibuxunum með allt saman með dyggri aðstoð Hjalta sem sá um ljós og önnur tæknimál. Leikmyndina fengum við alla að láni frá heimamönnum og hún hitti alveg í mark. Aðal áhyggjurnar voru að við fengjum ekkert málverk að láni en það þurfti ekki annað en koma við í næsta gallerí á rúntinum

og þar var sjálfsagt mál að lána okkur málverk. Við máttum bara velja!

Það þarf ekki að orðlengja það að sýningunni var frábærlega vel tekið. Verkið féll eins og flís við rass að smekk Svianna og ég var beðin um að senda þeim þýðingu sem fyrst. Hjalti Rögnvaldsson hefur beðið um að fá að þýða verkið.

Ég, sem var svo hrædd um að svona textaverk yrði eitthvað misheppnað á svona hátíð, varð bara hálfheimin yfir mót-tökunum. Krakkarnir stóðu sig líka einstaklega vel, þetta var absolut besta sýningin fram að því. Gagnrýnandi sýningarinar, Örfjan (man ekki eftirnafnið) notaði þau á sviðinu til að sýna búta og segja fólkinu í salnum að svona ætti nú að gera þetta! Djísós við vorum svo stolt!

Aðrar sýningar voru af ansi misjöfnum gæðum, allt frá því að vera mjög sveita- og amatörlegar sýningar í mjög góðar sýningar. Til dæmis sáum við sagnasýningu sem sagði sögu Nóbels og fólks sem varð á leið hans í ferlinu við stofnun Nóbelsverðlaunanna. Sú sýning var alveg frábær. Þrjár ungar konur sýndu alveg sérdeilis fina sýningu á Öndvegiskonum eftir Werner Schwab. Svo var sýnd þarna barnasýning sem var alveg óskaplega fallega gerð á allan hátt. Þessar þrjár stóðu uppúr að mínu mati.

Sumir lentu í skemmtilegu næturpartýi í garðinum eftir lokakvöldshátíðina en þeir verða að segja frá því sjálfir.

Ferðin var sem sagt öll hin ánægjulegasta og við öll stolt af okkar framlagi.

